



Fornleifaskráning vegna aðalskipulags á Langholti, Skagafirði

Grófargil, Brautarholt, Stóra-Seyla, Torfgarður, Ytra-Skörðugil I og II,
Halldórsstaðir, Jaðar og Páfastaðir



Steinninn Grettir í landi Páfastaða II

Bryndís Zoëga
Guðný Zoëga
desember 2004

2004/38

Efnisyfirlit

Inngangur	1
Tilgangur fornleifaskráninga.....	2
Fornleifaskráning og aðferðir.....	3
Aðferð við skráningu	4
Jarðanúmer.....	4
Tegund, hlutverk og heiti.....	4
Lega.....	4
Staðhættir og lýsing	4
Hættumat.....	4
Heimildir	5
Heimildamenn.....	5
Saga jarðanna og fornleifar	5
Helstu minjaflokkar.....	5
Minjar í túni	5
Minjar í eða við tún.....	6
Minjar utan túns	7
Við sjó/vötn.....	8
Saga jarðanna og fornleifaskrá.....	9
Grófargil - 146035-89	9
Brautarholt (Litla-Seyla) - 181772-105-50.....	36
Stóra-Seyla - 146071-104	48
Torfgarður - 146072-106	73
Ytra-Skörðugil - 146045-108.....	82
Elivogar - 146024-82	92
Halldórsstaðir - 146037-109-22	113
Jaðar - 146049-114-22	127
Jaðar - 146049-114-22- 1.....	128
Páfastaðir - 145989-59	134
Samantekt	147
Minjar og vaðveislugildi	147
Fornleifar í landi Grófargils	147
Fornleifar í landi Brautarholts (Litlu-Seylu).....	148
Fornleifar í landi Stóru-Seylu	148
Fornleifar í landi Torfgarðs.....	148
Um fornminjar í landi Ytra-Skörðugils.....	149
Fornleifar í landi Elivoga	149
Fornleifar í landi Halldórsstaða	149
Fornleifar í landi Jaðars	149
Fornleifar í landi Páfastaða	150
Niðurlag	150
Minjar sem hafa sérstakt minjagildi eða eru áhugaverðar til kynningar:.....	152
Heimildaskrá	153

Fornleifakort jarðanna

Inngangur

Skýrsla þessi nær yfir skráðar fornleifar á níu jörðum á Langholti. Hún er unnin í tengslum við aðalskipulagsgerð í Skagafirði af fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga fyrir byggingafulltrúa Sveitarfélagsins Skagafjarðar, en nauðsynlegt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá skipulagsvinnu. Jarðir þær sem hér um ræðir eru: Brautarholt, Grófargil, Stóra-Seyla, Torfgarður, Ytra-Skörðugil I og II, Halldórsstaðir, Jaðar og Páfastaðir. Jarðirnar voru bæði skráðar eftir ritheimildum og á vettvangi og fór sú vinna fram haustið 2004.

Heimildavinna var í höndum Bryndísa Zoëga, Katrínar Gunnarsdóttur og Rúnu K. Tetzschner. Vettvangsvinna á Stóru-Seylu var að hluta til í höndum starfsmanna Hólarannsóknarinnar og að hluta til í höndum vísindamanna frá UCLA sem stundað hafa fjarkönnunarrannsóknir í Skagafirði. Önnur vettvangsvinna og gerð lokaskýrslu var í höndum Bryndísa Zoëga undir stjórn Guðnýjar Zoëga fornleifafræðings.

Sérstakar þakkir fá heimildamenn okkar þeir Haraldur Stefánsson Brautarholti, Sigurður Haraldsson Grófargili, Rósmundur Ingvarsson höfundur örnefnaskrár fyrir Torfgarð, Elín Sæmundardóttir Ytra-Skörðugili II, Erla Valgarðsdóttir Jaðri, Páll Jónsson fyrrum bóndi á Jaðri, Kolbrún Ingólfssdóttir Ytra-Skörðugili I, Bjarni Bragason og Linda Björnsdóttir Halldórsstöðum, Sigurður Baldursson og Edda Skagfield Páfastöðum.

Tilgangur fornleifaskráninga

Í Þjóðminjalögum nr. 107/2001 er kveðið á um að stuðla beri að verndun menningar-sögulegra minja í eigin umhverfi og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða, að auðvelda eigi aðgang að þeim, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

[...] hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
- haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið.

- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast fornleifar, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar [...].

Samkvæmt lögunum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein laganna segir að fornleifum megi enginn „spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema leyfi Fornleifaverndar ríkisins komi til“. Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins. Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram (sjá 14. gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum.

Það er augljós hagur þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Við það vinnst tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar, sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi, en reynist nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum.

Björgunaruppgröftur, sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum, er hvorki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar né framkvæmdaaðila og þess vegna sameinar fornleifaskráning hagsmuni beggja, fræðigreinarinnar og þeirra sem að framkvæmdum standa.

Fornleifaskráning og aðferðir

Áður en vettvangskonunn fór fram voru helstu heimildir kannaðar svo sem jarðabækur, örnefnaskrá, túnakort og fornrit til að leita að vísbendingum um fornleifar á svæðinu. Þessar upplýsingar eru allar skráðar í sameiginlegan gagnagrunn minjavörslunnar, Sarp.

Í fornleifaskrá Sarps eru fornleifarnar flokkaðar eftir jörðum og miðað bæði við opinbera fasteignaskrá og jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847.¹

Með jörðinni fylgir skrá með umfjöllun um hvern minjastað og ljósmyndum eða teikningum eftir því sem við á. Minjar eru færðar inn á skipulagskort frá Verkfræðistofu Austurlands.

¹ J. Johnsen. Jarðatal á Íslandi.

Aðferð við skráningu

Í inngangi með skránum er sögulegt yfirlit þar sem gerð er grein fyrir takmörkum jarðanna, breytingum, atburðum og öðrum þáttum sem geta varpað ljósi á sögu byggðar og búskapar á staðnum.

Að öðru leyti er skráin byggð upp með þeim hætti sem að neðan greinir.

Jarðanúmer

Jarðirnar eru auðkenndar með heiti jarðarinnar og tveimur númerum; í fyrsta lagi landsnúmeri sem Fasteignamat ríkisins hefur úthlutað, t.d. Grófargil - 146035-89 - 146035, og í öðru lagi númeri jarðarinnar samkvæmt Jarðatali Johnsens (1847), 89 í nefndu tilviki. Þar að auki er fornleifunum gefið raðnúmer innan hverrar jarðar; bæjarstæði Háls væri nr. 1 og þar af leiðandi auðkennt með eftirfarandi hætti: Grófargil - 146035-89 - 146035-89-1. Sé jörð með landnúmer en ekki númer í Jarðatali Johnsens flokkast allar fornleifar á jörðinni undir landsnúmer jarðarinnar og númer þeirrar jarðar er fornleifarnar tilheyrðu við ritun jarðatalsins.

Tegund, hlutverk og heiti

Í fáum orðum er tegund og hlutverki minja lýst, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihúsa, höfn, byrgi, túngarð og þar fram eftir götunum.

Stundum sér fornra minja ekki stað í landslaginu, þótt þeirra sé getið í heimildum, og kunna margar ástæður að vera fyrir því. Kemur þá fram í fornleifaskránni að „heimild” sé til um t.a.m. útihús. Er leitast við að hafa fornleifaskrána eins nákvæma og kostur er, því að leifar fornminja kunna að leynast í jörðu þótt ekki sé unnt að sjá þær með berum augum á yfirborðinu.

Hafi fornminjarnar sérnafn, t.d. Melagerði eða Sandgerði, er það sérstaklega skráð, en þegar engu slíku er til að dreifa kemur fyrir að hlutverki þeirra sé lýst þar sem heitið stæði annars, t.d. fjós eða hlaða.

Lega

Nákvæm staðsetning minjanna er skráð. Tekin voru GPS hnit á vettvangi og þau færð í skrána. Hnitin eru tekin í landshnitakerfinu ÍSN93. Staðsetning minjanna er einnig færð inn á meðfylgjandi loftmynd frá Landmælingum Íslands.

Staðhættir og lýsing

Í kafla um staðhætti og lýsingu er greint frá afstöðu skráðra minja í landslaginu, þeim lýst, bæði formi, umfangi og ástandi, og aðrar athugasemdir gerðar þegar þörf krefur, t.d. vitnað í heimildir.

Hættumat

Leitast er við að leggja mat á þá hættu sem að fornleifunum kann að steðja, bæði af völdum náttúru og manna. Þetta er gert til þess að unnt sé að grípa til viðeigandi

ráðstafana liggi minjar undir skemmdum eða geti orðið fyrir raski. Hætta vegna ábúðar þýðir að framkvæmdir eða álag kunni að raska fornminjum. Hætta vegna veðrunar þýðir að fornleifar séu smám saman að mást í burtu fyrir áhrif lofts eða vatns. Hætta vegna landbrots þýðir að fornleifar geti glatast af völdum vatns eða uppblásturs.

Ekki er lagt mat á hættuna þegar einungis er til heimild um fornleifar en þær ekki fundist við vettvangsskráninguna. Við skipulag framkvæmda er engu að síður nauðsynlegt að taka tillit til þessara heimilda, því að fornleifar geta, sem fyrr segir, leynst undir sverðinum.

Heimildir

Vísað er í helstu ritheimildir um sérhverja hinna skráðu fornleifa. Hér eru einnig skráðar þær heimildir sem stuðst er við í fyrri kafla um staðhætti og lýsingu, en ekki neðanmáls eins og þó er gert í öðrum texta þessarar skýrslu. Ræðst það af því að fornleifaskráningin á helst að geta staðið ein og óstudd af öðru efni skýrslunnar.

Heimildamenn

Heimildamenn við skráningu á Langholti voru: Haraldur Stefánsson Brautarholti, Sigurður Haraldsson Grófargili, Rósmundur Ingvarsson höfundur örnefnaskrár fyrir Torfgarð, Elín Sæmundardóttir Ytra-Skörðugili II, Erla Valgarðsdóttir Jaðri, Páll Jónsson fyrrum ábúandi á Jaðri, Kolbrún Ingólfsdóttir Ytra-Skörðugili I, Bjarni Bragason Halldórsstöðum, Sigurður Baldursson og Edda Skagfield Páfastöðum.

Saga jarðanna og fornleifar

Í kaflanum um sögu jarðanna og fornleifar er stiklað á stóru um sögu hvernar jarðar. Þar er auk þess að finna hina eiginlegu fornleifaskrá.

Helstu minjaflokkar

Búsetuminjum má gróft séð skipta í tvo flokka, minjar í túni og minjar utan túna. Þær minjar er mesta sögu geyma eru bæjarstæði/hólar og umhverfi þeirra. Stærsti minjaflokkurinn saman stendur hinsvegar af útihúsum hverskonar. Innan túns má nefna fjós, fjárhús, hrútakofa, hesthús, lambhús, smiðjur, ýmsa kofa, kvíar, hlöður og skemmur. Utan túns má nefna sel, beitarhús, stekki, heytóftir, réttir, nátthaga, smalakofa o.fl. Aldur útihúsa er sjaldnast þekktur en oft voru þau byggð öldum saman á sama stað. Því kunna leifar eldri mannvirkja að leynast undir tóftum þeirra yngri. Lega og útlit minja gefur oft til kynna hverskyns minjar þar er um að ræða þótt engar heimildir séu til um notkun þeirra. Þó er ekki alltaf hægt að ákvarða nánar hver notkun húss kann að hafa verið.

Minjar í túni

Bæjarstæði

Útlit og lega bæjarstæða helgast af því hvort um er að ræða viðvarandi eða styttri byggð. Oft varðveitast vel afbýli eða skemmri tíma bústaðir s.s. sel þar sem þau eru gjarnan þannig staðsett að seinni tíma framkvæmdir hafa ekki raskað við þeim. Slík

bæjarstæði/bústaðir geta gefið miklar fornleifafræðilegar upplýsingar. Bæjarhólar verða til við sífelldar endurbyggingar húsa á sama stað. Þeir varðveita mikla sögu um húsakost og lifnaðarhætti, og þar eru mestar líkur á að verðmætir gripir finnist. Oft voru bæjarstæði nokkurskonar þorp bygginga þar sem útihús hverskonar voru áföst eða fast við bæjarhúsin.

Kirkjur voru oftast gegnt bæjarhúsum eða mjög nærri bæjarstæðum.

Á **alkirkjum**, höfuðkirkjum (beneficium) var messað hvern helgan dag og þar mátti jarða.

Á **hálfkirkjum**, svokölluðum útkirkjum (annexíum), var messað helmingi sjaldnar en á alkirkjunum eða annan hvern helgan dag. Þar mátti jarða. Djákni aðstoðaði prest ef margar slíkar kirkjur heyrðu undir alkirkju. Djáknar máttu messa en ekki vígja eða jarða.

Á **fjórðungs-** og **þriðjungskirkjum** var messað sjaldnar, ýmist þriðja hvern eða fjórða hvern helgan dag. Þær höfðu ekki allar graftedleyfi.

Bænhús voru einskonar heimiliskapellur. Í þeim mátti messa en biskupsleyfi þurfti til að gifta, skíra eða veita sakramentið. Þar mátti ekki grafa lík.

Grafreitir voru oftast afmarkaðir af garðhleðslu. Þeir voru við eða nærri bæjarstæðinu, umhverfis kirkjur og hálfkirkjur. Elstu kirkjugarðar voru hringlaga en urðu seinna ferhyrindir. Ætla má að greftrun hafi farið fram við sóknarkirkjur en fjöldi grafa sem fundist hafa við jarðrask á jörðum þar sem engar heimildir eru til um kirkjur eða bænhús bendir til að víðar hafi verið jarðað en ætlað hefur verið.

Minjar í eða við tún

Minjar innan túns eru oft horfnar vegna jarðabóta eða annarra framkvæmda. Dæmi um slíkar minjar eru:

Fjós: Fjóstóftir eru oft á bæjarstæðinu sjálfu eða nærri því.

Fjárhús: Fjárhústóftir eru margvíslegar og stærð þeirra og fjöldi króa geta verið mismunandi. Oft má greina garða eftir miðri tóft eða stalla undan jötum upp við vegg. Oft eru hlöður eða heytóftir áfatar við fjárhústóftir.

Hrútakofar: Smærri kofar oft yst í túni.

Lambhús: Yfirleitt smáar tóftir, einnar króar hús.

Hesthús: Oft smærri hús yst í túni eða við túngarð.

Smiðjur: Smiðjur voru yfirleitt nálægt bæjarstæðinu sjálfu en einnig eru dæmi þess að þær hafi staðið í túni dálítið frá bænum, vegna eldhættu. Oftast frekar smáar tóftir.

Kofar: Yfirleitt fremur smáar tóftir. Kofarnir voru af ýmsu tagi s.s. hænsnakofar, eldiviðarkofar.

Brunnar: Brunnar eða vatnsból voru mikilvæg enda greiður aðgangur að vatni oftast grunnforsenda þess hvar bæjum var valinn staður. Oft eru brunnar grjóthlaðnir, gjarnan hringlaga en stundum fehyrindir. Ef byggt var svokallað brunnhús yfir brunnninn eða við hann líkjast tóftirnar öðrum kofatóftum. Einnig var algengt að hafa innangengt eftir rangala frá bæ til brunns.

Myllur: Kornmyllur, svokallaðar vatnsmyllur, knúðar vatni voru við marga bæi. Þær voru víðast hvar aflagðar um síðustu aldamót. Stundum er í heimildum getið um myllusteina sem varðveist hafa eftir að myllurnar sjálfar hrundu, og mylluörnefni eru á flestum bæjum. Tóftirnar liggja við ár eða læk. Þær eru litlar, grjót- og torfhlaðnar og dyr eða op á tóftinni þangað sem vatnið var leitt inn og út. Oft eru grafnar rennur úr læk ofan við að tóftinni og vatnsmagninu þannig verið stýrt. Á stöku stað voru vindmyllur og sér lítið eftir af þeim en heimildir um staðsetningu þeirra eru mikilvægar.

Kvíar og stekkir: Kvíar voru oftast í túni eða rétt utan þess. Þangað var ánum smalað til mjalta. Kvíum svipar mjög til stekkja en þær voru einn dilkur,. Kvíar voru yfirleitt hlaðnar upp þar til síðustu áratugi fráfernaskiðs að farið var að nota færirkvíar úr timbri og yfirleitt staðsettar á kvíabóli.

Minjar utan túns

Sá flokkur minja sem jafnan hefur varðveist best eru hverskyns minjar utan túns. Þær liggja gjarnan á stöðum þar sem nútíma jarðrækt hefur aldrei verið beitt.

Kuml/haugur/dys/kumlateigur: Kuml/haugar eru grafstæði úr heiðni. Þau geta verið einstök eða nokkur saman og mynda þá svokallaðan kumlateig. Stundum eru slíkar grafir upphlaðnar og því greinilegar í landi en oft eru þau þó ósýnileg á yfirborði. Stundum er einföld grjóthleðsla umhverfis eða yfir gröfinni. Kuml og kumlateigar eru oft rétt utan túns í um 2-300 m fjarlægð frá bæ. Þau geta þó legið nokkuð utan túns og oft virðast þau liggja á eða við landamerki jarða eða við alfara- eða þjóðleiðir. Stundum eru hólmyndanir í landi, mannngerðar og ómannngerðar, álitnar kuml, stundum grafstæði nafngreindra landnáms- eða fornmannna. Sögur, hjátrú eða helgi fylgja oft slíkum fornmannahaugum eða dysjum. Viðskeytin kuml og dys má stundum finna í örnefnum.

Réttir: Réttir, aðhald eða annað gripheldi er gjarnan að finna fjær bæjum, oft mitt á milli bæja. Smærri réttir voru til heimabruks en lögréttir eða skilaréttir nefndust þær réttir þar sem smalað var saman af stærra svæði, sveitum (heimfjöllum) eða afréttum. Þær voru yfirleitt grjót- og torfhlaðnar, gjarnan upp við klettaveggi eða við náttúrulegt aðhaldi einhverskonar. Réttir sem voru notaðar á einstöku bæjum voru smáar og einfaldrar gerðar en lögréttir stærri og oft margskipt upp í dilka.

Stekkir: Eru smaréttir með einum dilk eða kró, svokallaða lambakró og voru notaðir fyrstu dagana við fráferur. Lömb voru færð frá ánum að kvöldi og byrgð inni í krónni til að hægt væri að mjólka ærnar til heimilisins morguninn eftir. Stekkirnir eru gjarnan nokkurn spöl frá bæjum, svokallaðan stekkjarveg. Þeir eru oftast hlaðnir úr torfi og grjóti. Þeir eru gjarnan hlaðnir upp við stóra náttúrusteina eða klettaveggi.

Nátthagar: Nátthagar eru frá tíma fráferna. Mylkum ám var haldið innan nátthagans á næturnar en sleppt út fyrir á daginn. Lömb voru á sama tíma hýst í lambakrónni yfir nóttina, en sleppt til ána á daginn. Nátthagarnir voru notaðir bæði á stekktíma og á fyrstu vikum með kvíunum og eru því oftast en ekki í næsta nágrenni við bæi.

Sel: Sel eru venjulega nokkurn veg frá bæjum, oftast við ár eða læki. Þangað var búsmali rekinn á sumrum og þar hafði fólk sumardvöl við að vinna mjólkurmat til vetrarins. Sel voru í notkun allt frá landnámstíð og fram undir 17-18. öld. Seltóftir eru jafnan leifar þriggja eða fleiri tófta, oft samfastar. Stundum voru þar líka réttir eða gripheldi. Oft byggðust upp býli af þessum seljum og einnig beitarhús. Býli þessi tóku þá gjarnan nafn með viðskeytinu -sel. Erfitt getur verið að greina milli tófta selbúskapar eða smábýla þar sem búseta var í e.t.v. í skemmri tíma. Þó má oft greina smábýlin á túngarðinum sem hefur verið hlaðinn umhverfis bæjarhúsin.

Stöðull: Kýr voru mjólkaðar á stöðli. Þurru stað ekki langt frá bæ. Þar eru sjaldan nokkur kennileiti önnur en örnefnið.

Beitarhús: Beitarhús voru byggð utan túns þar sem haglendi var gott og getur verið langt í þau að ganga. Oft voru þau byggð upp á gömlum selstæðum, allt upp í nokkurra kílómetra fjarlægð frá bæ. Þar var fé beitt yfir vetrartímann til að hlífa túnnum og heimahögum. Beitarhúsatóftir samanstanda af myndarlegri fjárhústóft eða tóftum, og oftast en ekki er hlaða áföst fjárhúsunum.

Smalakofar: Fé var smalað í haga að morgni og heim til mjalta að kveldi. Smalar sátu yfir fénu á daginn og voru það oft börn eða unglingar sem gegndu því starfi. Algengt var að smalar hlæðu sér smákofa eða afdrep fyrir veðri og vindum meðan setið var yfir. Tóftir smalakofa eru oft mjög litlar og standa í brekkum eða á hólum þar sem víðsýnt var.

Heytóftir: Þar sem hey var slegið á engjum eða mýrum voru hlaðnar upp tóftir, svokallaðar heytóftir eða heykuml. Þar var heyinu safnað saman og það byrgt til geymslu fram á veturinn er fóðra þurfti búsmala. Slíkar tóftir eru oftast ferkantaðar og engar dyr á þeim. Að vanda standa tóftirnar nokkru hærra en umhverfið til að halda heyinu þurru og til að varna því að búsmali kæmist að því. Ekki voru veggir eða þak á slíkum tóftum og hleðslur því óverulegar.

Fjárborgir: Fjárborgir voru hringlaga úr grjóti, nokkurskonar réttir eða afdrep fyrir búfé.

Garðlög: Margskonar garðlög er að finna umhverfis tún og utan þeirra. Bæjarstæði voru oftast afmörkuð með hlöðnum túngarði þá oftast úr grjóti og torfi. Garðar voru og stundum umhverfis beitarhús eða smábýli. Vallargarðar eru garðar utan túns. Oft er erfitt að geta sér til um not þessara garða en líklega hafa þeir þjónað þeim tilgangi að aðgreina land í nytjæiningar. Garðar voru einnig hlaðnir á mörkum landeigna, svokallaðir landamerkjagarðar.

Heyvinnsla: Stundum má sjá minjar um fyrstu tilraunir til túnsléttu og kallast það beðasléttur. Frá aldamótum og fram um 1930 var unnið að túnasléttun og framræslu á flestum bæjum. Tímabilið er í þessu sambandi oft nefnt þaksléttutími. Fyrsta áratuginn voru notuð handverkfæri. Sléttað var í aflöngum spildum eða beðum sem síðan settu svip á túnið. Sléttaðar voru tóttir næst bæjum og jafnað úr gömlum peningshúsum sem staðið höfðu dreifð innan túns.

Við sjó/vötn

Menjar um sjósókn varðveitast oft illa vegna nálægðar sinnar við hafið. Margar þeirra hafa og horfið við framkvæmdir vegna þéttbýlismyndunar og hafnargerðar. Verstöðvar eða útgerðastaðir voru oft notaðir frá mörgum bæjum/byggðarlögum og því kunna þar að finnast nokkuð fjölbreyttar minjar.

Sjóhús/verbúðir: Sjóhús og verbúðir voru íverustaðir sjómanna á meðan á vertíð stóð. Stundum voru þessi hús á tveimur hæðum. Geymsla undir veiðarfæri og annan búnað á neðri hæðinni en svefnstaður manna á þeirri efri. Grunnur húsanna var grjóthlaðinn en efri hæðin úr timbri. Einnig voru verbúðir oft einföld grjót- og torfhlaðin hús.

Fiskbyrgi: Oftast grjóthlaðnar einfaldar byggingar, ferhyrndar eða hringlaga, þar sem fiskur var geymdur.

Hjallar: Oft finnast hleðslur undan hjöllum, fiskhjöllum og geymslum. Slíkar hleðslur eru oft ferköntuðu upphleðsla sem myndar sléttan flöt eða grunn. Einnig er oft einföld grjótröð sem markar af grunninn.

Naust/hróf: Tóftir í eða við fjöruborð þar sem bátar voru dregnir upp og geymdir. Naust geta verið á ýmsa vegu, allt frá tóftum sem reft hefur verið yfir til einfaldra vegghleðsla sem bátar hafa verið lagðir á milli. Oft eru naust líka bátslaga og hefur bátum þá verið smeygt inn í naustið.

Uppsátur: Þar settu menn upp báta. Uppsátur eru oft samsíða grjóthleðslur sem liggja í sjó fram. Upphlaðnir sjógarðar eða bryggjur eru voru líka til en eru sjaldgæfari.

Fiskgarðar: Upphlaðnir garðar til að þurrka fisk á voru á stöku útgerðarstað.

Saga jarðanna og fornleifaskrá

Grófargil - 146035-89

Fjöldi minja: 44

Saga

Grófargil eða Grafargil var upphaflega hluti af landi Seylu en varð líklega sjálfstæð jörð á 15. öld. Jarðarinnar er fyrst getið í bréfi frá 1509 þegar Gottskálk Nikulásson biskup lét Seylu með Grafargili ásamt fleiri jörðum í heimanmund dóttur sinnar. Jarðirnar fylgdust að þar til Grófargil var selt Birni Benediktssyni sýslumanni á Munkaþverá um 1610 (DI VII, 282; HP, 316-17). Eitt eða tvö fornþýli eru í landi Grófargils. Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín er sagt frá eyðibýlinu Melagerði; „Melagerde heitir hjer i landinu umgirt. Þar hefur stekkur frá heima-jörðunni verið lángrandi. Ekki byggt í nokkra minni. Líkast verið hafi þrælsgerði“ (JÁM, 90). Í *Sýslu- og sóknarlýsingum* frá 1843 er Melagerðis getið sem eyðibýlis. Þar er þess getið að hugsanlega hafi það ásamt fleirum farið í eyði eftir Svartadauða 1402 (SS, 65). Í Örnefnaskrá er haft eftir Birnu Jónsdóttur að fornt þýli hafi verið syðst í Neðraengi, kallað Sandgerði. Þar segir að enn sjái fyrir túngarði og bæjartóftum (Ö, 6). Engar aðrar heimildir geta býlis á þessum stað. Í Byggðasögu Skagafjarðar er nefnt að einungis ein tóft sé þar greinileg og telur höfundur að hugsanlega hafi verið þar stekkur einhvern tímann. Enginn túngarður er sýnilegur en bent er á að tóftir gætu hafa horfið undir vegaslóða sem er ofan við tóftina (HP, 319)



Horft yfir Grófargil úr suðaustri.

Ljósmynd: BZ

Náttúrufar og jarðabætur

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín er jörðin talin 20 hundruð að dýrleika. Hún er einnig talið 20 hundruð að dýrleika í Jarðatali Johnsen frá 1847 (JJ, 258; JÁM, 89). Meðfram Húseyjarkvísl eru flatir og þurrir bakkar, þar er nokkurt tún. Þar vestan af rís ás frá Reykjarhól og norður í land Brautarholts. Á honum stendur Grófargilsrétt. Vestan ássins voru mýrar en þar eru nú tún. Norður undir Reykjarhóli eru tún en svo mýrar og melur vestur að ánni. Vestan ár tekur við gamla túnið og upp af því eru lítt grónir melhólar. Upp af þeim taka við mýrarsund upp í Langholtsásinn. Á ásum eru holt og melar ríkjandi. Þegar nær dregur Sæmundará skiptast á melar og mýrarflákar en grýttir hólar eru niður við ána. Grófargil nefnist djúpt gil sem sker sundur túnið í því rennur Grófargilslækur í Grófargilsá sem áður hét Víðimýrará. Túnið norðan lækjar kallaðist Gerði og stendur íbúðarhúsið neðst í því. Túngarður var utan um túnið og sjást enn merki hans. Aðalengi jarðarinnar var efraengi þar sem þjóðvegurinn liggur nú. Þar austan við var Neðraengi sem nær niður að Húseyjarkvísl. Hlunnindi af jörðinni eru lax- og silungsveiði bæði í Húseyjarkvísl og Sæmundará. (HP, 316-7). Í

Jarðabók Árna og Páls er þess getið að torfrista og stunga séu sæmileg og mósukurður hafi verið þar til forna (JÁM, 90).

Landamerki

„Grófargil á land að Reykjarhóli og Ípishóli að sunnan, Fjalli að vestan, Brautarholti að norðan, Krossanesi að austan og ræður Húseyjarkvísl merkjum. Samgöngur eru um Sauðárkróksbraut“ (HP, 316).

Heimildaskrá

Hjalti Pálsson. *Byggðasaga Skagafjarðar, II. Bindi*. Akureyri, 2001.


Íslenzkt fornbréfasafn VII, 1170-1505. Reykjavík 1903-1907.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (9. bindi). Hið Íslenska Fræðafjelag í Kaupmannahöfn, 1930.

J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi*. Kmh. 1847.

Sýslu og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873 II Skagafjarðarsýsla. Akureyri 1954.

Örnefnaskrá fyrir Grófargil, Kristján Eiríksson skráði (Heimildamaður Birna Jónsdóttir). Örnefnastofnun Íslands.



Grófargil - 146035-89 - 1

Sérheiti: Grófargil

Hlutverk: Bústaður


Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 477950

N: 562858

Lengd: 10

Ástand: Gott



Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Staðhættir

Samkvæmt Túnakorti voru bæjarhúsin rétt suðvestan miðju heimatúnsins. Í Örnefnaskrá stendur: „Skammt upp af Grófargilsá er dálítill hávaði nefndur Bæjarhóll. Sunnan til á honum stóð gamli bærinn“ (Ö, 2). „Túnið utan lækjarins heitir Gerði og er íbúðarhúsið neðst á Gerðinu en gamli torfbærinn var sunnan lækjarins sunnan til á Bæjarhól. Þar var síðast timburframhús með kvisti, ...“ (HP, 317).

Nánari lýsing

Suðvestur af mótum Grófargilslækjar og Grófargilsár er bæjarhólinn gamli. Syðst á hólnum, þar sem hann er hæstur eru tóftir gamla bæjarins.

Lýsing

Bæjartóftin er vel greinileg, hún er gróin en þó sér í vegghleðslur. Tóftin snýr austur/vestur. Utanmál hennar er 10x16 metrar, mesta breidd veggja eru 2 metrar og þeir eru hæstir um 1 metri. Töluvert hefur hrunið úr veggjum nema á norðurhlið

tóftarinnar. Í suðausturhorni tóftar er herbergi afmarkað með grjótveggjum, þar framan við er veggur sem afmarkar svolítið svæði.

Heimildaskrá

Guðmundur Sveinsson. Túnakort fyrir Grófargil í Seyluhreppi. 23. Apríl 1917.

Örnefnaskrá fyrir Grófargil, Kristján Eiríksson skráði (Heimildamaður Birna Jónsdóttir). Örnefnastofnun Íslands.

Hjalti Pálsson. *Byggðasaga Skagafjarðar II. Bindi*. Akureyri 2001.

Grófargil - 146035-89 - 2

Hlutverk: Fjós

Tegund: Heimild 465

Staðsetning: A: 477950

N: 562858

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Horfin: Já

Staðhættir

Samkvæmt Túnakorti var fjós rétt norðan við bæjarhúsin. Í Örnefnaskrá stendur: „Skammt upp af Grófargilsá er dálítill hávaði nefndur Bæjarhóll. Sunnan til á honum stóð gamli bærinn – áfast honum að norðan var fjós” (Ö, 2). „Túnið utan lækjarins heitir Gerði og er íbúðarhúsið neðst á Gerðinu en gamli torfbærinn var sunnan lækjarins sunnan til á Bæjarhól. Þar var síðast timburframhús með kvisti, fjósið norðan við bæinn, ...“ (HP, 317).

Nánari lýsing

Engin fjóstóft er sjáanleg en norðan við bæinn er 4x4 metra breytt svæði þar sem land er töluvert lægra en í kring. Þar gæti fjósið hugsanlega hafa verið.

Heimildaskrá

Guðmundur Sveinsson. Túnakort fyrir Grófargil í Seyluhreppi. 23. Apríl 1917.

Örnefnaskrá fyrir Grófargil, Kristján Eiríksson skráði (Heimildamaður Birna Jónsdóttir). Örnefnastofnun Íslands.

Hjalti Pálsson. *Byggðasaga Skagafjarðar II. Bindi*. Akureyri 2001.

Grófargil - 146035-89 - 3

Hlutverk: Brunnur

Tegund: Heimild 465

Staðsetning: A: 477976

N: 562889

Ástand: Ómetið

Horfin: Já

Heimildamaður: Sigurður Haraldsson (04120049)

Staðhættir

Í Örnefnaskrá stendur: „Sunnan til á honum stóð gamli bærinn – áfast honum að norðan var fjós. Skammt sunnan hans var brunnur“ (Ö, 2). „Brunnur var í túninu norðan við bæinn ...“ (HP, 318).

Lýsing

Brunnur fannst ekki við leit og þekkti Sigurður Haraldsson bóndi á Grófargili ekki til staðsetningar hans.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Grófargil, Kristján Eiríksson skráði (Heimildamaður Birna Jónsdóttir). Örnefnastofnun Íslands.

Hjalti Pálsson. *Byggðasaga Skagafjarðar II. Bindi*. Akureyri 2001.

Grófargil - 146035-89 - 4

Hlutverk: Leið

Tegund: Heimild 465

Staðsetning: A: 477976 N: 562889

Ástand: Ómetið

Horfin: Já

Staðhættir

Samkvæmt Túnakorti lá heimreiðin frá bæjarhúsum og ínorðnorðaustur út túnið. Í Örnefnaskrá stendur: „Neðan við Fjósþúfurnar, efst í bæjarhólnum, voru götur heim að bænum. Þær lágu svo út yfir Grófargilslækinn og niður á þjóðveginn á svo nefndu Horni við Grófargilsá, utan og neðan við gerðið“ (Ö, 3).

Lýsing

Ekkert sást til heimreiðar en punktur var tekinn með hliðsjón af túnakorti norðaustur af gamla bænum, þar sem nú er bíslóði.

Heimildaskrá

Guðmundur Sveinsson. Túnakort fyrir Grófargil í Seyluhreppi. 23. Apríl 1917.

Örnefnaskrá fyrir Grófargil, Kristján Eiríksson skráði (Heimildamaður Birna Jónsdóttir). Örnefnastofnun Íslands.

Hjalti Pálsson. *Byggðasaga Skagafjarðar II. Bindi*. Akureyri 2001.

Grófargil - 146035-89 - 5

Hlutverk: Hesthús

Tegund: Heimild

Staðsetning: A: 477951 N: 563013

Ástand: Ómetið

Heimildamaður: Sigurður Haraldsson (04120049)

Horfin: Já

Staðhættir

Samkvæmt Túnakorti var hesthús vestan heimreiðar í norðurtúni. Í Örnefnaskrá stendur: „Hesthús stóðu áður upp af þar sem íbúðarhúsið er nú. Nú standa fjárhús úr torfi og grjóti á þeim stað, rétt neðan við steypu gripahúsin“ (Ö, 1-2).

Nánari lýsing

Punktur var tekinn um 50 metra ofan gamla íbúðarhússins á Grófargili og um 20 metra frá núverandi fjósi og hlöðu eftir ábendingum frá Sigurði Haraldssyni bónda á Grófargili en þar segir hann að staðið hafi útihús. Þar er nú búið að slétta en þó mótur fyrir einum vegg, um 5 metra langri grjóthleðslu. Þar er örlítið hærra en í landslaginu í kring.

Heimildaskrá

Guðmundur Sveinsson. Túnakort fyrir Grófargil í Seyluhreppi. 23. Apríl 1917.

Örnefnaskrá fyrir Grófargil, Kristján Eiríksson skráði (Heimildamaður Birna Jónsdóttir). Örnefnastofnun Íslands.

Hjalti Pálsson. *Byggðasaga Skagafjarðar II. Bindi*. Akureyri 2001.

Grófargil - 146035-89 - 6

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Hleðsla

Staðsetning: A: 477964 N: 563013

Lengd: 4 m

Ástand: Ómetið

Horfin: Já

Heimildamaður: Sigurður Haraldsson (04120049)

Staðhættir

Samkvæmt Túnakorti var fjárhús austan vegar í norðurtúni. Í Örnefnaskrá stendur: „Skammt sunnan og austan hesthússins stóðu gömul fjárhús, nú jöfnuð við jörðu“ (Ö, 2). „Túnið utan lækjarins heitir Gerði og er íbúðarhúsið neðst á Gerðinu en gamli torfbærinn var sunnan lækjarins sunnan til á Bæjarhól. Þar var síðast timburframhús með kvisti, fjósið norðan við bæinn, en aðalfjárhúsin á Gerðinu norðan við lækinn“ (HP, 317).

Nánari lýsing

Punktur var tekinn um 40 metra vestur af syðra húsi á Grófargili og 10 metra austur af núverandi fjósi og hlöðu, samkvæmt ábendingu frá Sigurði Haraldssyni bónda á Grófargili. Búið er að slétta þarna en á yfirborði má greina um 4 metra langa steinhleðslu sem gæti verið veggur tóftar. Svipaða hleðslu má sjá um 10 metrum norðar. Gps punktur var tekinn á síðarnefndri vegghleðslu:

A: 477951 N: 563012

Heimildaskrá

Guðmundur Sveinsson. Túnakort fyrir Grófargil í Seyluhreppi. 23. Apríl 1917.

Örnefnaskrá fyrir Grófargil, Kristján Eiríksson skráði (Heimildamaður Birna Jónsdóttir). Örnefnastofnun Íslands.

Hjalti Pálsson. *Byggðasaga Skagafjarðar II. Bindi*. Akureyri 2001.

Grófargil - 146035-89 - 7

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 477887

N: 562951

Lengd: 7 m

Breidd: 6 m

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Staðhættir


Í Örnefnaskrá stendur: „Upp af hesthúsinu, ofarlega á Gerðinu, voru gamlar húsarústir. Eiríkur Sigmundsson, sem eitt sinn var bóndi á Grófargili byggði nautakofa á þeim rústum. Kynbótanaut hreppsins var á tímabili haft í þessum kofa. Nú hanga uppi torfhús á þessum stað“ (Ö, 2).

Lýsing

Um 15 metra vestur af núverandi fjárhúsi og hlöðu stendur annað minna útihús úr timbri og bárujárni 4x7 metrar að utanmáli. Vestan þess er tóft 7x6 metrar að utanmáli. Hún er mjög stæðileg og vel gróin. Hún er alveg opin til norðurs og þegar skráning fór fram var í henni timbur og fleira. Hæð veggja er um 1 metri, hún liggur norður/suður.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Grófargil, Kristján Eiríksson skráði (Heimildamaður Birna Jónsdóttir). Örnefnastofnun Íslands.



Tóftir og túngarður í túni á Grófargili

Grófargil - 146035-89 - 8

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 477873

N: 562920

Lengd: 32 m

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Staðhættir

Samkvæmt Túnakorti var túngarður kringum túnið. Í Örnefnaskrá stendur: „Nú hanga uppi torfhús á þessum stað. Túngarðurinn lá ofan við þessi hús og sér enn fyrir honum. Nú hefur verið ræktað ofan hans nokkur spilda“ (Ö, 2). „Gamall túngarður lá ofan við fjárhúsin og sér hans enn merki en fyrrum var aðaltúnið kringum bæinn sunnan Grófargilslækjar“ (HP, 317-318).

Nánari lýsing

Um 55 metra vestsuðvestur af núverandi fjárhúsi og hlöðu eru leifar túngarðsins.

Lýsing

Túngarðurinn er um 32 metrar að lengd og liggur norður/suður. Hann liggur frá girðingu að norður gilbrún Grófargils og nær aðeins niður brekkuna í átt að læknum. Garðurinn er vel stæðilegur og algróinn. Hann er um 2 metrar á breidd. Um 10 metrum frá gilbrúnni er 0,5 metra breitt skarð í garðinn.

Heimildaskrá

Guðmundur Sveinsson. Túnakort fyrir Grófargil í Seyluhreppi. 23. Apríl 1917.

Örnefnaskrá fyrir Grófargil, Kristján Eiríksson skráði (Heimildamaður Birna Jónsdóttir). Örnefnastofnun Íslands.

Hjalti Pálsson. *Byggðasaga Skagafjarðar II. Bindi*. Akureyri 2001.

Grófargil - 146035-89 - 9

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Heimild 465

Ástand: Ómetið

Horfin: Já

Staðhættir

Samkvæmt Túnakorti var fjárhús rétt utan túngarðs við suðvesturhorn túnsins.

Nánari lýsing

Fjárhús fannst ekki við vettvangsathugun 2004.

Heimildaskrá

Guðmundur Sveinsson. Túnakort fyrir Grófargil í Seyluhreppi. 23. Apríl 1917.

Grófargil - 146035-89 - 10

Hlutverk: Mógröf

Tegund: Heimild 465

Staðsetning: A: 477948 N: 562579

Ástand: Sæmilegt

Staðhættir

Í Örnefnaskrá stendur: „Holt og móar eru upp af túninu. Mjótt fífusund ofarlega í þessum holtum heitir Mósund. Í því eru gamlar mógrafir“ (Ö, 3).

Nánari lýsing

Mósundið er þýft og rofið inn á milli og þarna voru nokkur svæði sem til greina komu en ekkert afgerandi. Punktur var tekinn á rofsvæði um 150 metra suðvestur af gamla bænum.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Grófargil, Kristján Eiríksson skráði (Heimildamaður Birna Jónsdóttir). Örnefnastofnun Íslands.

Grófargil - 146035-89 - 11

Sérheiti: Litlavarða
Hlutverk: Varða
Tegund: Varða
Staðsetning: A: 477858
N: 562518
Ástand: Sæmilegt
Hættumat: Lítil hætta

Staðhættir

Í Örnefnaskrá stendur: „Á holti við suðurenda mósunds er lítil varða nefnd

Litlavarða“ (Ö, 3).

Nánari lýsing

Punktur var tekinn fremst á holti suðvestan við svonefnt Mósund. Varðan er hruninn en hrúga af grjóti er þar enn.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Grófargil, Kristján Eiríksson skráði (Heimildamaður Birna Jónsdóttir). Örnefnastofnun Íslands.



Litlavarða, Grófargil í baksýn

Ljósmynd: BZ

Grófargil - 146035-89 - 12



Stóravarða

Ljósmynd: BZ

Sérheiti: Stóravarða/

Byrgishóll

Hlutverk: Varða

Tegund: Varða

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Lítil hætta

Heimildamaður:

Sigurður Haraldsson (04120049)

Staðhættir

Í Örnefnaskrá stendur: „Upp af Litluvörðu, syðst á Rana er Stóravarða“ (Ö,3).

Nánari lýsing

Í suðvestur frá bæjarhól um 2 metra norður af landamerkjagirðingu og 150 metra austan Grófargilslækjar, er smáhóll um 5x5 metrar að utanmáli. Efst á honum eru leifar vörðu. Sigurður Haraldsson telur hugsanlegt að þarna sé um Byrgishól að ræða og gæti þetta því verið tóftir byrgis (Byrgishóll er einnig nefndur í örnefnaskrá fyrir Seylu).

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Grófargil, Kristján Eiríksson skráði (Heimildamaður Birna Jónsdóttir). Örnefnastofnun Íslands.

Grófargil - 146035-89 - 13



Bryndís Zoëga skráir dys á Slageyri

Ljósmynd: GZ

Sérheiti: Slageyri
Hlutverk: Dys
Tegund: Dys
Staðsetning:
A: 475094
N: 561952
Lengd: 15 m
Breidd: 15 m
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta
Heimildamaður:
Sigurður Haraldsson
(04120049)

Staðhættir

Í Örnefnaskrá

stendur: „Munnmæli eru að smalar á bæjunum hafi barizt þarna á Slageyrinni og drepíð hvorn annan. Þeir eiga að vera dysjaðir þarna á eyrinni“ (Ö ,4). „Eyrin heitir Slageyri og herma munnmæli að smalar tveir hafi barist á eyrinni og drepíð hvor annan og verið huslaðir á staðnum. Norður frá eyrinni eru kallaðir dysjar, tveir melhólar með ca 50 m millibili á löngum grónum melrana. Sá syðri er mun hærri. Með góðum vilja má sjá eins og dyslaga grjóthleðslu á báðum þessum hólum en um það verðu ekkert fullyrt án rannsókna“ (HP, 318).

Í *Sýslu- og sóknarlýsingum* frá 1842 segir um Slageyri: „Dys þrjú eru og á grassundi því nú kallast Slagmýri, út og niður undan Fjalli, austan Sæmundarár, við veginn fram með ánni. Sjást dys þessi enn gjörla með grjóti í kolli. Má þar nú eigi heldur mýrlent kalla. Vita menn engar fornsögur geta þess, nema ef Skarphéðinn Véfreðarson frá Móbergi hefir þar fallið fyrir Digur-Ormssonum, er Landnáma telur í III.þ.5.kap., að þeir vægi í Vatnsskarði“ (SS, 68).

Nánari lýsing

Um 100 metra austan Sæmundarár, á Slageyri, sitthvoru megin girðingar eru tveir hólar, um 40 metrar eru á milli þeirra. Hólar þessir munu vera þeir sem eiga að vera dysjar tveggja smala sem létust á eyrinni, samkvæmt Sigurði Haraldssyni bónda á Grófargili. Hólarnir eru grasi og mosa grónir en töluvert grjót er á þeim báðum. Sýslu- og sóknarlýsingar eru einu heimildir sem geta þriggja dysja þarna en aðeins voru fundust tveir hólar við vettvangsathugun 2004.

Lýsing

Syðri hóllinn er 15x15 metrar að utanmáli, hann er mosagróinn og á honum er töluvert grjót. Á hólnum eru engar tóftir sjáanlegar.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Grófargil, Kristján Eiríksson skráði (Heimildamaður Birna Jónsdóttir). Örnefnastofnun Íslands.

Hjalti Pálsson. *Byggðasaga Skagafjarðar II. Bindi*. Akureyri 2001.

Sýslu og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873 II Skagafjarðarsýsla. Akureyri 1954.

Grófargil - 146035-89 - 14

Hlutverk: Leið

Tegund: Vegur

Staðsetning: A: 478130 N: 562887

Ástand: Gott

Heimildamaður: Sigurður Haraldsson (04120049)

Staðhættir

Í Örnefnaskrá stendur: „Austan Grófargilsár, áður en hún beygir til austurs um Hornið, eru Melar. Eftir þeim lá gamli vegurinn. Hann lá vestan Reykjarhóls, en yzti hluti Reykjarhóls er í landi Grófargils“ (Ö, 4).

Nánari lýsing

Punktur var tekinn, um 300 metra austur af gamla bæjarstæðinu og austan ár, á vegarslóða sem liggur norður/suður á melnum. Þarna lá vegurinn samkvæmt Sigurði Haraldssyni.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Grófargil, Kristján Eiríksson skráði (Heimildamaður Birna Jónsdóttir). Örnefnastofnun Íslands.

Grófargil - 146035-89 - 15

Sérheiti: Lestahvammur

Hlutverk: Áningarstaður

Tegund: Hvammur

Ástand: Gott

Heimildamaður: Sigurður Haraldsson (04120049)

Staðhættir

Í Örnefnaskrá stendur: „Yzt á móti áðurnefndu Horni, neðan brúarinnar, sem nú er heitir Lestahvammur. Ferðamenn hvíldu þar á leið til og frá Sauðárkróki“ (Ö, 3-4). „Áður fyrri var fastur áningarstaður í svokölluðum Lestahvammi rétt neðan við gömlu brúna“ (HP, 318).

Nánari lýsing

Punktur var tekinn í hvammi sunnan þjóðveg, er Sigurður Haraldsson bóndi á Grófargili segir vera Lestarhvamm. Um 10 metrum sunnan árinna og um 60 metra suðaustan af skúr sem stendur á árbakkanum norðanmegin. Hvammurinn er sunnan árinna áður en hún beygir til norðurs undir þjóðveginn.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Grófargil, Kristján Eiríksson skráði (Heimildamaður Birna Jónsdóttir). Örnefnastofnun Íslands.

Hjalti Pálsson. *Byggðasaga Skagafjarðar II. Bindi*. Akureyri 2001.

Grófargil - 146035-89 - 16

Sérheiti: Myllan

Hlutverk: Mylla

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 478105 N: 562950


Lengd: 4 m

Breidd: 5 m

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Ábúð



Staðhættir

Í Örnefnaskrá stendur: „Það var alltaf nefnt Jarðfallið. Sunnan við það var Myllan, kornmylla, á litlum bakka. Þetta var vatnsmylla og var vatni veitt ú ánni eftir skurði og það látið knýja mylluhjólið. Torfkofi með þili að framan var byggður yfir Mylluna“ (Ö, 5). „Mylla Myllutóft við Grófargilsá (65°33'832/19°28'456) var austan Grófargilsár út og niður frá gamla bænum. Glögglega sést aðfærsluskurðurinn, um 100 metra langur, þar sem áin hefur verið tekin upp og veitt út að myllunni. Byggt hefur verið undir skurðinn norðast og er hann þar sem garður með vatnsrennu í miðju. Fallhæð hefur þó lítil verið, eitthvað á annan metra á mylluhjólið. Myllurústin er djúp, rúmir 3 metrar að innanmáli en 1,5 á breidd. Dyr snúa til norðurs“. Birna Jónsdóttir mundi vel þessa myllu: „Eitt það fyrsta sem ég man eftir var myllan. Ég held að pabbi hafi sett hana upp. Hann byrjaði að búa 1905 á Grófargili. Myllan var austan við ána, aðeins utar en á móti bænum. Grafinn var skurður úr ánni sem myllan var byggð yfir og það var malað fyrir nágranna. Ekki man ég eftir öðrum vatnsmyllum á bæjunum þarna í kring en annars voru til handkvarnir á næstum hverjum bæ. Það var líka handkvörn heima og við krakkarnir möluðum stundum bankabygg í lummur“.... „Torfkofi með þili að framan var byggður yfir mylluna. Ekki þurfti að vera maður yfir henni meðan hún var að vinna en það varð að fylgjast með henni annað slagið. Ég man eftir trekt uppi við loft sem tók heilmikið korn og hún skammtaði niður í litla rennu sem var stillt með einhverjum spottum minnir mig og lá niður í steinana. Í kofanum var jafnan nokkurt surg og hávaði í myllusteinunum og læknum. Þessi mylla var gangfær fram undir 1920“ (HP, 318).

Nánari lýsing

Á eystri bakka Grófargilsár, þar sem áin liggur í litlum sveig til austnorðausturs er myllutóft, 3 metra frá ánni. Hún liggur 100 metra í austnorðaustur frá gömlu bæjartóftinni.

Lýsing

Myllutóftin er mjög glögg en gróin. Hún er 4x5 metrar að utanmáli og alveg opin til norðurs. Veggir eru 1 metri á breidd og hæstir 1,6 metrar. Aðfærsluskurðurinn liggur í suður frá myllutóftinni. Hann er vel greinilegur og um 100 metra langur. Nyrst hefur hann verið byggður upp eins og garður og vatnsrenna hefur legið fyrir honum miðjum.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Grófargil, Kristján Eiríksson skráði (Heimildamaður Birna Jónsdóttir). Örnefnastofnun Íslands.

Hjalti Pálsson. *Byggðasaga Skagafjarðar II. Bindi*. Akureyri 2001.

Grófargil - 146035-89 - 17

Hlutverk: Leið

Tegund: Vegur

Staðsetning: A: 478065 N: 562857

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hættu

Hættuorsök: Ábúð

Staðhættir

Í Örnefnaskrá stendur: „Fyrir sunnan Mylluna var hvammur kallaður Bæjarhvammur. Hann var beint á móti gamla bænum. Í brún hans að sunnan voru götutroðningar, sem lágu yfir veginn og niður á engjar. Ferðafólk, sem kom framan úr sveit kom venjulega þá leið heim að bænum, en það var á Grófargilsá í framhaldi af þessum götum“ (Ö, 5).

Nánari lýsing

Punktur var tekinn á troðningi sem liggur upp á melinn, 15 metra frá ánni, við suðvesturhorn tóftar sem þar er.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Grófargil, Kristján Eiríksson skráði (Heimildamaður Birna Jónsdóttir). Örnefnastofnun Íslands.

Grófargil - 146035-89 - 18

Hlutverk: Vað

Tegund: Vað

Staðsetning: A: 478053 N: 562857

Ástand: Gott

Staðhættir

Í Örnefnaskrá stendur: „Í brún hans að sunnan voru götutroðningar, sem lágu yfir veginn og niður á engjar. Ferðafólk, sem kom framan úr sveit kom venjulega þá leið heim að bænum, en það var á Grófargilsá í framhaldi af þessum götum“ (Ö, 5).

Nánari lýsing


Punktur var tekinn við ána syðst í Bæjarhvammi, gengt bænum en austan ár. Þar er hólmi á ánni.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Grófargil, Kristján Eiríksson skráði (Heimildamaður Birna Jónsdóttir). Örnefnastofnun Íslands.

Grófargil - 146035-89 - 19

Sérheiti: Melagerði
Hlutverk: Bústaður, Útihús
Tegund: Tóft
Staðsetning: A: 479027 N: 562788
Lengd: 5 m
Breidd: 5 m
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Ábúð



Fornbýlið Melagerði

Staðhættir

Einhver óvissa virðist ríkja um hvort þetta sé Melagerði eða Sandgerði en í Örnefnaskrá nefnist þetta Melagerði. Í Örnefnaskrá stendur: „Syðst í Neðraengi, nokkru neðan við þjóðveginn, er grýtt brún. Neðan hennar var fornt býli, nefnt Sandgerði. (Ath.: Það er rangt, sem stendur í lýsingu Margeirs Jónssonar, að Melagerði sé á þessum stað, sjá síðar). Þar sér enn fyrir túngarði og bæjartóftum“ (Ö, 6). „Melagerði (65°33'54/19°27'240) er austan undir Reykjarhóli norðanverðum, um það bil 100 metrum norðan við merkjagirðingu“. Jarðabókin 1713 hefur eftirfarandi að segja: „Melagerði heitir hér í landinu umgirt. Þar hefur stekkur frá heimajörðinni verið langavarandi. Ekki byggt í nokkurra minni. Líkast verið hafa þrælagerði Túnstæðið er á dálitlu nesi sem teygist austur á mýrarnar og heitir Sandengi austan við. Má auðveldlega rekja sig eftir vallargarði allt um kring, á að giska 260-270 metra að ummáli og húsarústir á nokkrum stöðum, gleggstar norðast í gerðinu þar sem hæst ber, sýnilega stekkur sem gerður hefur verið í eldri tóftum“ (HP, 319).

Nánari lýsing

Á Melagerði eru fjórar tóftir og túngarður. Lengst til norðurs er stærsta og greinilegasta tóftin, stekkjartóft. Hún stendur á lágum hól, líklegast bæjarhól. Austan við hana er önnur minni tóft er virðist vera nokkuð eldri. Tvær tóftir eru svo sunnan af, túngarðurinn umlykur allar tóftirnar. Líklegt getur talist að stekkur hafi verið reistur á gömlu bæjartóftinni en hann stendur efst á hólnum og að eldri tóftin austan við sé einhverskonar útihús. .

Lýsing

Austan við stekkin [nr. 35] er önnur tóft, öllu minni. Hún lítur út fyrir að vera eldri en stekkjartóftin er ekki jafn greinileg og stendur lægra í landslaginu. Utanmál hennar er 5x5 metrar, mesta breidd veggja 1 metri og hæð þeirra 30 sentímetrar. Tóftin snýr austur/vestur og eru dyr á henni mót austri. Hugsanlegt er að þarna sé um bæjartóftin að ræða en líklegra er að þetta sé tóft útihúss.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Grófargil, Kristján Eiríksson skráði (Heimildamaður Birna Jónsdóttir). Örnefnastofnun Íslands.

Hjalti Pálsson. *Byggðasaga Skagafjarðar II. Bindi*. Akureyri 2001.

Grófargil - 146035-89 - 20

Sérheiti: Melagerði

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 479052 N: 562757

Lengd: 270 m

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Staðhættir

Túngarður. Í Örnefnaskrá stendur: „Syðst í Neðraengi, nokkru neðan við þjóðveginn, er grýtt brún. Neðan hennar var fornt býli, nefnt Sandgerði. (Ath.: Það er rangt, sem stendur í lýsingu Margeirs Jónssonar, að Melagerði sé á þessum stað, sjá síðar). Þar sér enn fyrir túngarði og bæjartóftum“ (Ö, 6). „Túnstæðið er á dálitlu nesi sem teygist austur á mýrarnar og heitir Sandengi austan við. Má auðveldlega rekja sig eftir vallargarði allt um kring, á að giska 260-270 metra að ummáli ...“(HP, 319).

Lýsing

Túngarður liggur í kringum tóftirnar og má rekja sig eftir honum nánast allan hringinn og er hann yfirleitt vel glöggur. Hann er mosagróinn og þýfður og rof eru í honum á köflum. Til vesturs fellur hann á kafla inn í hlíðina. Hann er um 0,5 metri þar sem hann er hæstur og allt upp í 3 metrar á breidd.

Nánari lýsing

Tveir punktar voru teknir á túngarði. N65°33'44 V19°27'15

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Grófargil, Kristján Eiríksson skráði (Heimildamaður Birna Jónsdóttir). Örnefnastofnun Íslands.

Hjalti Pálsson. *Byggðasaga Skagafjarðar II. Bindi*. Akureyri 2001.

Grófargil - 146035-89 - 21

Sérheiti: Sandgerði

Hlutverk: Bústaður, Útihús

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 478621 N: 563379

Lengd: 2 m

Breidd: 5 m


Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Staðhættir

Í Örnefnaskrá stendur: „Austan í Neðraengjaholti, út undir ánni, var gamalt býli, Melagerði. Þar sást bæði fyrir tóftum og túni“ (Ö, 7). Hjalti Pálsson kallar þetta Sandgerði og segir: „Sandgerði (65°34'070/19°27'772) er neðan við engjaveginna austan í Neðraengjaholti utan og neðan við réttina, um það bil 100 metrum sunnan við Grófargilsá. Þar er allt óljósara og lítilfjörlegra en í Melagerði, enginn vallargarður



Útihúsartóft, Sandgerði

sjáanlegur og raunar verður einungis greind ein húsarúst með vissu við vegslóðina neðan undir lágum en bröttum mel. Erfitt er að glöggva sig á tóftinni. Hún kann að vera heystæði en fremur má ætla að þarna hafi verið stekkur í eina tíð. Engin heimild er um þennan stað nema örnefnalýsing Kristjáns Eiríkssonar frá 1975, skráð eftir Birnu Jónsdóttur sem þar ólst upp og telur þetta hafa verið býli. Ekkert bendir sérstaklega á býli og staðurinn er ólíklegt bæjarstæði en hluti tóftanna kann að vera horfinn undir vegarslóðina“ (HP, 319):

Nánari lýsing

Tóftin er í hlíð melar sem liggur ofan engja, austan við Neðraengjaholt. Hún er um 100 metra sunnan af ánni og 3 metra neðan engjavegar. Hún er um 100 metra norðnorðaustur af Grófargilsrétt.

Lýsing

Tóftin er algróin, fremur ógreinileg og eru veggir lágir og fellur hún vel inn í þýft umhverfið. Hún liggur norður/suður. Tóftin er að innanmáli 2x5 metrar. Hæð veggja er um 30-40 sentimetrar og mesta breidd um 1 metri. Óvíst er hvaða hlutverki hún gegndi en engar aðrar tóftir eru sjáanlegar í kring.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Grófargil, Kristján Eiríksson skráði (Heimildamaður Birna Jónsdóttir). Örnefnastofnun Íslands.

Hjalti Pálsson. *Byggðasaga Skagafjarðar II. Bindi*. Akureyri 2001.

Grófargil - 146035-89 - 22

Hlutverk: Áveita

Tegund: Heimild 465

Staðsetning: A: 478196 N: 563135

Ástand: Ómetið

Horfin: Já

Staðhættir

Í Örnefnaskrá stendur: „Veitt var úr ánni yfir Neðraengi rétt fyrir neðan Laxaker. Yfir Efraengi var hinsvegar veitt úr ánni, rétt fyrir neðan Lestahvamm. Áveitugarðar voru víða um engið, sérstaklega Efraengi“ (Ö, 7). Það sama stendur hjá Hjalta Pálssyni.

Nánari lýsing

Punktur var tekinn þar sem áin liggur í stokk undir þjóðveginn um 50 metrum austan Lestarhvamms.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Grófargil, Kristján Eiríksson skráði (Heimildamaður Birna Jónsdóttir). Örnefnastofnun Íslands.

Hjalti Pálsson. *Byggðasaga Skagafjarðar II. Bindi*. Akureyri 2001.

Grófargil - 146035-89 - 23

Hlutverk: Rista

Tegund: Heimild 465

Ástand: Ómetið

Heimildamaður: Sigurður Haraldsson (04120049)

Horfin: Já

Staðhættir

Samkvæmt Hjalta Pálssyni stendur í Jarðalýsingu 1713: „Torfrista og stunga sæmileg. Móskurður hefur verið til forna, brúkast nú ei“ og í Jarðalýsingu 1849: „Torfrista nokkur en langsótt“

Nánari lýsing

Samkvæmt samtali við Sigurð Haraldsson bónda á Grófargili var ágætis torfrista í Neðra-Engi en engin merki fundust um hana.

Heimildaskrá

Hjalti Pálsson. *Byggðasaga Skagafjarðar II. Bindi*. Akureyri 2001.

Grófargil - 146035-89 - 24

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Heimild 465

Staðhættir

„Fráfærur lögðust af 1912 eða 1913. Birna Jónsdóttir sat þar yfir kvíaám eitt sumar, 7 eða 8 ára gömul. Þá voru lömbin stíuð í fjárhúskró en enginn stekkur notaður. Eftir þetta var fráfærum hætt“ (HP, 318).

Aðrar upplýsingar

Fannst ekki við vettvangsathugun 2004.

Heimildaskrá

Hjalti Pálsson. *Byggðasaga Skagafjarðar II. Bindi*. Akureyri 2001.

Grófargil - 146035-89 - 25

Hlutverk: Álagablettur

Tegund: Heimild 465

Ástand: Ómetið

Heimildamaður: Sigurður Haraldsson (04120049)

Staðhættir

„Álagablettur var talinn neðst í Grófargilinu sunnan megin, sem aldrei var sleginn þótt grösugur væri. Ekkert nafn hafði þessi blettur og þekkja ábúendur hann ekki lengur“ (HP, 318).

Lýsing


Sigurður Haraldsson bóndi á Grófargili kannast ekki við þetta örnefni, enginn blettur er neðst í Grófargilinu sunnanmegin sem átt getur við lýsinguna.

Heimildaskrá

Hjalti Pálsson. *Byggðasaga Skagafjarðar II. Bindi*. Akureyri 2001.

Grófargil - 146035-89 - 26

Hlutverk: Rétt,
Tegund: Rétt; Tóft
Staðsetning:
A: 476690
N: 562527
Lengd: 10 m
Breidd: 15 m
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Ábúð



Staðhættir

Rétt og beitarhús í landi Grófargils

„Landið upp frá Grófargili er mest melar og flagmóar með nokkrum gróðurflesjum á milli þar til kemur upp á allbreiðan flóa sem ræstur hefur verið fram og rennur vatn þar til suðurs en merki milli Grófargils og Brautarholts er skurður frá vestri til austurs á vatnaskilum. Upp frá þessu framræsta mýrlendi er dálítill ás með flagmóum og melum. Uppi á þeirri brún, skammt sunnan við merki, eru rústir beitarhúsa frá Grófargili. Þar eru frammi á lítilli brún veggir stórrar, ferkantaðrar réttar sem er 10 metrar frá austri til vesturs en 14 metrar frá norðri til suðurs. Inn í miðri þessari rétt er rúst eins og af innföllnu litlu húsi. Miðið er útihúsin á Ípishóli í Mælifellshnjúk ...“(HP, 319).

Lýsing

Réttin er algróin en vel greinileg þó. Utanmál hennar er 10x15 metrar, mesta hæð og breidd veggja er um 1 metri, dyr eru á tóftinni og snúa mót norðri. Hrunið er úr austurvegg tóftarinnar. Innan í réttinni er minni tóft, ferhyrnd, 5x5 metrar að utanmáli. Breidd veggja er 1 metri. Hrunið er úr suðurvegg hennar. Vestan tóftarinnar er enn önnur tóft, einnig vel gróin. Utanmál hennar er 3x5 metrar og breidd veggja er 0,5 metri.

Heimildaskrá

Hjalti Pálsson. *Byggðasaga Skagafjarðar II. Bind.* Akureyri 2001.

Grófargil - 146035-89 - 27

Hlutverk: Beitarhús
Tegund: Tóft
Staðsetning: A: 476716 N: 562496
Lengd: 16 m
Breidd: 6 m
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Ábúð

Staðhættir

„Framan undir réttinni [nr.26], neðan við brúnina, er rúst af einföldum fjárhúsum (65°33'612/19°30'225) með 12 metra löngum króm sem þýðir um 70 kinda hús. Grófargilsbeitarhúsin skera sig frá Beitarhúsaólum í Brautarholti og Seyluhúsum að því leyti að hér er engin rækt í jörðu eða sérstök gróðurskil í tóftunum“ (HP, 320).

Nánari lýsing

Í hlíðinni, 7 metrum austan við réttina er tóft af útihúsi.

Lýsing

Tóftin er stór og vel greinileg, hún er vel gróin og veggir hennar eru töluvert hrundir. Tóftin liggur austur/vestur og er garði fyrir miðju hennar. Breidd veggja er 0,5 - 1 metri og mesta hæð þeirra 1,1 metrar, dyr hafa verið til austurs.

Heimildaskrá

Hjalti Pálsson. *Byggðasaga Skagafjarðar II. Bindi*. Akureyri 2001.

Grófargil - 146035-89 - 28

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Ástand: Sæmilegt

Staðsetning: A: 477419 N: 562211

Staðhættir

„Forn stekkjarrúst er við Grófargilslækinn í grónum norðurvanga á hornmerkjum Grófargils, Reykjarhóls og Ípishóls. Árið 1406 er talað um forna stekkjarsstöðu frá Ípishóli á þessum stað í landamerkjalyðingu Seylu en nú er þessi staður norðan merkjagirðingar“ (HP, 320).

Nánari lýsing

Á norðurbakka Grófargilslækjar um 20 metra norður af landamerkjum Grófargils, Reykjarhóls og Ípishóls er gömul stekkjartóft.

Lýsing

Tóftin er vel gróin, að hluta til ógreinileg og virðist vera gömul. Greinileg lítil ferhyrnd tóft 2x2 að utanmáli, hugsanlega hluti stærri tóftar, 4,5x2 að utanmáli. Hæð veggja er um 20-30 sentimetrar og mesta breidd 30 sentimetrar. Tóftin er eins og áður sagði vel gróin en þó er moldargólf inni í henni. Út frá tóftinni til vesturs er eins og 16x5 metra slétt svæði, hugsanlega afmarkað en erfitt að segja til vegna þess hversu þýft er þarna. Innan þess, 3 metra vestur af tóftinni liggur grjót í jarðveginum, sumir steinarnir mynda beina röð og gætu þar verið leifar veggja.

Heimildaskrá

Hjalti Pálsson. *Byggðasaga Skagafjarðar II. Bindi*. Akureyri 2001.

Grófargil - 146035-89 - 29

Hlutverk: Garður

Tegund: Garðlag

Staðsetning: A: 477910 N: 562703

Lengd: 33 m

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Lítil hætta

Staðhættir

Á grasbala um 150 metra suðvestur af gamla bænum og 20 metra austan af girðingu er garður.

Lýsing

Garðurinn liggur austnorðaustur/vestsuðvestur og er 33 metra langur, hann er ekki heill heldur rofinn að því er virðist með ákveðnu millibili. Garðurinn er 30 sentimetrar á hæð og 0,5 metra breiður. Hann er algróinn og töluvert þýfður.

Nánari lýsing

Annar punktur var tekinn við austurenda tóftar : N65°33'42 V19°28'40

Grófargil - 146035-89 - 30

Hlutverk: Fjánhús

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 477783

N: 562828


Ástand: Gott

Staðhættir

Á norðurbakka Grófargilslækjar um 200 metra suðvestur af núverandi íbúðarhúsi liggur fjárhústóft í litlum hvammi.

Lýsing

Tóftin er vel greinileg, hún er vel gróin en sér í grjót á fáeinum stöðum í veggjum. Hún liggur austnorðaustur/vestsuðvestur, hliðin sem snýr mót norðvestri er grafin inn í hliðina. Mesta breidd veggja er 1 metri. Hæsti veggur snýr mót norðri og er 1 metri að hæð. Aðrir veggir eru mun lægri. Dyr snúa til austnorðaustur og hugsanlega aðrar minni til vestsuðvestur. Stígur eða fjárgata liggja í gegnum tóftina að hluta til.



Fjárhústóft við Grófargilslæk

Grófargil - 146035-89 - 31

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 477886 N: 562920

Lengd: 4 m

Breidd: 5 m

Ástand: Slæmt

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Staðhættir

Um 15 metrum austan af suðurenda túngarðsins [nr. 8] er hóll, norður af gilbrúninni, flatur að ofan.

Lýsing

Svolítið dæld er ofan í hólinn um 4x5 metrar að ummáli, hugsanlega hefur þarna staðið útihús. Dældin er algróin og grasið vel grænt og sker sig úr umhverfinu.

Grófargil - 146035-89 - 32

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 477899 N: 562920

Lengd: 3 m

Breidd: 4 m

Ástand: Ómetið

Horfin: Já

Hættumat: Lítil hættu

Hættuorsök: Ábúð

Staðhættir

Um 15 metrum austan af suðurenda túngarðsins [nr. 8] er hóll, norður af gilbrúninni, flatur að ofan.

Lýsing

Í aflíðandi brekku frá hólnum, 3 metrum austan við áður skráða dæld/tóft er önnur öllu dýpri og greinilegri, grafin í hólnum að austanverðu. Það hefir hugsanlega verið önnur tóft 3x4 metrar að utanmáli. Þar eru örlitlar upphækkanir í köntunum sem gætu hugsanlega verið veggjarbrot. Þar er algróið.

Grófargil - 146035-89 - 33

Sérheiti: Slageyri

Hlutverk: Dys

Tegund: Dys

Staðsetning: A: 475082 N: 562014

Lengd: 15 m

Breidd: 15 m

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hættu

Staðhættir

Um 100 metra austan Sæmundarár, á Slageyri, sitthvoru megin girðingar eru tveir hólar, um 40 metrar eru á milli þeirra. Hólar þessir munu vera þeir sem eiga að vera dysjar tveggja smala sem létust á eyrinni, samkvæmt Sigurði Haraldssyni bónda á Grófargili. Hólarnir eru grasi og mosa grónir en töluvert grjót er á þeim báðum.

Lýsing

Suðaustan við nyrðri hólnum er lítil grjóttóft, hugsanlega af smalakofa, grafinn inn í hólnum. Hóllinn er um 15x15 metrar að utanmáli. Það sér í fremur stórt grjót í tóftinni, stærst við suðuendann, en að öðru leyti er hún gróin, lyngi og ljónslappa. Tóftin er að innanmáli 1x1 metri mesta hæð hennar er 0,5 metri. Efst á hólnum er önnur ógreinilegri hleðsla. Ferhyrnd með op til norðausturs, innanmál hennar er 1x1 metri.

Grófargil - 146035-89 - 34

Hlutverk: Kofi

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 475743 N: 562751

Lengd: 1 m

Breidd: 1 m

Ástand: Sæmilegt
Hættumat: Lítil hætta

Staðhættir

Við Sæmundarána að austanverðu rísa ógrónir melar upp frá ánni um 100 metra norðan landamerkjagirðingar (telur Hjalti Pálsson að þar muni vera dysjar smalanna, sjá nr. 33).

Lýsing

Efst á nyrsta melnum er grjóttóft, hugsanlega tófugildra eða lítill kofi. Tóftin er þannig að grjóti er hlaðið upp við stærra grjót sem er norðvestur veggur tóftar. Utanmál hennar er 1x1 metri og snýr hún norðnorðaustur/suðsuðvestur. Dyr eru á tóftinni og snúa tilnorðnorðaustur.

Grófargil - 146035-89 - 35

Sérheiti: Melagerði
Hlutverk: Stekkur
Tegund: Tóft
Staðsetning: A: 479027 N: 562788
Lengd: 11 m
Breidd: 5 m
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Ábúð



Stekkjartóft á Melagerði, Varmahlíð í baksýn
Ljósmynd: BZ

Staðhættir

„Melagerði

(65°33'54"/19°27'240) er austan undir Reykjarhóli norðanverðum, um það bil 100 metrum norðan við merkjagirðingu. Jarðabókin 1713 hefur eftirfarandi að segja: „Melagerði heitir hér í landinu umgirt. Þar hefur stekkur frá heimajörðinni verið langavarandi. Ekki byggt í nokkurra minni. Líkast verið hafa þrælagerði“ Túnstæðið er á dálitlu nesi sem teygist austur á mýrarnar og heitir Sandengi austan við. Má auðveldlega rekja sig eftir vallargarði allt um kring, á að giska 260-270 metra að ummáli og húsarústir á nokkrum stöðum, gleggstar norðast í gerðinu þar sem hæst ber, sýnilega stekkur sem gerður hefur verið í eldri tóftum“ (HP, 319).

Nánari lýsing

Á Melagerði eru fjórar tóftir og túngarður. Lengst til norður er stærsta og greinilegasta tóftin, stekkjartóft. Austan við hana er önnur minni tóft er virðist vera nokkuð eldri. Tvær tóftir eru svo sunnan af, túngarðurinn umlykur allar tóftirnar.

Lýsing

Innan túngarðs á Melagerði er lágur hóll, efst á honum eru tóftir stekkjjar. Hún er tvískipt og liggur norður/suður. Tóftin er vel gróin, þýfð að innan og veggir eru fallnir út. Utanmál tóftar er 5x11 metrar, mesta breidd veggja eru 2 metrar og mesta hæð 0,5 metri.

Heimildaskrá

Hjalti Pálsson. *Byggðasaga Skagafjarðar II. Bindi*. Akureyri 2001.

Grófargil - 146035-89 - 36

Sérheiti: Melagerði

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 479040 N: 562757

Lengd: 5 m

Breidd: 2 m

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Lítil hætta

Staðhættir

„Melagerði (65°33'54/19°27'240) er austan undir Reykjarhóli norðanverðum, um það bil 100 metrum norðan við merkjagirðingu. Jarðabókin 1713 hefur eftirfarandi að segja: 4. „Melagerði heitir hér í landinu umgirt. Þar hefur stekkur frá heimajörðinni verið langavarandi. Ekki byggt í nokkurra minni. Líkast verið hafa þrælagerði“ Túnstæðið er á dálitlu nesi sem teygist austur á mýrarnar og heitir Sandengi austan við. Má auðveldlega rekja sig eftir vallargarði allt um kring, á að giska 260-270 metra að ummáli og húsarústir á nokkrum stöðum, gleggstar norðast í gerðinu þar sem hæst ber, sýnilega stekkur sem gerður hefur verið í eldri tóftum“. „Eldri tóftir og ógreinilegri eru sunnar á stöðunni (65°33'734/19°27'236)“ (HP, 319).

Nánari lýsing

Á Melagerði eru fjórar tóftir og túngarður. Lengst til norður er stærsta og greinilegasta tóftin, stekkjartóft. Austan við hana er önnur minni tóft er virðist vera nokkuð eldri. Tvær tóftir eru svo sunnan af, túngarðurinn umlykur allar tóftirnar.

Lýsing

Tíu metrum austur af stekkjartóftinni er öllu ógreinilegri tóft, líklega tóftir útihúsa, og eru veggir hennar mjög rofnir. Hún er vel gróin og mjög þýft er í kringum hana en hún er slétt að innan. Tóftin snýr norður/suður, innanmál er 2x5 metrar, mesta hæð veggja er 40 sentímetrar og mesta breidd þeirra er 0,5 metri.

Heimildaskrá

Hjalti Pálsson. *Byggðasaga Skagafjarðar II. Bindi*. Akureyri 2001.

Grófargil - 146035-89 - 37

Sérheiti: Melagerði

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 479040 N: 562757

Lengd: 5 m

Breidd: 4 m

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Lítil hætta

Staðhættir

„Melagerði (65°33'54/19°27'240) er austan undir Reykjarhóli norðanverðum, um það bil 100 metrum norðan við merkjagirðingu. Jarðabókin 1713 hefur eftirfarandi að segja: „Melagerði heitir hér í landinu umgirt. Þar hefur stekkur frá heimajörðinni verið langavarandi. Ekki byggt í nokkurra minni. Líkast verið hafa þrælagerði“ Túnstæðið er á dálitlu nesi sem teygist austur á mýrarnar og heitir Sandengi austan við. Má auðveldlega rekja sig eftir vallargarði allt um kring, á að giska 260-270 metra

að ummáli og húsarústir á nokkrum stöðum, gleggstar norðast í gerðinu þar sem hæst ber, sýnilega stekkur sem gerður hefur verið í eldri tóftum“. „Eldri tóftir og ógreinilegri eru sunnar á stöðunni (65°33'734/19°27'236)“ (HP, 319).

Nánari lýsing

Á Melgerði eru fjórar tóftir og túngarður. Lengst til norður er stærsta og greinilegasta tóftin, stekkjartóft. Austan við hana er önnur minni tóft er virðist vera nokkuð eldri. Tvær tóftir eru svo sunnan af, túngarðurinn umlykur allar tóftirnar.

Lýsing

Um 15 metra suðsuðaustur af stekkjartóftinni er algróin tóft, fremur ógreinileg, líklega tóftir útihúsa. Hún er syðst tófta í Melgerði og stendur örlítið hærra en landið í kring. Tóftin snýr austur/vestur. Utanmál tóftar er 4x5 metrar, mesta breidd veggja 1 metri og hæð um 30 sentímetrar.

Heimildaskrá

Hjalti Pálsson. *Byggðasaga Skagafjarðar II. Bind.* Akureyri 2001.

Grófargil - 146035-89 - 38

Hlutverk: Áveita

Tegund: Áveituskurður

Staðsetning: A: 479027 N: 562788

Ástand: Sæmilegt

Heimildamaður: Sigurður Haraldsson (04120049)

Lýsing

Punktur var tekinn 30 metrum norðan við Laxaker í uppþornuðum skurði við suðurhlið varnargarðs sem er við ána. Samkvæmt Sigurði Haraldssyni bónda á Grófargili var ánni veitt þarna bæði til norðurs og suðurs, á land Grófargils, Seylu og Brautarholts.

Grófargil - 146035-89 - 39

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 479040


N: 562757

Lengd: 6 m

Breidd: 5 m

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hætta



Staðhættir

Um 150 metrum austan af gamla bænum, 15 metrum austan ár er tóft, syðst í hvammi. Tóftin er um þrjá metra austur af rennunni sem flutti vatn að myllunni [nr. 16].

Gripheldi við Grófargilsá

Lýsing

Tóftin er ferhyrnd, vel glögg og nokkuð gróin. Hún liggur norður/suður. Innanmál tóftar er 5x6 metrar, mesta breidd veggja er rúmur metri og mesta hæð þeirra um 1,4 metrar. Veggir eru hæstir þar sem tóftin stendur upp við hlið hvammsins til suðurs.

Dyr eru á tóftinni og snúa mót vestri og hefur hún líklega verið einhverskonar gripheldi.

Grófargil - 146035-89 - 40

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 479040 N: 562757

Lengd: 11 m

Breidd: 6 m

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hætta

Staðhættir

Á suðurbakka Grófargils um 70 metra vestur af bæjarhúsatóftinni [nr. 1] eru tvær tóftir. Tóftirnar eru þar sem landi er tekið að halla til fjalls og er stærri tóftin grafin í aflíðandi brekku til vesturs.

Lýsing

Önnur tóftin er mun stærri og líklega einhverskonar útihúss. Við norðaustur horn hennar er önnur minni hringlaga tóft. Báðar eru tóftirnar vel grónar en í þeirri minni er stórt grjót. Stærri tóftin liggur austur/vestur og er hún opin til austurs, norðurveggur er töluvert hruninn. Utanmál hennar er 11x6 metrar og er mesta breidd veggja um 2 metrar. Mesta hæð 1, 4 metrar.

Grófargil - 146035-89 - 41

Hlutverk: Kofi

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 477835 N: 562890

Lengd: 2 m

Breidd: 2 m

Ástand: Slæmt

Hættumat: Lítil hætta

Staðhættir

Á nyrðri bakka Grófargilslækjar undir hlíðinni, um 3 metrum frá læknum, er hugsanlega grjóttóft. Um 100 metra austur af fjárhústóft.

Lýsing

Mjög ógreinileg ferhyrnd röð af steinum, að miklu leyti gróin, um 2x2 metrar að utanmáli. Gæti verið hrun úr litlum klettum sem standa ofan við.

Grófargil - 146035-89 - 42

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 477848

N: 562921

Lengd: 7 m

Breidd: 3 m

Ástand: Ómetið

Horfin: Já



Séð yfir dældina, túngarður í baksýn
Ljósmynd: BZ

Staðhættir

Um 20 metrum ofan eða vestan túngarðs [nr. 8] er dæld í jörðina sem bent gæti til að þar hafi hús staðið. Dældin er um 2 metra sunnan girðingar en norðan hennar er sléttað tún.

Lýsing

Dældin er um 7x3 að utanmáli. Þar gæti hafa verið tóft sem hefur legið norður/suður. Gróður er frábrugðinn gróðrinum í kring.

Grófargil - 146035-89 - 43



Fjárhústóft í landi Grófargils
Ljósmynd: BZ

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 477577

N: 562675

Lengd: 7 m

Breidd: 5 m

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hætta

Staðhættir

Um 1,5 kílómetra frá bæjarhúsum á Brautarholti liggur fjárhústóft. Hún er um 80 metra suðaustan við Grófargilslækinn þar

sem hann beygir til suðurs.

Lýsing

Tóftin er tvískipt, fjárhús og hlaða, hlaðan er til vesturs og lítur tóftin út fyrir að vera mjög gömul enda jarðsokkin. Utanmál hennar er 7x5 metrar. Hún er mjög gróin og veggir eru fallnir. Dyr virðast vera á tóftinni mót austri. Hæð veggja er um 50 – 60 sentimetrar og mesta breidd um 1 metri. Mesta hæð veggja í hlöðu er 30 sentimetrar.

Grófargil - 146035-89 - 44

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 477680 N: 562829

Lengd: 5 m

Ástand: Slæmt

Staðhættir

Á lítilli flöt, sem er um 15x15 metrar, í brekku sem liggur upp frá Grófargilslæknum að norðanverðu eru veggjarbrot tóftar. Um 80 metra vestur af áður nefndri fjárhústóft [nr.30].



Veggjarbrot í Grófargili

Ljósmynd BZ

Lýsing

Aðeins tveir veggir eða hlutar þeirra standa eftir sá nyrðri er lengri eða um 5 metrar en sá syðri um 3 metrar. Mesta hæð veggja er um 0,5 metri og mesta breidd um 70 sentímetrar. Veggjarbrotin eru algróin og liggja austur/vestur, á milli þeirra er fjárgata eða stígur.

Brautarholt (Litla-Seyla) - 181772-105-50

Fjöldi minja: 19

Saga

Brautarholt sem áður nefndist Litla-Seyla byggist upphaflega sem hjáleiga frá jörðinni Seylu, líklega á 17. öld. Jarðirnar eru í sameign framan af en sameignin rofnar líklega seint á 18.öld. Nafninu var breytt með ráðherraleyfi 1915 og það sama ár fluttist þangað þingstaður hreppsins frá Stóru-Seylu. Þingstaðurinn var á Brautarholti til ársins 1970 en þá fluttist hann í Varmahlíð (HP, 311-12).



Bæjarstæðið á Brautarholti, séð úr austri
Ljósmynd: BZ

Náttúrufar og jarðabætur

Í Jarðatali Johnsens frá 1847 er Litla Seyla hjáleiga frá Stóru-Seylu sem er talin 60 hundruð að dýrleika en þess getið að bæði hreppstjóri og jarðatal 1802 telji 10 hjáleiguna 10 hundruð að dýrleika (JJ, 259). Í *Jarðabók* Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1713 er jörðin sögð 10 hundruð að dýrleika og einnig í *Sýslu- og sóknarlýsingum* frá 1842 (JÁM, 92; SS, 63). Land Brautarholts er fremur mjótt og nær frá Húseyjarkvísl í austri að Sæmundará í vestri. Austast er flatt mýrlendi en upp af því rís Litla-Seyluholt. Vestan holtsins er mýrarsund sem nær vestur að túni. Þegar komið er upp fyrir Sauðárkróksbraut tekur við tún næst veginum. Vestan þess er gróinn ás en síðar mýrlendi sem framræst er að hluta. Lítil gróður er á Langholtsásnum en vestan hans þegar nær dregur Sæmundará eru melar holt og nokkuð af grónu landi. Hlunnindi af jörðinni eru lax- og silungsveiði í Sæmundará og Húseyjarkvísl (HP, 311).

Landamerki Brautarholts liggja að Grófargili að sunnan, Fjalli að vestan um Sæmundará, Stóru-Seylu að norðan, Krossanesi að austan og ræður Húseyjarkvísl merkjum. Samgöngur eru um Sauðárkróksbraut (HP, 311).

Heimildaskrá

Hjalti Pálsson. *Byggðasaga Skagafjarðar, II. Bindi*. Akureyri, 2001.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (9. bindi). Hið Íslenska Fræðafjelag í Kaupmannahöfn, 1930.

J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi*. Kmh. 1847.



Sýslu og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873 II Skagafjarðarsýsla. Akureyri 1954

Brautarholt í Seyluhreppi

Kort: Bryndís Zoëga effir túnakorti Guðmundar Sveinssonar frá 1917

Skýringar:	
Tún	
Matjurtagarðar	
Vegir	
Bær	
Peningshús	

Tún	Teigar	Flatarstíkur
Matjurtagarðar		420
Slétt 3/4 af túninu		



Brautarholt (Litla-Seyla) - 181772-105-50 - 1

Sérheiti: Litla-Seyla

Hlutverk: Bústaður

Tegund: Heimild 465

Staðsetning: A: 477942 N: 563539

Ástand: Ómetið

Horfin: Já

Heimildamaður: Haraldur Stefánsson (04120063)

Staðhættir

„Litla-Seyla byggist sem hjáleiga úr Seylujörð, en óljóst hvenær það varð, að öllum líkindum ekki fyrr en á 17.öld. Jarðirnar eru síðan lengst af í sameign sem rofnar þó líklega seint á 18.öld“ (HP, 311-312). Í Örnefnaskrá stendur: „Nýja nafnið á Litlu-Seylu, Brautarholt, var tekið upp með stjórnarleyfi árið 1915“ (Ö, 1).

Samkvæmt túnakorti lá bærinn fyrir miðju í syðri hluta túnsins (Túnakort; GS).

„Gamli bærinn var rétt við hlöðuna sem nú stendur, á að giska 40 metrum austur og litlu norðar“ (HP, 313). Í Örnefnaskrá stendur: „Gamli bærinn var rétt norðaustan við þann stað, sem hlaðan stendur nú á. Bærinn var ca 40 metra austan við hlöðuna og þó aðeins norðar“ (Ö, 4).

Nánari lýsing

Bærinn hefur staðið fremst á austurbrún Langholtsins, austan við er brekka niður á Litlu-Seyluholt. Punktur var tekinn samkvæmt ábendingu frá Haraldi Stefánssyni bónda á Brautarholti, fremst á hól um 40 metra austur og örlítið norður af hlöðunni, þar er nú búið að slétta allt.

Heimildaskrá

Guðmundur Sveinsson. Túnakort fyrir Brautarholt frá 1917.

Hjalti Pálsson. *Byggðasaga Skagafjarðar II. Bind.* Akureyri 2001.

Örnefnaskrá fyrir Brautarholt, Rósmundur Ingvarsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Brautarholt (Litla-Seyla) - 181772-105-50 - 2

Hlutverk: Fjós, Hesthús, Fjárhús

Tegund: Heimild 465

Staðsetning: A: 477917 N: 563539

Ástand: Ómetið

Horfin: Já

Heimildamaður: Haraldur Stefánsson (04120063)

Staðhættir

„Árið 1941 var fjós yfir 7 nautgripi vestan við bæinn“ (HP, 313). Í Örnefnaskrá stendur: „Bærinn var ca 40 metra austan við hlöðuna og þó aðeins norðar. Fjosið var þar á milli“ (HP, 313). Í Örnefnaskrá segir; „[...] en hesthúskofi fyrir þrjú hross sunnan við fjosið“ (Ö, 4) Samkvæmt túnakorti var fjárhús norðvestan við bæinn, sunnan við veginn (Túnakort; GS).

Nánari lýsing

Samkvæmt Sigurði Haraldssyni bónda á Grófargili og Harald Stefánssyni bónda í Brautarholti, voru hesthúsið, fjosið og hlaðan sambyggð. Á árunum 1946 eða '47 var byggður braggi þar vestan við. Þetta hefur nú allt verið rífið.

Lýsing

Punktur fyrir fjárhús var tekinn var tekinn um 40 metra norðan af hlöðunni en örlítið vestar. Hesthúsið gæti hafa staðið þar sem norðurendi hlöðu er nú.

Punktur þar sem hlaðan mun hafa verið: A: 477917 N: 563570

Heimildaskrá

Guðmundur Sveinsson. Túnakort fyrir Brautarholt frá 1917.

Hjalti Pálsson. *Byggðasaga Skagafjarðar II. Bind.* Akureyri 2001.

Örnefnaskrá fyrir Brautarholt, Rósmundur Ingvarsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Brautarholt (Litla-Seyla) - 181772-105-50 - 3

Hlutverk: Heimreið

Tegund: Heimild 465

Staðsetning: A: 477827 N: 563540

Ástand: Ómetið

Horfin: já

Heimildamaður: Sigurður Haraldsson (04120049)

Staðhættir

Samkvæmt túnakorti lá vegur fyrir norðan fjárhúsin og beygði svo í suður að bæjarhúsunum (Túnakort; GS). Í Örnefnaskrá stendur: „Vegurinn heim að bænum lá niður eftir frá þjóðveginum og norðan við fjárhúsin, síðan suður á bæjarhlaðið“ (Ö; 4).

Nánari lýsing

Samkvæmt ábendingum frá Harald bónda á Brautarholti og Sigurði Haraldssyni frá Grófargili, en hann ólst upp á Brautarholti, var punktur tekinn austur undir

Þjóðveginum sem liggur í átt til Sauðárkróks í norðvestur frá hlöðunni. Gegnt hliði á girðingu vestan Sauðárkróksbrautar.

Heimildaskrá

Guðmundur Sveinsson. Túnakort fyrir Brautarholt frá 1917.

Örnefnaskrá fyrir Brautarholt, Rósmundur Ingvarsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Brautarholt (Litla-Seyla) - 181772-105-50 - 4

Hlutverk: Hesthús

Tegund: Heimild 465

Staðsetning: A: 477814 N: 563571

Ástand: Ómetið

Horfin: Já

Heimildamaður: Haraldur Stefánsson (04120063)

Staðhættir

Samkvæmt túnakorti var peningshús fyrir norðan veginn í norðvestur frá bænum (Túnakort; GS). Hjalti Pálsson skrifar: „og annar hesthúskofi uppi á túni fyrir 6 hross“ (313). Í Örnefnaskrá stendur: „Kofi var á túninu vestur undan fjárhúsunum – aðeins norðar þó-, og norðan við heimvegin“ (Ö, 4).

Nánari lýsing

Punktur var tekinn í túninu vestan hlöðunnar, þar sem Haraldur Stefánsson bóndi sagðist hafa rífið hesthús fyrir mörgum árum. Um 100 metra norðvestur af hlöðunni og um 50 metra austan þjóðvegur sem liggur í átt til Sauðárkróks.

Heimildaskrá

Guðmundur Sveinsson. Túnakort fyrir Brautarholt frá 1917.

Hjalti Pálsson. *Byggðasaga Skagafjarðar II. Bindi*. Akureyri 2001.

Örnefnaskrá fyrir Brautarholt, Rósmundur Ingvarsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Brautarholt (Litla-Seyla) - 181772-105-50 - 5

Hlutverk: Brunnur

Tegund: Heimild 465

Staðsetning: A: 477955 N: 563570

Ástand: Ómetið

Horfin: Já

Heimildamaður: Haraldur Stefánsson (04120063)

Staðhættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Brunnur var 25 metrum norðvestur frá bænum. Þar var tekið neysluvatn í bæ og peningshús“ (HP, 313). Í Örnefnaskrá stendur: „Austur af húsunum var brunnur, sem alltaf var vatn í“ (Ö, 4).

Nánari lýsing

Punktur var tekinn um það bil 25 metra í norðvestur frá því þar sem gamli bærinn stóð og 40 metra norðnorðaustur af hlöðunni. Ábúandi man ekki eftir brunninum.

Heimildaskrá

Hjalti Pálsson. *Byggðasaga Skagafjarðar II. Bindi*. Akureyri 2001.

Örnefnaskrá fyrir Brautarholt, Rósmundur Ingvarsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Brautarholt (Litla-Seyla) - 181772-105-50 - 6

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild 465

Staðsetning: 478020 563694

Ástand: Ómetið

Horfin: Já

Heimildamaður: Sigurður Haraldsson (04120049)

Staðhættir

Samkvæmt túnakorti var peningshús norðaustan við bæinn (Túnakort; SG).

Nánari lýsing

Sigurður Haraldsson bóndi á Grófargili man eftir útihúsi í túninu, um 200 metra norðaustur af hlöðunni. Punktur var tekinn í sléttuðu túni neðan undir brekku, um 20 metrum vestan við þar sem túnið breikkar til norðurs.

Heimildaskrá

Guðmundur Sveinsson. Túnakort fyrir Brautarholt frá 1917.

Brautarholt (Litla-Seyla) - 181772-105-50 -7

Sérheiti: Flóðgarðar

Hlutverk: Varnargarður

Tegund: Garðlag

Staðsetning: A: 478161 N: 563600

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Heimildamaður: Sigurður Haraldsson (04120049)

Staðhættir

Varnargarðar voru á enginu neðan við Litlu-Seyluholt. „Haustið 1904 voru þar flóðgarðar samtals 331 faðmur að lengd, eitt fet að ofan og tvö að neðan, hæð tvö fet“ (HP, 314). Í Örnefnaskrá stendur: „Norður af Suðurengi og austan við lækinn (Seyluá) voru Syðsta-Hólf, Miðhólf og Yzta-Hólf. Það voru Flóðgarðar sem mynduðu hólfi“ (Ö. 5).

Nánari lýsing

Þegar horft er yfir engjarnar austur af núverandi bæjarstæði á Brautarholti sjást greinilega þrír garðar sem liggja austur/vestur. Tveir nyrðri garðarnir eru svipaðir að lengd en sá syðsti er stystur þessara þriggja.

Lýsing

Garðarnir eru algrónir en vel greinilegir í landslaginu. Þeir eru svipað háir um 30–40 sentimetrar að hæð og um 0,5 metri að breidd.

Nánari lýsing

Punktur þess garðs sem er í miðjunni A: 478186 N: 563537

Punktur syðsta garðsins A: 478185 N: 563475

Heimildaskrá

Hjalti Pálsson. *Byggðasaga Skagafjarðar II. Bindi*. Akureyri 2001.

Örnefnaskrá fyrir Brautarholt, Rósmundur Ingvarsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Brautarholt (Litla-Seyla) - 181772-105-50 - 8

Hlutverk: Áveita

Tegund: Áveita

Staðsetning: A: 478376 N: 563257

Ástand: Sæmilegt

Staðhættir

Í Örnefnaskrá stendur: „Stífla var sett í Grófargilsána, í svonefndum Olnboga og vatnið úr ánni notað til áveitna. Að því stóðu bændur í Brautarholti, Stóru- Seylu og Geldingaholti. Eftir að bílabrautin kom, var settur stokkur fyrir vatnið í gegnum veginn“ (Ö, 4).

Nánari lýsing

Punktur var tekinn samkvæmt heimildamanni í uppþornuðum árfarvegi í svokölluðum Olnboga, þar hefur áin runnið áður og þar sem heitir Olnbogi er beygja á ánni frá norðri til austurs. Nú hefur ánni verið veitt talsvert sunnar.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Brautarholt, Rósmundur Ingvarsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Brautarholt (Litla-Seyla) - 181772-105-50 - 9

Hlutverk: Heygarður

Tegund: Heimild 465

Staðhættir

Í Örnefnaskrá stendur: „Ytri-Heygarður og Syðri-Heygarður voru í miðjum spildunum, Ytri-Spildu og Syðri-Spildu, sinn í hvorri“(Bls. 6).


Nánari lýsing

Ekki skráður 2004.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Brautarholt, Rósmundur Ingvarsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Brautarholt (Litla-Seyla) - 181772-105-50 - 10



Beitarhús frá Brautarholti

Hlutverk: Beitarhús
Tegund: Tóft
Staðsetning: A: 476911
N: 562897
Lengd: 15 m
Breidd: 14 m
Ástand: Sæmilegt
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Ábúð

Staðhættir

„(65°33'813/19°30'023). Allir Seylubæirnir, Grófargil, Brautarholt (Litla-Seyla) og Stóra-Seyla, höfðu fyrrum beitarhús uppi í Langholtsásnum. Litlu-Seylu-, eða Brautarholts-beitarhúsin voru á háum og gróskumiklum hól, talsvert austur og neðar í Ásnum heldur en Seyluhúsin. Þau saman standa af þremur samstæðum húsum (þriggja

ása hús) með 6 króm, tvö þau syðri reyndar unglegri að sjá. Heytóft stór á bakvið. Dyr snúa móti austri. Krærnar 8 m langar. Það þýðir að 90 fjár hefur komist í syðri húsin tvö, því vafasamt er að norðustu húsin hafi staðið samtímis hinum syðri. Ella hafa þau tekið a.m.k. 130 fjár hafi öll verið uppi samtímis. Við ábúandaskipti 1885 er getið tveggja beitarhúsatófta, lítt stæðilegra, fyrir samtals 80 fjár. Sigurður Jónsson sem kom til búskapar þetta sama ár mun hafa byggt upp beitarhúsin” (HP, 315). Í Örnefnaskrá stendur: „Beitarhús frá Brautarholti voru um miðja girðinguna, - þ.e. nálægt miðju landareignarinnar, og aðeins neðar en Seylu-beitarhús og Grófargils-beitarhús, sem eru sitt hvorrar handar. Leifar beitarhúsanna voru kalllaðar Húsatóftir. Nú sjást þar engar húsatóftir lengur, en á hól, Beitarhúsahól, vallgrónum og fagurgrænum sjást leifar fjárhúsa. Hafa þar verið þrjú garðahús, snúið sem næst austur og vestur með dyr í austur og heytóft vestan við. Stærð húsaleyfanna (rústanna) með heytóft, 15x17 metrar (utanmál). Gjót sést í veggjaleyfunum“ (Ö, 6).

Nánari lýsing

Fremst á hól um kílómetra vestur af íbúðarhúsi á Brautarholti eru beitarhúsatóftir. Hóllinn er vel grænn og sker sig úr umhverfinu.

Lýsing

Tóftin er þrískipt, grjótt sést í hleðslu en tóftin er að öðru leyti gróin. Tvískipt hlaða er að vestan. Utanmál tóftar eru 14x15 metrar, veggir eru fremur lágir hæstir um 0,5 metra en mesta breidd veggja eru 2 metrar. Garði er fyrir miðju í tveimur syðri tóftunum. Dyr eru til austurs á tveimur syðstu tóftunum.

Heimildaskrá

Hjalti Pálsson. *Byggðasaga Skagafjarðar II. Bindi*. Akureyri 2001.

Örnefnaskrá fyrir Brautarholt, Rósmundur Ingvarsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Brautarholt (Litla-Seyla) - 181772-105-50 - 11



Bryndís Zoëga skráir mógröf í landi Brautarholts
Ljósmynd: GZ

Þegar grafinn var ásinn niðurfrá, kom upp feiknamikill mór sem ábúendur vissu ekkert um” (HP, 14). Í Örnefnaskrá stendur: „syðst í landareigninni voru Mógrafir. Mótekja þarna sýnist þó ekki vera góð og jafnvel hægt að fá nærtækari og betri námu. Skýringin á þessu mun vera sú að bændur á Fjalli leigðu sér þarna mótak. (Heimildam. Um mótakisleigu og Móhóla, er M.S.) Lækur rann þar nálægt – til Sæmundarár. Móhólar eru vestur við Sæmundará, og þar var mórinn þurrkaður. Einnig nýtti Brautarholtsbóndi mótekju” (Ö, 6).

Nánari lýsing

Við suðurenda landamerkjagirðingar og um 50 metra austur af Sæmundará er mógröf um 5x7 metrar að utanmáli.

Heimildaskrá

Hjalti Pálsson. *Byggðasaga Skagafjarðar II. Bindi*. Akureyri 2001.

Örnefnaskrá fyrir Brautarholt, Rósmundur Ingvarsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Hlutverk: Mógröf

Tegund: Tóft

Staðsetning:

A: 474918

N: 562356

Lengd: 7 m

Breidd: 5 m

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hætta

Staðhættir

„Mógrafir jarðarinnar voru vestur við Sæmundará, syðst í Brautarholtsgirðingu. Mörgum árum seinna,

Brautarholt (Litla-Seyla) - 181772-105-50 - 12

Hlutverk: Útihús
Tegund: Tóft
Staðsetning: A: 478532
N: 563473
Lengd: 4 m
Breidd: 3 m
Ástand: Sæmilegt
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Ábúð



*Fremst er Útihúsatóft eða Húsmannsbýli á Brautarholti
Ljósmynd: BZ*

Staðhættir

„Lítið er um önnur
markverð gömul
mannvirki á jörðinni
nema ef telja ætti fornlega
húsatóft

(65°34'125/19°27'870)

skammt suðaustur frá refaskálanum, á gilbarmi norðan við Laxaker, algjörlega óskilgreinanlega“ (HP, 315). Í Örnefnaskrá stendur: „Skammt norðan við Laxaker og uppi á holtinu er leifar af einhverju mannvirki sem ekki er gott að sjá hvað verið hefur. Heimildamaður heyrði í æsku talað um að þarna hefði verið húsmannsbýli, en kannski hafa menn verið að geta þess til“ (Ö, 5).

Nánari lýsing

Á hól sem er um 16x16 að ummáli, 100 metra suðaustur af minkahúsum, á norðanverðum gilbarmi Grófargilsár er tóft.

Lýsing

Hóllinn er vel greinilegur og sker sig úr umhverfinu en tóftin á honum er fremur óglögg. Hún snýr norður/suður, er 3x4 metrar að innanmáli og er um 20 sentímetra djúp. Það sér í eitt grjót í tóftinni en að öðru leyti eru hún algróin.

Heimildaskrá

Hjalti Pálsson. *Byggðasaga Skagafjarðar II. Bindi*. Akureyri 2001.

Örnefnaskrá fyrir Brautarholt, Rósmundur Ingvarsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Brautarholt (Litla-Seyla) - 181772-105-50 - 13

Hlutverk: Kartöflugarður
Tegund: Heimild 465
Staðsetning: A: 478545 N: 563473
Ástand: Ómetið
Horfin: Já

Staðhættir

Matjurtagarður skammt norðan við Laxaker. Í Örnefnaskrá stendur: „Um skeið var þarna kartöflugarður“ (Ö, 5).

Nánari lýsing

Ekkert sér nú til kartöflugarðsins en punktur var tekinn tæplega 100 metra suðaustur af minkahúsum, vestan við húsmannstöft sem áður er skráð.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Brautarholt, Rósmundur Ingvarsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Brautarholt (Litla-Seyla) - 181772-105-50 - 14

Sérheiti: Torfhóll

Hlutverk: Rista

Tegund: Hóll

Staðsetning: A: 478314 N: 563505

Lengd: 15

Breidd: 30

Ástand: Gott

Hættumat: Lítill hætta

Hættuorsök: Ábúð

Staðhættir

Í Örnefnaskrá stendur: „Torfhóll er skammt norðvestan við Laxaker. Þar var torfið þurrkað“ (Ö, 5).

Nánari lýsing

Punktur var tekinn efst á lágum hól, Torfhól, eftir ábendingu frá Sigurði Haraldssyni bónda á Grófargili. Um 100 metra vestur af minkahúsi og 80 metra norður af veginum sem liggur að minkahúsinu.

Lýsing

Hóllinn sem er aflangur og snýr norður/suður er um 15x30 metrar að utanmáli. Sunnarlega í honum er dæld í hólinn sem sker sig úr umhverfinu, 2x2 metrar á breidd.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Brautarholt, Rósmundur Ingvarsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Brautarholt (Litla-Seyla) - 181772-105-50 - 15

Hlutverk: Útihús

Tegund: Munnleg heimild

Staðsetning: A: 477970 N: 563756

Ástand: Ómetið

Horfin: Já

Staðhættir

Haraldur Stefánsson bóndi á Brautarholti sagðist hafa komið niður á hleðslur þegar hann var að laga túnið 2003. Þar var tekinn punktur þar sem sýnilegt jarðrask var um 40 metra suður af landamerkjagirðingu og 150-200 metra norðaustur af bænum í óræktaðri spildu við landamerkin.

Brautarholt (Litla-Seyla) - 181772-105-50 - 16

Hlutverk: Garður

Tegund: Garðlag

Staðsetning: A: 478339 N: 563474

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Staðhættir

Um 30 metra norður af veginum sem liggur í átt að minkahúsinu er garður sem liggur austur/vestur meðfram veginum. Hann er um 80 sentimetrar á hæð og um 1 1/5 metra breiður. Hann er ekki algróinn og sér víða í grjót og torf í honum, óvíst er um aldur hans.

Brautarholt (Litla-Seyla) - 181772-105-50 - 17

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Heimild

Staðsetning: A: 477968 N: 563570

Ástand: Ómetið

Horfin: Já

Staðhættir

Á túnakorti er matjurtagarður sýndur um 10 austur af bænum (Túnakort; GS)

Nánari lýsing

Matjurtagarðurinn er nú horfinn en punktur var tekinn um 50 metra austnorðaustur af hlöðunni.

Heimildaskrá

Guðmundur Sveinsson. Túnakort fyrir Brautarholt frá 1917.

Brautarholt (Litla-Seyla) - 181772-105-50 - 18

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Heimild

Staðsetning: A: 477955 N: 563570

Ástand: Ómetið

Horfin: Já

Staðhættir

Á túnakorti er matjurtagarður er um 50 metra vestur af bænum (Túnakort; GS).


Nánari lýsing

Matjurtagarðurinn er horfinn en punktur var tekinn um 20 metra norðaustur af hlöðunni.

Heimildaskrá

Guðmundur Sveinsson. Túnakort fyrir Brautarholt frá 1917.

Brautarholt (Litla-Seyla) - 181772-105-50 - 19



Kofatóft í landi Brautarholts

Hlutverk: Kofi

Tegund: Hleðslur

Staðsetning: A: 475061

N: 562509

Lengd: 2,5 m

Breidd: 1 m

Ástand: Slæmt

Hættumat: Lítil hætta

Staðhættir

Syðst í landi Brautarholts um 100 metra austur af Sæmundará og 80 metra suður af landamerkjagirðingu milli Seylu og Brautarholts er grjóttóft.

Lýsing

Tóftin er um 1 x 2,5 metrar að utanmáli en engar hleðslur standa enn.

Stóra-Seyla - 146071-104

Fjöldi minja: 49

Saga

Seyla er gamalt höfuðból og samkvæmt bréfi frá 1406 þar sem landamerkjum Seylu er lýst, náði jörðin yfir land Grófargils, Litlu-Seylu og Melkots auk heimajarðarinnar. Jörðin hefur verið í bændaeign í gegnum tíðina og þar hafa setið margir af fyrimönnum Skagfirðinga (DI III, 711-712; HP, 305). Seylu er fyrst getið í Sturlungu en þar segir frá er Oddur Þórarinsson sem veginn hafði verið í Geldingaholti var færður til greftrunar í Seylu árið 1255, þar segir; „Menn Odds fluttu líkama hans upp til Seylu – ok grafinn þar síðan undir kirkjugarðinum, - en þó var engi gröftr at þeiri kirkju – og svá langt inn undir kirkjugarðinn“ (ST, 516). Í Auðunnarmáldaga frá 1318 segir að prestur frá Geldingaholti taki 4 merkur í leigu frá Seylu (DI II, 467). Kirkjan hefur síðan líklega lagst niður, því hennar er ekki getið þegar jörðin var seld um eða fyrir árið 1406 (HP, 306). Bænhús var reist þar síðar og segir um það í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín; „Hjer er bænhús og tíðir veittar af prestinum á Glaumbæ, þegar heimamenn eru til sacramentis“ (JÁM, 90). Bænhússins er einnig getið í Sýslu- og sóknarlýsingum en þar segir að enn sjái aurmál þess sunnanvert við bæinn (SS, 66). Síðar var kirkjunni breytt í hesthús sem stóð fram á 20. öld. Kirkjan stóð á hól er kallaður var Kirkjuhóll og sunnan og austan við hann var kirkjugarðurinn (HP, 307). Seyla varð lögakveðinn þingstaður snemma á öldum og var þar dæmt í ýmsum stórmálum en árið 1915 var hann fluttur að Brautarholti (HP, 306).

Melkot og Litla-Seyla voru lengi hjáleigur Seylu. Um Litlu-Seylu eða Brautarholt eins og hún var síðar nefnd er fjallað sérstaklega. Ekkert er vitað um upphaf byggðar á Melkoti en í *Jarðabók Árna og Páls* frá 1713 segir að jörðin hafi verið í eyði síðastliðin átta ár (JÁM, 91). Ekki er vitað hvenær jörðin byggðist að nýju en hún var í ábúð 1753 og hefur líklega verið í ábúð fram í Móðuharðindin árin 1783-4. Í *Sýslu- og sóknarlýsingum* frá 1842 er þess getið að jörðin hafi ekki byggst eftir þau (HP, 486; SS, 65). Árið 1910 byggði Sigurður Hallgrímsson frá Víðimýrarseli á Melkoti, bjó hann þar aðeins í fjögur ár og hefur jörðin verið í eyði síðan). Selstöðu átti Seyla í Reykjaskarði og heitir þar Seylusel. Í *Sýslu- og sóknarlýsingum* segir að haft hafi verið í seli þar til skamms tíma til 1828 en þá hafi selið verið dæmt undan Seylu (HP, 309; SS, 64).

Náttúrufar og jarðabætur

Í *Jarðabók Árna og Páls* er jarðardýrleiki talinn eitt hundruð með kotunum Litlu-Seylu og Melkoti (JÁM, 90). Í *Jarðabók Johnsens* frá 1847 er Seyla talin 60 hundruð að dýrleika en þess er jafnframt getið að í jarðatali frá 1802 sé hjáleigan Litla-Seyla talin 10 hundruð að dýrleika, jörðin er þá í bændaeign (JJ, 259). Í *Jarðabók Árna og Páls* er torfrista og stunga sögð sæmileg og reiðingur út keyptur (JÁM, 90).

Gróið beitoland, framræst að hluta og engjar eru í austur hluta Seylulands en vestan þess tekur túnið við. Austurhluti túnsins er í halla en það er flatara vestur að þjóðvegi. Norðanvert í landinu austan vegar er nokkuð um óræktuð holt. Vestan vegar á Stóra-Seyla víðáttumikið land. Upp frá veginum eru tún en vestan þeirra tekur við hallandi mýrlendi að ásnúm sem er fremur gróðurlítill en nokkuð þó vestan til þar sem melar og holt eru áberandi. Hlunnindi af jörðinni eru lax- og silungsveiði í Húseyjarkvísl og Sæmundará (HP, 304).

Landamerki

Í Örnefnaskrá er landamerkjabréf fyrir Stóru-Seylu birt í heild sinni, þar segir um landamerki: „Neðst að sunnan ræður merkjavarða, sem stendur niður við Húseyjarkvísl, fáa faðma fyrir sunnan Melkotsskurð. Frá þeirri vörðu beint upp í mitt Laxaker og þaðan beint í vörðu, sem stendur á holtinu fyrir ofan Seyluá. Þaðan beint eftir merkjaröð, alla leið vestur yfir Seyluás og í miðjan Grafarhól, sem stendur upp við Sæmundará. Svo ræður Sæmundará alla leið til fornu Vaðsgötu, fyrir utan og neðan Skarðsá, sem skjöl frá 1406 hafa fyrir hornmark vestast í norðurkanti. Frá Hornvörðu, sem þar stendur, beina leið austur yfir Seyluás alla leið á brúnina fyrir sunnar Bárðarstaði. Frá hornvöðu sem þar stendur, beint suður brúnina og í hornvörðu, sem stendur á brúninni fyrir utan og ofan Seylu. Frá henni ofan Skipagil og beint í vörðu á Stuttholti. Frá henni í hornvörðu, sem stendur þar austan í flánni, og frá henni suður í Seyluá og hana ofan í Húseyjarkvísl. Og svo ræður Kvíslin suður að merkjavörðu þeirri, sem fyrst er frá skýrt“ (Ö, 2).

Heimildaskrá

Hjalti Pálsson. *Byggðasaga Skagafjarðar, II. Bindi*. Akureyri, 2001.

Íslenzkt fornbréfasafn II, 1253-1350. Kaupmannahöfn, 1893.

Íslenzkt fornbréfasafn III, 1269-1415. Kaupmannahöfn, 1896.


Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (9. bindi). Hið Íslenska Fræðafjelag í Kaupmannahöfn, 1930.

J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi*. Kmh. 1847.

S: Sturlungasaga I. Sturlungaútgáfan. Reykjavík, 1946. Jón Jóhannesson, Magnús Finnbogason og Kristján Eldjárn sáu um útgáfuna.

Sýslu og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873 II Skagafjarðarsýsla. Akureyri 1954.

Örnefnaskrá fyrir Stóru-Seylu, Rósmundur Ingvarsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.



Stóra-Seyla - 146071-104 - 1

Sérheiti: Seyla

Hlutverk: Bæjarhóll

Tegund: Bæjarhóll

Staðsetning:

A: 4477719

N: 564288

Lengd: 11 m

Breidd: 19 m


Ástand: Ómetið

Horfin: Já

Staðhættir

Samkvæmt Túnakorti er bærinn fyrir miðju túnsins.

„Gamla bæjarstæðið á Stóru-Seylu er talsvert utar og neðar en íbúðarhúsið, norðast á hólhrygg og liggur mýrardrag fyrir ofan sem bæjarlækurinn fór eftir norður fyrir



Bæjarhólinn og féll í gili niður brekkuna til austurs og myndar dálítinn foss. Bærinn stóð á hólendanum en norðan við hann var skemma og sjást veggjabrot þar ennþá, en aurmál sjálfs bæjarins eru með öllu horfin“ (HP, 307). Í Örnefnaskrá stendur: „Gamli bærinn, sem var torfbær, byggður 1925, stóð geysilengi. Seinast sá bóndinn sig tilneyddan til að brenna hann, vegna þess að aðkomufólk sótti mjög á að gista þar án leyfis. Bærinn var allnokkru norðaustan við íbúðarhúsið, og norðan við langan hól eða rinda, sem Langur heitir“ (Ö, 4).

Nánari lýsing

Bæjarhóllinn er 11x19 metrar að utanmáli. Svæðið var sléttað um miðjan 7. áratuginn og sjást enginn merki um gamla torfbæinn. Vestast á hólnum er steypur grunnur (SASS).


Heimildaskrá

Gísli Sveinsson: Túnakort fyrir Seylu í Seyluhreppi frá 1917.

Hjalti Pálsson. *Byggðasaga Skagafjarðar II. Bind.* Akureyri 2001.

Örnefnaskrá fyrir Stóru-Seylu, Rósmundur Ingvarsson skráði. Örnefnastofnun Íslands. Skagafjörður Archaeological Settlement Survey. Surface Survey, 2002. Útgefið: Daniels, Robert D. 2003.

Seyla - 146071-104 -2



Hlutverk: Skemma

Tegund:

Heimild 465

Staðsetning:

A: 4477720

N: 564313

Ástand: Slæmt

Horfin: Já

Staðhættir

Skemma. Samkvæmt Túnakorti stóð skemma fyrir norðan bæinn. „Bærinn stóð á hólendanum en norðan við

hann var skemma og sjást veggjabrot þar ennþá“ (HP, 307).

Nánari lýsing

Nyrst á hólnum þar sem gamli torfbærinn stóð eru veggjabrot sem líklega eru leifar gömlu skemmunnar. Hefur snúið nálega norður/suður og verið um 9x6 metrar að utanmáli. Gólfíð er um það bil metra lægra en svæðið í kring. Eystri veggurinn er enn uppistandandi að hluta og er um 2 metrar á hæð og sýnir greinilega torf uppbyggingu þeirra. Tóftin hefur verið um 9x6 metrar (SASS).

Heimildaskrá

Gísli Sveinsson: Túnakort fyrir Seylu í Seyluhreppi frá 1917.

Hjalti Pálsson. *Byggðasaga Skagafjarðar II. Bind.* Akureyri 2001.

Skagafjörður Archaeological Settlement Survey. Surface Survey, 2002. Útgefið: Daniels, Robert D. 2003.

Stóra-Seyla - 146071-104 - 3

Hlutverk: Brunnur

Tegund: Heimild 465

Staðsetning: A: 477712 N: 564338

Ástand: Ómetið

Horfin: Já

Staðhættir

Samkvæmt Túnakorti var brunnhús norðvestur af bæjarhúsunum. „Brunnur var vestan við lækinn, vestur af norðurenda bæjarins. Þaðan var borið allt vatn í bæinn“ (HP, 307).

Nánari lýsing

Punktur var tekinn við bæjarhólinn þar sem lækurinn rennur. Brunnurinn er nú horfinn (SASS).

Heimildaskrá

Gísli Sveinsson: Túnakort fyrir Seylu í Seyluhreppi frá 1917.

Hjalti Pálsson. *Byggðasaga Skagafjarðar II. Bind.* Akureyri 2001.

Skagafjörður Archaeological Settlement Survey. Surface Survey, 2002. Útgefið: Daniels, Robert D. 2003.

Stóra-Seyla - 146071-104 - 4

Sérheiti: Mundahús

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Staðsetning:

A: 477691

N: 564325

Lengd: 20 m

Breidd: 28 m

Ástand: Sæmilegt

Hættuorsök: Ábúð


Staðhættir

Samkvæmt Túnakorti var peningshús norður af bæjarhúsinu. Gæti mögulega verið Mundahús. Um þau segir Hjalti Pálsson:

„Fjárhústóftir standa utan og vestan við lækinn. Þar byggði Guðmundur Stefánsson fjárhús og voru kölluð Mundahús. Þar var fjósið áður og göngubrú yfir lækinn í gilinu“ (HP, 307). Í Örnefnaskrá stendur: „Fjárhúsin, sem nefnd voru Mundahús voru sunnan við fjósið“ (Ö, 6).

Nánari lýsing

Tóftin er þrískipt, 20x28 metrar að utanmáli. Stærsta hólfið er um 17x7 metrar og er staðsett á suðvesturhlíð tóftar og snýr suðaustur/norðvestur með dyrum sem snúa til suðvesturs. Annað hólfið er um 10x6 metrar og er staðsett við norðausturhlíð tóftar. Það snýr suðvestur/norðaustur. Dyr eru á tóftinni og snúa mót norðaustri. Þriðja hólfið



er um 10x7 metrar og er staðsett á suðausturenda tóftar. Það snýr suðvestur/norðaustur og hefur tréþil verið til norðausturs. Veggir eru 2 metrar á breidd og um 1-2 metrar á hæð (SASS).


Heimildaskrá

Gísli Sveinsson: Túnakort fyrir Seylu í Seyluhreppi frá 1917.

Hjalti Pálsson. *Byggðasaga Skagafjarðar II. Bindi*. Akureyri 2001.

Örnefnaskrá fyrir Stóru-Seylu, Rósmundur Ingvarsson skráði. Örnefnastofnun Íslands. Skagafjörður Archaeological Settlement Survey. Surface Survey, 2002. Útgefið: Daniels, Robert D. 2003.

Stóra-Seyla - 146071-104 - 5



Hlutverk: Fjós
Tegund: Tóft
Staðsetning:
A: 477739
N: 564283
Ástand: Slæmt
Hættuorsök: Ábúð

Staðhættir

Í Örnefnaskrá stendur. „Síðast var aðal-fjosið rétt neðan við bæinn. (Gamlabæ)“ (Ö, 6).

Nánari lýsing

Fjosið er að mestu

leyti horfið að undanskildum fjórum litlum óreglulegum hólum. Þrír þeirra eru í beinni röð frá norðri til suðurs og gætu verið hluti af torfvegg.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Stóru-Seylu, Rósmundur Ingvarsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Stóra-Seyla - 146071-104 - 6

Sérheiti: Lambhús

Hlutverk: Lambhús

Tegund: Heimild 465

Ástand: Ómetið

Horfin: Já

Staðhættir

Í Örnefnaskrá stendur: „Norður af íbúðarhúsinu var röð húsa. Norðasta húsið af þeim hét Lambhús“ (Ö, 5).

Nánari lýsing

Ekki skráð 2002.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Stóru-Seylu, Rósmundur Ingvarsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Stóra-Seyla - 146071-104 - 7

Sérheiti: Gíslahús

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild 465

Staðsetning: A: 477648 N: 564091

Ástand: Ómetið

Horfin: Já

Staðhættir

Samkvæmt Túnakorti var peningshús í vesturhluta túnsins nálægt túngarðinum. Gæti verið Gíslahús. Í Örnefnaskrá stendur: „Gíslahús var ca. 10 norðan við þann stað sem íbúðarhúsið stendur nú á. Líklegt er að það hafi verið kennt við Gísla Benediktsson” (Ö, 5).

Nánari lýsing

Engin merki sjást um fjárhúsið en punktur var tekinn um 10 metra norðan af íbúðarhúsinu (SASS).

Heimildaskrá

Gísli Sveinsson: Túnakort fyrir Seylu í Seyluhreppi frá 1917.

Örnefnaskrá fyrir Stóru-Seylu, Rósmundur Ingvarsson skráði. Örnefnastofnun Íslands. Skagafjörður Archaeological Settlement Survey. Surface Survey, 2002. Útgefið: Daniels, Robert D. 2003.

Stóra-Seyla - 146071-104 - 8

Sérheiti: Þilhús

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Heimild 465

Ástand: Ómetið

Horfin: Já

Staðhættir

Í Örnefnaskrá stendur: „Þar sem íbúðarhúsið stendur núna (1999), eða aðeins austar var fjárhús er nefnt var Þilhús. Það mun hafa verið torfhús með þili að framan“ (Ö, 5).

Nánari lýsing

Ekkert sést til fjárhúss á þessum stað (SASS).

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Stóru-Seylu, Rósmundur Ingvarsson skráði. Örnefnastofnun Íslands. Skagafjörður Archaeological Settlement Survey. Surface Survey, 2002. Útgefið: Daniels, Robert D. 2003.

Stóra-Seyla - 146071-104 - 9

Sérheiti: Mýrarhús

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Heimild 465

Staðsetning: A: 477682 N: 563993

Ástand: Ómetið

Horfin: Já

Staðhættir

Samkvæmt Túnakorti stóð peningshús utan við túngarðinn norðanmegin við veginn. Gæti verið Mýrarhús. Í Örnefnaskrá stendur: „Fjárhús, sem stóðu rétt sunnan við lóð íbúðarhússins, hét Mýrarhús“ (Ö, 5).

Nánari lýsing

Fjárhúsið er horfið en punktur var tekinn efst við dæld sem liggur austur/vestur í túni um 70 metra sunnan íbúðarhússins (SASS).

Heimildaskrá

Gísli Sveinsson: Túnakort fyrir Seylu í Seyluhreppi frá 1917.

Örnefnaskrá fyrir Stóru-Seylu, Rósmundur Ingvarsson skráði. Örnefnastofnun Íslands. Skagafjörður Archaeological Settlement Survey. Surface Survey, 2002. Útgefið: Daniels, Robert D. 2003.

Stóra-Seyla - 146071-104 - 10

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Heimild 465

Ástand: Ómetið

Horfin: Já

Staðhættir

Samkvæmt Túnakorti stóð peningshús utan túngarðs suður af veginum.

Nánari lýsing

Ekkert sést til fjárhúss á þessum stað (SASS)

Heimildaskrá

Gísli Sveinsson: Túnakort fyrir Seylu í Seyluhreppi frá 1917.

Skagafjörður Archaeological Settlement Survey. Surface Survey, 2002. Útgefið: Daniels, Robert D. 2003.

Stóra-Seyla - 146071-104 - 11

Sérheiti: Kirkjuvallarhús

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Heimild 465

Staðsetning: A: 477794 N: 564119

Ástand: Ómetið

Horfin: Já

Staðhættir

Samkvæmt Túnakorti var peningshús í suðurenda túnsins. Gæti mögulega verið Kirkjuvallarhús. „Á hryggnum suður frá bænum voru þrjú fjárhús og nefndust Kirkjuvallarhús, Langhús og Syðstikofi“ (HP, 307). Í Örnefnaskrá stendur: „Á Kirkjuvelli voru Kirkjuvallarhús, fjárhús, og þar sunnan við var Syðstikofi“ (Ö, 5).

Nánari lýsing

Fjárhúsin eru horfin og engin ummerki sjást um þau (SASS).

Heimildaskrá

Gísli Sveinsson: Túnakort fyrir Seylu í Seyluhreppi frá 1917.

Hjalti Pálsson. *Byggðasaga Skagafjarðar II. Bind.* Akureyri 2001.

Örnefnaskrá fyrir Stóru-Seylu, Rósmundur Ingvarsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Skagafjörður Archaeological Settlement Survey. Surface Survey, 2002. Útgefið: Daniels, Robert D. 2003.

Stóra-Seyla - 146071-104 - 12

Sérheiti: Langhús

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Heimild 465

Staðsetning: A: 477791 N: 564067

Ástand: Ómetið

Horfin: Já

Staðhættir

Samkvæmt túnakorti var peningshús í suðurenda túnsins. Gæti mögulega verið Langhús. „Á hryggnum suður frá bænum voru þrjú fjárhús og nefndust Kirkjuvallarhús, Langhús og Syðstikofi“ (HP, 307). Í Örnefnaskrá stendur: „Langur, sem fyrr er nefndur, er tún sem liggur suður frá Kirkju- og bæjarstæði. Sunnarlega á honum voru Langhús“ (Ö, 5).

Nánari lýsing

Fjárhúsin eru horfin og engin ummerki sjást um þau (SASS).

Aðrar upplýsingar

Gísli Sveinsson: Túnakort fyrir Seylu í Seyluhreppi frá 1917.

Hjalti Pálsson. *Byggðasaga Skagafjarðar II. Bind.* Akureyri 2001.

Örnefnaskrá fyrir Stóru-Seylu, Rósmundur Ingvarsson skráði. Örnefnastofnun Íslands. Skagafjörður Archaeological Settlement Survey. Surface Survey, 2002. Útgefið: Daniels, Robert D. 2003.

Stóra-Seyla - 146071-104 - 13

Hlutverk: Mógröf

Tegund: Heimild 465

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Í Örnefnaskrá stendur: „Mór (Mórin) nefnist partur af gamla túninu, neðan við Lang“ (Ö,6).

Nánari lýsing

Ekki skráð 2002.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Stóru-Seylu, Rósmundur Ingvarsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Stóra-Seyla - 146071-104 - 14

Sérheiti: Syðstikofi

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Heimild 465

Staðsetning: A: 477807 N: 564044

Ástand: Ómetið

Horfin: Já

Staðhættir

Samkvæmt Túnakorti var peningshús syðst í suðurenda túnsins. Gæti mögulega verið Syðstikofi. „Á hryggnum suður frá bænum voru þrjú fjárhús og nefndust Kirkjuvallarhús, Langhús og Syðstikofi“ (HP, 307). Í Örnefnaskrá stendur: „Á Kirkjuvelli voru Kirkjuvallarhús, fjárhús, og þar sunnan við var Syðstikofi“ (Ö, 5).

Nánari lýsing

Fjárhúsin eru horfin og engin ummerki sjást um þau (SASS).

Heimildaskrá

Gísli Sveinsson: Túnakort fyrir Seylu í Seyluhreppi frá 1917.

Hjalti Pálsson. *Byggðasaga Skagafjarðar II. Bind.* Akureyri 2001.

Örnefnaskrá fyrir Stóru-Seylu, Rósmundur Ingvarsson skráði. Örnefnastofnun Íslands. Skagafjörður Archaeological Settlement Survey. Surface Survey, 2002. Útgefið: Daniels, Robert D. 2003.

Stóra-Seyla - 146071-104 - 15

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag, Tóft

Staðsetning:

A: 477746

N: 564371

Lengd: 29 m

Ástand: Sæmilegt

Nánari lýsing

Túngarðurinn er 29 metra langur og liggur nokkurn veginn vestur/austur.


Veggurinn er um 1 metri bæði á hæð og breidd. Sunnan við vegginn er önnur tóft,

um það bil metri er á milli túngarðs og tóftar. Hún liggur einnig austur/vestur. Hún er þannig uppbyggð að 22 metra langur veggur liggur austur/vestur og út úr honum þrír minni veggir. Enginn veggur er til suðurs. Tóftin er 9 metrar á breidd (SASS).

Heimildaskrá

Gísli Sveinsson: Túnakort fyrir Seylu í Seyluhreppi frá 1917.

Skagafjörður Archaeological Settlement Survey. Surface Survey, 2002. Útgefið: Daniels, Robert D. 2003.



Stóra-Seyla - 146071-104 - 16

Sérheiti: Kerruvegur

Hlutverk: Heimreið

Tegund: Heimild 465

Staðsetning: A: 477583 N: 564113

Ástand: Ómetið

Horfin: Já

Staðhættir

Samkvæmt Túnakorti kom heimreiðin inn á túnin úr vestri og beygði svo í norður upp að bænum. Í Örnefnaskrá stendur: „Gatan frá bænum lá í vinkel, fyrst suður frá bænum - suður á móts við íbúðarhúsið og síðan beint í vestur og að veginum á sama stað og heimvegurinn að íbúðarhúsinu er. Gatan, eða vegurinn frá Gamlabænum var það sem kallað var Kerruvegur“ (Ö, 6.)

Nánari lýsing

Ekkert sést til gömlu heimreiðarinnar nema að gróður er öðruvísi þar sem hún lá (SASS).

Heimildaskrá

Gísli Sveinsson: Túnakort fyrir Seylu í Seyluhreppi frá 1917.

Örnefnaskrá fyrir Stóru-Seylu, Rósmundur Ingvarsson skráði. Örnefnastofnun Íslands. Skagafjörður Archaeological Settlement Survey. Surface Survey, 2002. Útgefið: Daniels, Robert D. 2003.

Stóra-Seyla - 146071-104 - 17



Kirkjutóftin á Seylu

Teikning: SASS

Hlutverk: Kirkja,
Þingstaður, Hesthús
Tegund: Tóft
Staðsetning:
A: 477730
N: 564246
Breidd: 8 m
Ástand: Sæmilegt

Staðhættir

Kirkju er fyrst getið á Seylu árið 1255 eftir víg Odds Þórarinssonar í Geldingaholti er menn tóku lík hans og færðu að Seylu

og grófu inn undir kirkjugarðinn, þó enginn gröftur væri að þeirri kirkju. Í Auðunarmáldaga frá 1318 er þess getið að prestur í Geldingaholti taki 4 merkur í leigu (þ.e. þjónustulaun frá Seylu, jafnmikið og í Geldingaholti. Við sölu jarðarinnar um eða fyrir 1406 er í engu getið kirkju eða kirkjuskyldu og eru þó talin öll venjuleg ákvæði í því skjali. Má álykta að þá hafi engin kirkja verið á Seylu og raunar engin heimild um hana fyrr en í jarðabókinni 1713 sem segir þá vera bænhus á Seylu og tíðir veittar af prestinum í Glaumbæ þegar heimamenn eru til sakramentis. Árið 1842 segir að enn sjái aurmál bænhusins sunnan við bæinn. Kirkjan var sunnan við gamla bæinn og er þar enn kringlótt tóft. Sagt er að þegar kirkjan var lögð niður á 18. öld hefði henni verið breytt í þinghús og hélst svo lengi. Síðar var henni breytt í hesthús sem stóð talsvert fram á 20. öld. Dyr sneru til austurs en engin þilstafn var þó á hesthúsinu. Hóllinn með tóftinni var kallaður kirkjuhóll” (HP, 307).

Í Örnefnaskrá stendur: „Kirkja var á Seylu til forna og síðar bænhus. 1713 voru þar tíðir veittar af prestinum í Glaumbæ, þegar heimamenn voru til sakramentis, en aflagt var það fyrir 1800“ (Jarða- og búendatal). Seylu er snemma getið í heimildum. Með vissu verður séð, að 1255 hefur verið kirkja þar, því að Oddur Þórarinsson var fluttur þangað frá Geldingaholti og grafinn „langt inn undir kirkjugarðinn“, en „þó var

enginn gröftur að þeirri kirkju“, bætir höfundur Íslendingabókar Sturlunga sögu við (Ö, 1). „Bænhús hefur verið á Stóru-Seylu ; sér enn aurmál þess, sunnanvert við bæinn. Svo segir í Sýslu- og sóknalýsingu frá 1842, og þar er bætt við: Sturlunga kallar þar kirkju og svo Árna bps. saga í 23. Kap. ---“ (Ö,1). „Snemma á öldum varð Seyla lögákveðinn þingstaður og þar voru dæmd stórmál eins og tylftardómur um Sveinstaðareið Teits ríka Þorleifssonar 1527 og Þórdísarmálið á árunum 1608-1618. (Sjá um það undir Sólheimum.) Einnig má nefna Drumbadóm frá 1582. (Sjá hér aftar.) Seyluhreppur var kenndur við bæinn og þingstaðinn. Líklega hafa Seyluhreppur og Staðarhreppur verið einn hreppur til forna. Ekki er vitað hvenær þeir skiptust en það hefur orðið fyrir 1700. Rök til þessa eru þau að Stóra-Seyla var þingstaður beggja hreppana allt fram til 1882 er landshöfðingi gaf út bréf 15.maí þess efnis að sérstakt manntalsþing fyrir Staðarhrepp skuli framvegis haldið að Reynistað. Árið 1915 var þingstaðurinn fluttur að Litlu-Seylu sem sama ár hafði tekið nafnskiptum og heitir síðan Brautarholt“ (HP, 306). Í Örnefnaskrá stendur: „Þegar kirkjan á Seylu var lögð niður var kirkjuhúsinu breytt í þinghús. Halldór man eftir veggjunum. Húsið var síðar skemma og síðast notað sem hesthús. Leifar af því má sjá ennþá (1999). Smáhóll með laut niður í og fast norðan við eru aflandar þúfur, sem líkjast tveim leiðum“ (Ö, 2). „Litli hóllinn þar sem Kirkjan áður stóð, nefnist Þinghústóft“ (Ö, 5)

Nánari lýsing

Kirkju- og síðar þinghústóftin stendur á lágum hól. Hún er er hlaðin á þrjá vegu og um 8 metrar að þvermáli. Miðja tóftar er fremur djúp. Tóftin er opin til vesturs og lágur þröskuldur skilur að svæðin innan og utan tóftar. Austan tóftarinnar er brött brekka niður að næsta túni (SASS).

Heimildaskrá

Hjalti Pálsson. *Byggðasaga Skagafjarðar II. Bindi*. Akureyri 2001.

Örnefnaskrá fyrir Stóru-Seylu, Rósmundur Ingvarsson skráði. Örnefnastofnun Íslands. Skagafjörður Archaeological Settlement Survey. Surface Survey, 2002. Útgefið: Daniels, Robert D. 2003.

Stóra-Seyla - 146071-104 - 18

Hlutverk: Kirkjugarður

Tegund: Heimild 465

Staðsetning: A: 477749 N: 564243

Ástand: Ómetið

Staðhættir

„Kirkjugarðurinn var norðan við Kirkjuvöllinn, sunnan og austan við Kirkjuhólinn. Þar sást vel fyrir hringlaga garði og mótaði fyrir leiðum. Nú hefur þetta allt verið sléttað“ (HP, 307). Í Örnefnaskrá stendur: „Að sögn Halldórs bónda Björnssonar, hefur á síðari tímum verið grafreitir við Seylukirkju og í hans tíð sást móta fyrir leiðum. Þar heitir síðan Kirkjuvöllur. Völlurinn var svo sléttaður upp á nýtt og nú sjást engar ójöfnur lengur“ (Ö, 2). Örnefnið Kirkjuvöllur „er að minnsta kosti 500 ára gamalt og er nú það eina á Seylu, sem geymir menjar Kirkjuhaldsins þar á 13. og 14. öld“ (Ö, 6).

Lýsing

Ekki skráð 2002.

Heimildaskrá

Hjalti Pálsson. *Byggðasaga Skagafjarðar II. Bindi*. Akureyri 2001.

Örnefnaskrá fyrir Stóru-Seylu, Rósmundur Ingvarsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Stóra-Seyla - 146071-104 - 19

Hlutverk: Brú

Tegund: Heimild 465

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Göngubrú var yfir bæjarlækinn rétt hjá Mundahús. „Þar byggði Guðmundur Stefánsson fjárhús og voru kölluð Mundahús. Þar var fjósið áður og göngubrú yfir lækinn í gílinu“ (HP, 307).

Nánari lýsing

Ekki skráð 2002.

Heimildaskrá

Hjalti Pálsson. *Byggðasaga Skagafjarðar II. Bindi*. Akureyri 2001.

Stóra-Seyla - 146071-104 - 20

Hlutverk: Brú

Tegund: Heimild 465

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Suðvestur af bænum var brú. „Önnur slík brú var í suðvestur frá bænum. Við mestu flóð í læknum flaut yfir þessar brýr“ (HP, 307).

Nánari lýsing

Ekki skráð 2002.

Heimildaskrá

Hjalti Pálsson. *Byggðasaga Skagafjarðar II. Bindi*. Akureyri 2001.

Stóra-Seyla - 146071-104 - 21

Hlutverk: Mylla

Tegund: Heimild 465

Staðsetning: A: 477704 N: 564303

Ástand: Ómetið

Horfin: Já

Staðhættir

„Um eða fyrir aldamótin 1900 mun hafa verið vatnsmylla í læknum við bæinn, en engar minjar sjást um hana lengur og sagnir raunar óljósar“ (HP, 307-308).

Nánari lýsing

Myllan er horfin en punktur var tekinn við lækinn sem rennur við bæjarhólinn (SASS).

Heimildaskrá

Hjalti Pálsson. *Byggðasaga Skagafjarðar II. Bindi*. Akureyri 2001.

Skagafjörður Archaeological Settlement Survey. Surface Survey, 2002. Útgefið:

Daniels, Robert D. 2003.

Stóra-Seyla - 146071-104 - 22

Hlutverk: Áveita

Tegund: Heimild 465

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Áveitur voru úr Grófargilsánni á Seyluengi. „Áveitur voru úr Grófargilsánni, sem reyndar var kölluð Seyluá þar sem hún féll út með börðum Litlu-Seyluholtsins út á engjarnar, og sjást þar enn talsverð mannvirki eftir áveiturnar sem voru í notkun fram um miðja 20. öld. Víða sjást áveitugarðar og sums staðar uppbyggður vatnsfarvegur sem lagður hefur verið krókótt eftir engjunum, eins konar renna með hlöðnum bökkum sitt hvoru megin“ (HP, 308).

Nánari lýsing

Ekki skráð 2002.

Heimildaskrá

Hjalti Pálsson. *Byggðasaga Skagafjarðar II. Bindi*. Akureyri 2001.

Stóra-Seyla - 146071-104 - 23

Hlutverk: Heygarður

Tegund: Heimild 465

Staðsetning: A: 477756 N: 564021

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Í Örnefnaskrá stendur: „Austan við Tjörnina, á hæsta stað í Seyluengi er heygarður á Tjarnarrinda og sjást enn (1999) leifar af heygarðinum, 11 x 4-5 m. Heygarðar munu hafa sést víðar í enginu“ (Ö, 7).

Nánari lýsing

Heygarður fannst ekki við leit 2002 en punktur var tekinn samkvæmt heimild (SASS).

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Stóru-Seylu, Rósmundur Ingvarsson skráði. Örnefnastofnun Íslands. Skagafjörður Archaeological Settlement Survey. Surface Survey, 2002. Útgefið: Daniels, Robert D. 2003.

Stóra-Seyla - 146071-104 - 24

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Heimild 465

Ástand: Ómetið

Staðhættir

„Stekkur (65°34'248/19°27'848) var niðri í Neðraengi suðvestur af Seylutjörn. Hann hefur enga stekkjarmynd að sjá, er einungis lítill hóll svo sem 80-100 metrum sunnan og vestan við Seylutjörnina. Sunnan við stekkin er Melkotsdokkin og Melkotsrindinn. Skammt er frá stekknunum suður að mynni Grófargilsárinnar, þar sem hún hefur verið tekin út eftir austan við börðin“ (HP, 309). Í Örnefnaskrá stendur: „Uppi undir holtinu, sem gengur norður úr Reykjarhólunum, er kíll, sem nefnist

Stekkjarkíll. Austan við kílinn er rindi, er kallast Stekkjarrindi“ (Ö, 6) „Stekkur mun hafa verið á Stekkjarrinda, og sjást leifar af honum” (Ö, 7).

Nánari lýsing

Ekki skráð 2002.

Heimildaskrá

Hjalti Pálsson. *Byggðasaga Skagafjarðar II. Bindi*. Akureyri 2001.

Örnefnaskrá fyrir Stóru-Seylu, Rósmundur Ingvarsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Stóra-Seyla - 146071-104 - 25

Hlutverk: Landamerki

Tegund: Heimild 465

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Í Örnefnaskrá stendur: „Neðst að sunnan ræður merkjavarða, sem stendur niður við Húseyjarkvísl, fáa faðma fyrir sunnan Melkotsskurð“ (Ö, 2).

Nánari lýsing

Ekki skráð 2002.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Stóru-Seylu, Rósmundur Ingvarsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Stóra-Seyla - 146071-104 - 26

Hlutverk: Náma

Tegund: Heimild 465

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Í Örnefnaskrá stendur: „Heimilt skal og Stóru-Seylu ábúanda að taka eftir þörfum grjót úr holtinu fyrir neðan Seiluá og utan Laxker“ (Ö, 3).

Nánari lýsing

Ekki skráð 2002.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Stóru-Seylu, Rósmundur Ingvarsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Stóra-Seyla - 146071-104 - 27

Hlutverk: Landamerki

Tegund: Heimild 465

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Í Örnefnaskrá stendur: „upp í mitt Laxaker og þaðan beint í vörðu, sem stendur á holtinu fyrir ofan Seyluá“ (Ö, 2).

Nánari lýsing

Ekki skráð 2002.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Stóru-Seylu, Rósmundur Ingvarsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Stóra-Seyla - 146071-104 - 28

Sérheiti: Seylurétt

Hlutverk: Rétt

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 477604 N: 564414

Lengd: 18 m

Breidd: 15 m

Ástand: Slæmt

Staðhættir

„Seylurétt svokölluð var á hæðinni stuttu fyrir ofan veg og heldur út og upp frá íbúðarhúsinu. Eldri rétt var dálitlu sunnar. Seylurétt var við lýði þangað til Grófargilsrétt var byggð. Þangað var m.a. rekið fé sem smalað var úr grísafellinu. Það var fyrst réttað á Fjalli, síðan rekið til Seyluréttar og dregið úr fé Langholtsbænda en farið með úrtíninginn til Staðarréttar. Réttirnar voru úr torfi báðar og sjást þeirra engar minjar lengur. Rústirnar fóru undir tún þegar land var ræktað og leigt til Vallhólms“ (HP, 309). Í Örnefnaskrá stendur: „Spölkorn ? ofan við þjóðveginn var fjárrétt, Seylurétt“ (Ö, 4).

Nánari lýsing

Réttin er nú horfin en 3-5 sentímetra djúp dæld er í jörðina, um 15x18 metrar að ummáli. Dældin sker sig einnig úr að því leyti að grasið þar er mun lágvaxnara en umhverfis (SASS).

Heimildaskrá

Hjalti Pálsson. *Byggðasaga Skagafjarðar II. Bindi*. Akureyri 2001.

Örnefnaskrá fyrir Stóru-Seylu, Rósmundur Ingvarsson skráði. Örnefnastofnun Íslands. Skagafjörður Archaeological Settlement Survey. Surface Survey, 2002. Útgefið: Daniels, Robert D. 2003.

Stóra-Seyla - 146071-104 - 29

Hlutverk: Rétt

Tegund: Heimild 465

Staðsetning: A: 477824 N: 564009

Ástand: Ómetið

Horfin: Já

Staðhættir

Í Örnefnaskrá stendur: „Seylurétt svokölluð var á hæðinni stuttu fyrir ofan veg og heldur út og upp frá íbúðarhúsinu. Eldri rétt var dálitlu sunnar. Réttirnar voru á því svæði sem tekið var til túnræktar samkvæmt framansögðu. Sú nýrri var jöfnuð við jörðu. Eldri réttin er einnig horfin, en þar sem hún var, er sléttur hóll“ (Ö, 8).

Nánari lýsing

Réttin er horfin og sjást engin merki um hana (SASS).

Heimildaskrá Örnefnaskrá fyrir Stóru-Seylu, Rósmundur Ingvarsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Skagafjörður Archaeological Settlement Survey. Surface Survey, 2002. Útgefið: Daniels, Robert D. 2003.

Stóra-Seyla - 146071-104 - 30

Hlutverk: Landamerki
Tegund: Heimild 465
Ástand: Ómetið

Staðhættir

Í Örnefnaskrá stendur: „og í hornvörðu, sem stendur á brúninni fyrir utan og ofan Seylu“ (Ö, 2).

Nánari lýsing

Ekki skráð 2002.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Stóru-Seylu, Rósmundur Ingvarsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Stóra-Seyla - 146071-104 - 31

Sérheiti: Selgötur
Hlutverk: Leið
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið

Staðhættir

„Örnefnið Selgatnaholt er á leiðinni vestur yfir ásin og bendir á forna atvinnuhætti þegar haft var í seli í Reykjaskarði. Árið 1406 eru norðvesturlandamerki Seylu talin við Sæmundará um Vaðsgötur, fyrir utan Skarðsá og þaðan heim með Selgötunni frá Geldingaholti fyrir sunnan Selsholt“ (HP, 309.) Í Örnefnaskrá stendur: „Norðan við hann eru hallandi holt, sem kallast Selgatnaholt. Nafnið mun þannig til orðið, að um holtin hafa legið götur til forna, líklega frá Geldingaholti í sel, sem stóð uppi í Reykjaskarði. - Hét Selsholt um 1400, af því að selgöturnar frá Geldingaholti lágu hjá holtinu. - Örnefnið Selsholt eða Selgatnaholt getur verið 600 – 700 ára gamalt. (Örn.skrá M.J.) Selgötur lágu yfir holtið og hefur það fengið nafn af þeim“ (Ö,8). „Á háásnum eru gamlar götur í jaðri holts og liggja þær til norðvesturs“ (Ö, 9).

Nánari lýsing

Ekki skráð 2002.

Heimildaskrá

Hjalti Pálsson. *Byggðasaga Skagafjarðar II. Bindi*. Akureyri 2001.

Örnefnaskrá fyrir Stóru-Seylu, Rósmundur Ingvarsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Stóra-Seyla - 146071-104 - 32

Sérheiti: Hornvarða
Hlutverk: Landamerki
Tegund: Heimild 465
Ástand: Ómetið

Staðhættir

Í Örnefnaskrá stendur: „beina leið austur yfir Seyluás alla leið á brúnina fyrir sunnan Bárðarstaði. Frá hornvörðu sem þar stendur“ (Ö, 2).

Nánari lýsing

Ekki skráð 2002

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Stóru-Seylu, Rósmundur Ingvarsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Stóra-Seyla - 146071-104 - 33

Hlutverk: Landamerki, Vað

Tegund: Heimild 465

Ástand: Ómetið

Staðhættir

„Árið 1406 eru norðvesturlandamerki Seylu talin við Sæmundará um Vaðsgötu“ (HP, 309).

Nánari lýsing

Ekki skráð 2002.

Heimildaskrá

Hjalti Pálsson. *Byggðasaga Skagafjarðar II. Bind.* Akureyri 2001.

Stóra-Seyla - 146071-104 - 34

Hlutverk: Landamerki

Tegund: Heimild 465

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Í Örnefnaskrá stendur: - „vestur yfir Ásinn, í vörðu austanvert við Sæmundará“ (Ö,3). „Svo ræður Sæmundará alla leið til fornu Vaðsgötu, fyrir utan og neðan Skarðsá, sem skjöl frá 1406 hafa fyrir hornmark vestast á norðurkanti. Frá Hornvörðu, sem þar stendur“ (Ö,2).

Nánari lýsing

Ekki skráð 2002.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Stóru-Seylu, Rósmundur Ingvarsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Stóra-Seyla - 146071-104 - 35

Hlutverk: Beitarhús

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 476082

N: 563486


Skekkja: 6

Lengd: 13 m

Breidd: 19 m

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Lítil hætta



Staðhættir

„Beitarhús

(65°34'115/19°31'088). Björn

Jónsson var síðastur Seylubænda með beitarhús uppi á Langholtsásnum, a.m.k. fram um 1930. Halldór sonur hans mundi þar eftir fé sem haft var á húsunum og beitarhúsmönnum sem fóru þangað til gegninga. Vetrarþétt þótti ágæt í Ásnum, frekar snjólétt. Heyskapur var sóttur niður í Neðraengi og flutt upp á beitarhúsin á allt að 20 hestum og gengu þá tvær lestir. Beitarhúshóllinn er vestur undir háásnum og er þaðan

mikið viðsýni til bæja í Sæmundarhlíð og um allt hérað, hár hóll og grösugur af gamalli rækt frá taði fjárins. Þar eru miklar tóftir af þreföldum húsum og einhólukró að auki syðst. Stafnar snúa til austurs og krærnar eru a.m.k. 8 m langar. Húsin hafa því tekið 160-170 fjár hafi þau öll staðið uppi samtímis. Heytóft var vestan við og auk þess lítill kofi (hesthús) áfastur að norðan“ (HP, 309).

Í Örnefnaskrá stendur: „Uppi á ásnum lét Björn á Seylu byggja Beitarhús, og voru þau notuð um skeið. Notkun beitarhúsanna lagðist af, líklega fyrir 1950. Beitarhús voru beint vestur frá Seylu, uppi á miðjum ásnum, á Beitarhúsaól, miðja vegu milli Seylu og Melkots“ (Ö, 4). „Á austanverðum há-ásnum, vestur undan bænum eru húsaleifar 15 x 19 metrar, vallgrónar – og hólinn er allur vallgróinn sem tún. Greinilegar eru leifar af grjóthleðslu að austan og þar hafa dyr verið. Mótar og fyrir gördum og króm – a.m.k. á einum stað. Hér hafa beitarhús verið og er Beitarhúsaóllinn áberandi“ (Ö, 9).

Nánari lýsing

Austast á háásnum er stór grösugur hóll. Efst á honum eru tóftir beitarhúsa. Veggir tóftar er ekki mjög háir en flestir vel greinilegir, norðvestur hluti tóftarinnar er þó ógreinilegri en aðrir hlutar. Tóftin er vel gróin en þó sér í grjóthleðslur í veggjum og er grjót mjög sýnilegt. Mesta hæð veggja er 50 sentimetrar en almennt um 30-40 sentimetrar. Mesta breidd veggja eru 2 metrar en veggir eru allt frá 1-2 metrum að breidd, utanmál tóftar er 13x19 metrar. Dyr eru fjórar og snúa þær mót austri. Tóftin er mjög þýfð.

Heimildaskrá

Hjalti Pálsson. *Byggðasaga Skagafjarðar II. Bindi*. Akureyri 2001.

Örnefnaskrá fyrir Stóru-Seylu, Rósmundur Ingvarsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Stóra-Seyla - 146071-104 - 36

Sérheiti: Seylusel

Hlutverk: Sel

Tegund: Heimild 465

Staðsetning: N: 65, 33, 24,0000 (-65,55666667) V: 19, 35, 38,0000 (-19,59388889)

Ástand: Ómetið

Staðhættir

„Seylusel (65°33'402/19°35'640) er að norðanverðu í Reykjaskarði, ofan undir Eystri-Moshólum, sunnan ár. Seyla átti frá fornu fari selstöðu í norðurhlíð Reykjaskarðs. Allt landsvæðið frá Konungsgili vestur að Hrutagili. Verður ekki annað skilið af vitnisburði um landamerki Seylu frá 1406 en Seyla hafi þá þegar átt þetta land, í það minnsta ítak. Af og til síðan um aldir hafði Seyla selstöðu í Reykjaskarði en átti erfitt með aðrar landsnyttjar sökum fjarlægðar. Seylubændur höfðu þarna í seli 2-3 ár um og eftir aldamótin 1800, en árið 1828 var landið alfarið dæmt af Seylu og lagt til Skarðsár“ (HP, 309).

Í Örnefnaskrá stendur: „Sel átti Seyla uppi í Reykjaskarði, og var það kallað Seylusel“

Nánari lýsing

Ekki skráð 2002.

Heimildaskrá

Hjalti Pálsson. *Byggðasaga Skagafjarðar II. Bindi*. Akureyri 2001.

Örnefnaskrá fyrir Stóru-Seylu, Rósmundur Ingvarsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Stóra-Seyla - 146071-104 - 37

Hlutverk: Landamerki

Tegund: Heimild 465
Ástand: Ómetið

Staðhættir

Í Örnefnaskrá stendur: „Frá henni ofan í Skipagil og beint í vörðu á Stuttholti“ (Ö, 2).

Nánari lýsing

Ekki skráð 2002.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Stóru-Seylu, Rósmundur Ingvarsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Stóra-Seyla - 146071-104 - 38

Hlutverk: Landamerki

Tegund: Heimild 465

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Varða austan við Stuttholt. Í Örnefnaskrá stendur: „Frá henni í hornvörðu, sem stendur þar austan í flánni, og frá henni beint suður í Seyluá“ (Ö,2).

Nánari lýsing

Ekki skráð 2002.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Stóru-Seylu, Rósmundur Ingvarsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Stóra-Seyla - 146071-104 - 39

Hlutverk: Torfrista

Tegund: Heimild 465

Ástand: Ómetið

Staðhættir

„Torfrista brúkanleg“ (HP, 306). Í Örnefnaskrá stendur: „Torfrista og stunga sæmileg“ (Ö, 3).

Nánari lýsing

Ekki skráð 2002.

Heimildaskrá

Hjalti Pálsson. *Byggðasaga Skagafjarðar II. Bindi*. Akureyri 2001.


Örnefnaskrá fyrir Stóru-Seylu, Rósmundur Ingvarsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Stóra-Seyla - 146071-104 - 40

Sérheiti: Melkot
Hlutverk: Bæjarhóll
Tegund:
Tóftaþyrping
Staðsetning:
A: 474974
N: 563084
Lengd: 19 m
Breidd: 7 m
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil
hætta

Staðhættir

„Melkot
(65°33'782/19°32'5
00) er eyðibýli og
var hjáleiga frá
Stóru-seylo vestan á



Langholtinu vestur við Sæmundará, u.þ.b. 200-300 metrum norðan við landamerki Seylu og Grófargils en nánast á móti landamerkjum Skarðsár og Fjalls vestan árinna [...] Bærinn var skammt upp frá ánni á löngum, uppgrónum hólrana en vestan við er mýrarsund sem gengur norður eftir og norðan þess víðáttumiklar engjaslægjur í hallandi mýrlendi. En vestan mýrarsundsins rís upp langur og hár melur meðfram ánni sem einkennir umhverfi bæjarins og byrgir sýn norður eftir dalnum. Austan við eru mosavaxnir móar. Norður eftir liggja mýrarsund. Melurinn er sléttur og algróinn og á honum eru þrennar rústir. Syðst var bærinn og áfastur við hann fjóskofi og líklega fjárhús norðan við. Norðast er tvískipt tóft eins og stekkur, en kann að hafa verið kofi með tóft á bakvið. Á milli er lítil kofatóft með dyrum til austurs. Bilið milli ystu og syðstu rústar er á að giska 80-100 metrar. [...] Forn vallargarður virðist vera vestan við meðfram melnum en ekki verður hann greindur að austan. Vatnsból hefur annað tveggja verið úr brunni eða sótt í ána“ (HP, 486). Í Örnefnaskrá stendur: „Melkot heitir eyðibýli uppi undir Sæmundará, suðaustan undir stórum mel, er kotið dregur nafn af. Það mun vera afar langt síðan byggt var þar fyrst, en ókunnugt er nú, hvenær kotið lagðist í eyði. Fyrir nokkrum árum var byggt þar húsmennskubýli, en fór í eyði eftir fá ár“ (Ö,8). „Skrásetjari kom að rústum melkots 14. Maí 1999. Þær eru á lágum hólrlinda, suður – norður. Vallgrónar tóftarústir eru á þrem stöðum. Norðasta tóftin er stekklaga, ca. 6,3 x 4,3, metrar. Önnur tóft er ca 33 m sunnar, 4 x 5-6 metrar, vel greinileg tóft. Sunnarlega á rindanum eru aðalrústirnar, 22x10 metrar angi vestur úr 2x4 m. (Allt eru þetta utanmál og ekki nákvæm.)“ (Ö, 8).

Nánari lýsing

Bærinn í Melkoti var hlaðinn af torfi og grjóti og hefur þurft að sækja hellur og hleðslusteina um talsvert langan veg. Hér var suðurhús og hálfstafn að sunnan úr timbri með glugga ofan á grjótvegg í mittishæð. Fjóskofi var norðan við til vesturs en dyr voru að austan. [...] Um 11 m löng tóft frá vestri til austurs er fast norðan við bæjartóftirnar. Hún er með glöggum skurði eftir endilöngu og óljóst hverju hlutverki hann hefur þjónað. Sunnan við bæjarhólinn er djúp og sérkennileg kvos sem safnar vatni á vorin, slétt í botni en með stórpýfðum börmum. Húskofar í Melkoti stóðu uppi

fram undir 1930 en voru þá rifnir. Ástæða þess var að förufólk var farið að setjast þarna að“ (HP, 486).

Lýsing

Bæjartóftin er 19x7 metrar að utanmáli. Veggir tóftar eru lágir eða í um 5-10 sentímetra hæð nema á austurhlið þar sem það er jafnhátt túninu í kring. Um það bil fyrir miðju er dæld, 3x2 metrar að ummáli.

Aðrar tóftir:

Ferhyrnd tóft, 6x5 metrar að ummáli. Mesta breidd veggja er 0,75 metra og hæð þeirra er 0,5 metrar. Um hálfes metra breiðar dyr eru á tóftinni og snúa mót austri.

Hnit á tóftinni: A: 474989 N: 563161

Þriðja tóftin er hugsanlega stekkjartóft, hún er 10x6-8 metrar að ummáli. Vestur endi hennar er 8 metrar en austur endinn er 6 metrar. Tóftin er tvískipt en ekki er opið milli hólfa. Tvennar dyr eru á tóftinni, aðrar 1 metra breiðar og snúa mót austri. Hinar eru 0,5 metra breiðar og eru á miðjum suðurveggnum. Breidd veggja er um 1 metri og 0,25-0,5 metrar að hæð. Veggir sem snúa mót suðri og austri eru hærri en veggir mót norðri og vestri (SASS).

Hnit á tóftinni: A: 474989 N: 563197

Heimildaskrá

Hjalti Pálsson. *Byggðasaga Skagafjarðar II. Bindi*. Akureyri 2001.

Örnefnaskrá fyrir Stóru-Seylu, Rósmundur Ingvarsson skráði. Örnefnastofnun Íslands. Skagafjörður Archaeological Settlement Survey. Surface Survey, 2002. Útgefið: Daniels, Robert D. 2003.

Stóra-Seyla - 146071-104 - 41

Sérheiti: Melkot

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 474898 N: 563200

Lengd: 8 m

Breidd: 5 m

Ástand: Slæmt

Staðhættir

Túngarður virðist hafa verið við Melkot. „Forn vallargarður virðist vera vestan við meðfram melnum en ekki verður hann greindur að austan“ (HP, 486). Í Örnefnaskrá stendur: „Fyrir túngarði vottar í lögginni vestan við rindann“ (Ö, 8).

Nánari lýsing

Það sem eftir sést af túngarðinum er hálfhringur af dökkgrænu grasi sem sker sig töluvert úr umhverfinu. Garðurinn hefur verið um eins metra breiður. Túngarðurinn er opin til austurs og er þar 8 metra breiður, hann er 5 metra breiður frá austri til vesturs (SASS).

Heimildaskrá

Hjalti Pálsson. *Byggðasaga Skagafjarðar II. Bindi*. Akureyri 2001.

Örnefnaskrá fyrir Stóru-Seylu, Rósmundur Ingvarsson skráði. Örnefnastofnun Íslands. Skagafjörður Archaeological Settlement Survey. Surface Survey, 2002. Útgefið: Daniels, Robert D. 2003.

Stóra-Seyla - 146071-104 - 42

Sérheiti: Melkot

Hlutverk: Leið

Tegund: Heimild 465

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Í Örnefnaskrá stendur: „Gamla götur liggja upp á Melkotsmel sunnarlega og norður eftir honum“ (Ö,8).

Nánari lýsing

Ekki skráð 2002.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Stóru-Seylu, Rósmundur Ingvarsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Stóra-Seyla - 146071-104 - 43

Sérheiti: Byrgishóll

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild 465

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Í Örnefnaskrá stendur: „Byrgishóll heitir melhóll austur undan Melkoti. Þar hefur sennilega verið smabyrgi“ (Ö, 8). „Enn sunnar með mýri á milli er lítill melhóll og uppi á honum eru leifar af byrgi, - smalakofa eða skotbyrgi. Ætla verður að þar sé kominn byrgishóll, en kanna þarf það nánar. Byrgið er ca. 2 x 3 metrar (utanmál)“ (Ö, 9).

Nánari lýsing

Ekki skráð 2002.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Stóru-Seylu, Rósmundur Ingvarsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Stóra-Seyla - 146071-104 - 44

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild 465

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Í Örnefnaskrá stendur: „Á Dýjabekk voru mannvirkjaleifar og var jafnvel sagt að þar hafi verið kot. Aðrir kannast ekki við það og minjarnar benda ekki til þess að kot hafi verið þar“ (Ö,8.) „Austur af Melkoti og syðst á Dýjabekk er holt eða hóll. Efst á því holti er þústa og í henni sér í grjóti, en varla hefur þar mannvirki verið nema þá smabyrgi eða varða“ (Ö, 9).

Nánari lýsing

Ekki skráð 2002.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Stóru-Seylu, Rósmundur Ingvarsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Stóra-Seyla - 146071-104 - 45

Hlutverk: Kofi

Tegund: Tóft

Staðsetning: N: 65, 33, 46,0000 (-65,56277778) V: 19, 32, 10,0000 (-19,53611111)

Lengd: 1,5 m

Breidd: 1,5 m

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Lítil hætta

Staðhættir

Um 150 metra austur af Melkoti, eru mjög grónar leifar hleðslu smákofa efst á hól. Tóftin er um 1,5 x 1,5 metrar að utanmáli.

Stóra-Seyla - 146071-104 - 46

Hlutverk: Reiðgata

Tegund: Vegur

Staðsetning: N: 65, 33, 49,0000 (-65,56361111) V: 19, 31, 56,0000 (-19,53222222)

Ástand: Ómetið

Hættumat: Gott

Staðhættir

Punktur var tekinn á vegi um 100 metra suður af merkjagirðingu. Vegurinn liggur norðvestur/suðaustur eftir ásnum.



Reiðgata á Langholtsás
Ljósmynd: GZ

Stóra-Seyla - 146071-104 - 47

Hlutverk: Landamerki

Tegund: Heimild 465

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Í Örnefnaskrá stendur: „Þar á holtinu virðast vera leifar af vörðu, nokkurn spöl fyrir sunnan merkjagirðinguna“(Ö,9).

Nánari lýsing

Ekki skráð 2002.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Stóru-Seylu, Rósmundur Ingvarsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Stóra-Seyla - 146071-104 - 48

Hlutverk: Landamerki

Tegund: Heimild 465

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Í Örnefnaskrá stendur: - „í vörðu á miðjum Grafarhól“ (Ö, 3).

Nánari lýsing

Ekki skráð 2002.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Stóru-Seylu, Rósmundur Ingvarsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Stóra-Seyla - 49

Hlutverk: Mannvistarleifar

Tegund: Fornleifar

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Neðan við brekkuna um 50 metrum beint neðan (austan) við gamla bæjarstæðið á Stóru-Seylu, á sléttu grasflöt sunnan bæjarlækjarins.

Nánari lýsing

Við jarðsjármælingar sumarið 2002 komu í ljós töluverðar mannvistarleifar sem enging merki voru um á yfirborði. Ekkert skýrt húsalag var á þessum leifum en greinilegt var að þarna var um virkjamikla vegg að ræða. Í framhaldinu voru gerðir könnunarskurðir til að kanna aldur rústarinnar og kom þá í ljós að byggð hefur hafist á Seylu fyrir árið 1000 en merki voru um byggingar undir gjóskulagi sem féll um þann tíma. Með hjálp gjóskulaga var einnig hægt að greina að byggingin hefði verið aflögð eitthvað fyrir gjóskugosið mikla í Heklu 1104.

Ætlunin er að frekari rannsóknir fari fram á staðnum en enn er óvíst um hverskonar mannvirki er að ræða. Hægt er þó að leiða að því líkum að þarna sé um að ræða fyrsta bæjarstæðið á staðnum en bærinn hafi, fyrir árið 1104, verið færður til e.t.v. upp á brekkubrúnina þar sem hann stóð síðast.

Heimildaskrá

John M Steinberg, Douglas J Bolender. The Skagafjörður Archaeological Settlement SurveN: Methodology and results of the first two years. Framvinduskýrsla.

Torfgarður - 146072-106

Fjöldi minja: 18

Saga

Torfgarður var í eigu Hólastóls að minnsta kosti frá 14. öld en þeirra er fyrst getið í ráðsmannsreiknum frá 1388 (DI III, 408). Jörðin hefur ekki verið í samfelldri ábúð og í *Jarðabók* Árna og Páls frá 1713 segir; „þessi jörð hefur í eyði legið 10 eður 12 ár, áður lengi byggð“ (JÁM, 92). Jörðin var aftur komin í ábúð 1753 en aftur farin í eyði 1762. Hjalti Pálsson nefnir að jörðin hafi byggst



*Bæjarstæðið á Torfgarði séð úr vestri
Ljósmynd: BZ*

aftur á góðæristímabilinu eftir Móðuharðindin. Ragnheiður Einarsdóttir Vídalín keypti Torfgarð á 65 ríkisdali á uppboði Hólastólajarða árið 1802, hélst jörðin í sömu ætt il 1837. Árið 1959 keypti Hestamannafélagið Stígandi jörðina og á hana enn. Þar er nú hesthús og félagsheimili. Á árunum 1964-1975 var rekin Tamningarstöð í Torfgarði og tún voru leigð út ár árunum 1968-1985. Frá árinu 1999 hefur Grunnskóli frá Skóla-og meðferðarheimilinu í Háholti verið rekinn í Torfgarði (HP, 301-302). Höfundur Örnefnaskrár hefur eftir heimildamanni að hann hafi heyrt að Torfgarður hafi áður átt land lengra til austurs, áleit heimildamaður að sami eigandi hafi átt jarðirnar Torfgarð og Geldingaholt og landamerkjum þá verið breytt. Kýr voru reknar til beitar í landi Geldingaholts en ekki var þekkt ítak á móti í landi Torfgarðs (Ö, 3-4).

Náttúrufar og jarðabætur

Jörðin er talin 15 hundruð að dýrleika í *Jarðabók* Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1713 og enn í Sýslu- og sóknarlýsingum frá 1843 og Jarðatali Johnsen frá 1847. Í *Jarðabókinni* frá 1713 er sagt að torfrista og stunga séu nýtandi, tún sé í hrjóstur komið og engjar séu lítilfjörlegar. Hættur eru miklar og landþröng úr máta (JÁM, 93; JJ, 259; SS, 63). Land Torfgarðs er að mestu austan Sauðárkróksbrautar en þó er smá spilda vestan vegar. Austast er Torfgarðsflói, framræstur flói, upp af honum tekur landi að halla. Vestan flóans er vel gróið land og vestan þess túnin í nyrðri hluta landsins. Næst veginum eru holt og flagmóar og árið 1986 voru gróðursettar trjáplöntur sunnan heimreiðarinnar. Hlunnindi af jörðinni eru engin. Engjar voru nærtækar og í meðallagi grasgefnar en beitiland lítið og lélegt (HP, 301-3).

Landamerki

Í Örnefnaskrá er landamerkjabréf birt í heild sinni: úr landamerkjabréfi frá 1887; „Landamerkjaskrá um landamerki Torfgarðs í Seyluhreppi í Skagafirði. Svofelld landamerki voru samþykkt af eiganda jarðarinnar Torfgarðs, Helgu Pjetursdóttur í Stórugröf, og þeirra manna, sem lönd áttu að nefndri jörðu á alla kanta. Neðar að sunnar ræður hornvarða, sem stendur utan í Stuttholti, frá þeirri vörðu í vörðu á Stuttholti, frá henni beit í Skipagil og úr því í vörðu, sem stendur á brúninni fyrir ofan það, frá hornvörðu sem þar stendur beint eftir merkjaröð alla leið á brúnina fyrir

sunnan Bárðastaði og frá Hornvörðu, sem þar stendur beint eftir merkjaröð í hornvörðu, sem stendur niður í Torfgarðsflóa á Geldingaholtsmerkjum. Frá hornvörðu, sem þar stendur, beint eftir merkjaröð í hornvörðu þá, sem fyrst er frá skýrt, í flánni fyrir austan Stuttholt“ (Ö,1).

Heimildaskrá

Hjalti Pálsson. *Byggðasaga Skagafjarðar, II. Bindi*. Akureyri, 2001.

Íslenzkt fornbréfasafn III, 1269-1415. Kaupmannahöfn, 1896.

JÁM; Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (9. bindi). Hið Íslenska Fræðafjelag í Kaupmannahöfn, 1930.

JJ; J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi*. Kmh. 1847.

Sýslu og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873 II Skagafjarðarsýsla. Akureyri 1954

Örnefnaskrá fyrir Torfgarð, Rósmundur Ingvarsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Torfgarður í Seyluhreppi

Kort: Bryndís Zoëga effir túnakorti Guðmundar Sveinssonar frá 1917

Skýringar:

Tún



Vegur





Bær



Peningshús



Tún	Teigar 2,2
Slétt 1/4 af túninu	



Torfgarður - 146072-106 - 1

Hlutverk: Bæjarhóll

Tegund: Heimild 465

Staðsetning: A: 477578 N564471

Ástand: Ómetið

Horfin: Já

Heimildamaður: Rósmundur G. Ingvarsson (0608302589)

Staðhættir

Samkvæmt túnakorti er bæjarhúsið staðsett fyrir miðju syðri hluta túnsins (Túnakort, GS). Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Gamli bærinn stóð neðst í svonefndum Höllum á litlum hól rétt sunnan við Gilið“ (HP, 303). Í Örnefnaskrá stendur: „Skammt utan og neðan við húsin og rétt sunnan við lækjargilið er grænn blettur, sem mun vera útjafnaðar leifar bæjarins. H.S. segir svo frá: Bærinn var sunnan við lækinn, Torfgarðslæk, skammt neðar en húsið er núna“ (Ö, 2). „Gamli bærinn stóð neðst í svonefndum Höllum“ (Ö, 3).

Lýsing

Búið er að slétta út gamla bæjarstæðið og standa nú aðeins tvö hús og kofi í landi Torfgarðs. Punktur var tekinn á gamla bæjarhólnum, 70 metra norðaustur af samkomuhúsi Stíganda. Hóllinn er nú um 20x20 metrar að ummáli og stendur sunnan lækjar. Þar er búið að slétta allt núna, Rósmundur Ingvarsson höfundur örnefnaskrár segir að gamla bænum hafi verið rutt fram af bæjarhólnum.

Heimildaskrá

Guðmundur Sveinsson. Túnakort fyrir Torfgarð frá 1917.
Hjalti Pálsson. *Byggðasaga Skagafjarðar II. Bindi*. Akureyri 2001.
Örnefnaskrá fyrir Torfgarð, Rósmundur Ingvarsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Torfgarður - 146072-106 - 2

Hlutverk: Fjós

Tegund: Heimild 465

Staðsetning:

A: 477578

N: 564471

Ástand: Ómetið

Horfin: Já

Staðhættir

Samkvæmt túnakorti
var peningshús við
norðvesturhorn bæjarins
(Túnakort, GS). Í
Byggðasögu

Skagafjarðar: „Fjósið

var við

norðvesturhornið á

bænum, sambyggt og innangengt úr bænum“ (HP, 303). Í Örnefnaskrá stendur: „Fjós
var áfast við gamla bæinn að vestan“ (Ö, 3).

Nánari lýsing

Sami punktur og tekinn var fyrir bæjartóftina

Heimildaskrá

Guðmundur Sveinsson. Túnakort fyrir Torfgarð frá 1917.

Hjalti Pálsson. *Byggðasaga Skagafjarðar II. Bindi*. Akureyri 2001.

Örnefnaskrá fyrir Torfgarð, Rósmundur Ingvarsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.



Séð yfir gamla bæjarhólinn, Rósmundur Ingvarsson tekur hnit

Ljósmynd: BZ

Torfgarður - 146072-106 - 3

Hlutverk: Öskuhaugur

Tegund: Heimild 465

Staðsetning: A: 477578 N: 564471

Ástand: Ómetið

Horfin: Já

Staðhættir

Í Örnefnaskrá stendur: „Öskuhaugur var á gilbarminum norðan við bæinn“ (Ö; 2).

Nánari lýsing

Engin ummerki sjást um öskuhaug en punktur var tekinn á gilbarminum norðan við
gamla bæjarstæðið. Um 70 metra norðaustur af samkomuhúsi Stíganda.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Torfgarð, Rósmundur Ingvarsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Torfgarður - 146072-106 - 4

Hlutverk: Brunnur

Tegund: Heimild 465

Staðsetning: A: 477564 N: 564440

Ástand: Ómetið

Horfin: Já

Staðhættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Í Gilinu rann Torfgarðslækur en neysluvatn var sótt í djúpan brunn svo sem 20-30 metrum sunnan og ofan við bæinn“ (HP, 303).

Nánari lýsing

Brunnur fannst ekki við leit en punktur var tekinn um 25 metrum suðvestur af gamla bænum. Um 30 metra norðaustur af hesthúsi Stíganda.

Heimildaskrá

Hjalti Pálsson. *Byggðasaga Skagafjarðar II. Bind.* Akureyri 2001.

Torfgarður - 146072-106 - 5

Hlutverk: Heimreið

Tegund: Heimild 465

Staðsetning: A: 477488 N: 564441

Ástand: Ómetið

Horfin: Já

Staðhættir

Samkvæmt túnakorti kom heimreiðin inn úr vestri (Túnakort; GS).

Nánari lýsing

Núverandi heimreið liggur í austurátt frá þjóðvegi, sunnan lækjar, niður að samkomuhúsi og hesthúsi Stíganda. Gamla heimreiðin lá líklega á svipuðum stað. Punktur var tekinn á heimreið um 50 metra vestur af gamla bænum og um 20 metra norður af samkomuhúsi Stíganda.

Heimildaskrá

Guðmundur Sveinsson. Túnakort fyrir Torfgarð frá 1917.

Torfgarður - 146072-106 - 6

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Heimild 465

Staðsetning: A: 477513 N: 564441

Ástand: Ómetið

Horfin: Já

Staðhættir

Samkvæmt túnakorti var fjárhús rétt við veginn utan túns í vestri (Túnakort: GS).

Nánari lýsing

Engin merki sjást um þetta fjárhús en punktur var tekinn 70 metra vestur af gamla bænum og um 20 metra norðvestur af samkomuhúsi Stíganda.

Heimildaskrá

Guðmundur Sveinsson. Túnakort fyrir Torfgarð frá 1917.

Torfgarður - 146072-106 - 7

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Heimild 465

Staðsetning: A: 477578 N: 564533

Lengd: 10

Breidd: 15

Ástand: Ómetið

Horfin: Já

Staðhættir

Samkvæmt túnakorti var peningshús fyrir norðan bæinn (Túnakort; GS). Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Fjárhúsin voru rétt norðan við Gilið og túnskækill spölkorn niður fyrir þau“ (HP, 303). Í Örnefnaskrá stendur: „Norðan við lækinn og heldur neðar en bærinn, voru fjárhús“ (Ö; 2-3). Og síðar: „Rétt norðan við Gilið, aðeins neðar en á móts við bæinn, voru fjárhúsin“ (Ö; 3).

Nánari lýsing

Ekki sjást nein merki fjárhúss en um 15 metrum norðan af gilbrúninni, í norðnorðaustur frá bæjarhólnum er um 10x15 metra svæði sem sker sig úr töluvert úr umhverfinu. Þar er grasið mun dekkra og vallhumall vex þar en hvergi annarsstaðar í kring.

Heimildaskrá

Guðmundur Sveinsson. Túnakort fyrir Torfgarð frá 1917.

Hjalti Pálsson. *Byggðasaga Skagafjarðar II. Bindi*. Akureyri 2001.

Örnefnaskrá fyrir Torfgarð, Rósmundur Ingvarsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Torfgarður - 146072-106 - 8

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Heimild 465

Ástand: Ómetið

Horfin: Já

Staðhættir

Í Örnefnaskrá stendur: „Helgi Sigurðsson man eftir garðlagi, sem var utan og neðan við fjárhúsin og lá niður yfir holtið. – Vallgróið garðlag.- hann taldi hugsanlegt að bæjarnafnið hafi verið dregið af þessum garði (Torfgarður)“ (Ö; 3).

Nánari lýsing

Garður þessi fannst ekki við leit.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Torfgarð, Rósmundur Ingvarsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Torfgarður - 146072-106 - 9

Hlutverk: Brú

Tegund: Brú

Staðsetning: A: 477642 N: 564533

Ástand: Ómetið

Hættumat: Gott

Staðhættir

Í Byggðasögur segir: „Síðan tók við mýrarsund og torfbrú yfir niður að Torfgarðsholti og niður frá bænum“ (HP, 303).

Nánari lýsing

Punktur var tekinn á stuttri torfbrú sem liggur yfir lækinn sunnan við enda bæjargilsins um 150 metrum austur af Samkomuhúsi Stíganda. Óvíst er hvort um sömu brú er að ræða.

Heimildaskrá

Hjalti Pálsson. *Byggðasaga Skagafjarðar II. Bindi*. Akureyri 2001.

Torfgarður - 146072-106 - 10

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild 465

Staðsetning: A: 477694

N: 564594

Lengd: 15

Breidd: 7

Ástand: Ómetið

Horfin: Já

Staðhættir

Í Örnefnaskrá stendur: „Neðan mýrarsundsins norðan Gilsins er svokallað Torfgarðsholt. Nær syðst í því sást fyrir tóftarbroti. Nú hefur verið sléttað yfir það og efri hluti mýranna fyrir ofan Torfgarðsholt ræktaður út að Skörðugilsmerkjum“ (Ö; 3).

Nánari lýsing

Ekki fundust tóftarbrott við leit en 200 metra norðaustur af samkomuhúsi sunnarlega á Torfgarðsholti var 7x15 metra dökkgrænn blettur sem skar sig töluvert úr umhverfinu og má vera að þar hafi útihúsið staðið.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Torfgarð, Rósmundur Ingvarsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Torfgarður - 146072-106 - 11

Hlutverk: Landamerki

Tegund: Heimild 465

Staðhættir

Í Örnefnaskrá stendur: „Í hornvörðu, sem stendur niður í Torfgarðsflóa á Geldingaholtsmerkjum“ (Ö; 1).

Lýsing

Var ekki skráð 2004.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Torfgarð, Rósmundur Ingvarsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Torfgarður - 146072-106 - 12

Sérheiti: Hornvarða

Hlutverk: Landamerki

Tegund: Heimild 465

Staðhættir

Í Örnefnaskrá stendur: - „alla leið á brúnina fyrir sunnan Bárðastaði og frá Hornvörðu sem þar stendur“ (Ö; 1).

Lýsing

Var ekki skráð 2004.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Torfgarð, Rósmundur Ingvarsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Torfgarður - 146072-106 - 13

Hlutverk: Landamerki

Tegund: Heimild 465

Staðhættir

Í Örnefnaskrá stendur: „frá henni beint í Skipagil og úr því í vörðu, sem stendur á brúninni fyrir ofan það“ (Ö; 1).

Lýsing

Var ekki skráð 2004.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Torfgarð, Rósmundur Ingvarsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Torfgarður - 146072-106 - 14

Hlutverk: Landamerki

Tegund: Heimild 465

Staðhættir

Í Örnefnaskrá stendur: „frá þeirri vörðu í vörðu á Stuttholti“ (Ö; 1).

Lýsing

Var ekki skráð 2004.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Torfgarð, Rósmundur Ingvarsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Torfgarður - 146072-106 - 15

Hlutverk: Landamerki

Tegund: Heimild 465

Staðhættir

Í Örnefnaskrá stendur: „neðar að sunnan ræður hornvarða, sem stendur utan í Stuttholti“ (Ö; 1).

Lýsing

Var ekki skráð 2004.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Torfgarð, Rósmundur Ingvarsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Torfgarður - 146072-106 - 16

Hlutverk: Torfrista

Tegund: Heimild 465

Staðhættir

Í Örnefnaskrá stendur: „Torfrista og stunga nýtandi“ (Ö; 2).

Lýsing

Var ekki skráð 2004.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Torfgarð, Rósmundur Ingvarsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Torfgarður - 146072-106 - 17

Hlutverk: Hesthús, Útihús

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 477680

N: 564470

Lengd: 10 m

Breidd: 7 m

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hætta



*Rósmundur Ingvarsson tekur hnit á hesthústóft
Ljósmynd: BZ*

Staðhættir

Um 150 metra austur af núverandi hesthúsi, um 40 metrum vestan skurðar sem liggur neðan við brekkuna sem liggur frá gamla bæjarstæðinu eru tóftir útihúsa, hugsanlega hesthúss eða stekks.

Lýsing

Tóftin er tvískipt, hún er 7x10 metrar að utanmáli, mesta breidd veggja eru 2 metrar og mesta hæð 1 metri en veggir eru töluvert hrundir. Tóftin sem liggur norður/suður er algróin og sér hvergi í grjót.

Torfgarður - 146072-106 - 18

Hlutverk: Garður

Tegund: Garðlag

Staðsetning: A: 477667

N: 564409

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Lítil hætta

Staðhættir

Í aflíðandi brekku um 100 metra austan núverandi hesthúss liggur garður.

Lýsing

Önnur hlið garðsins liggur frá vestri til austurs þar sem hann beygir svo til suðurs. Garðurinn er um 0,5 metri á hæð og um 1,3 metrar á breidd, hann er ekki heill heldur rofnar hann af og til. Frá vestri til austurs virðast tveir garðar vera samsíða og er sá nyrðri breiðari eða um 3 metrar á breidd. Garðarnir eru báðir nánast algrónir.

Nánari lýsing

Annar punktur var tekinn þar sem garður beygir til vesturs: N65°34'39 V19°29'05

Ytra-Skörðugil - 146045-108



Íbúðarhús á Ytra-Skörðugili I, séð úr suðri.
Ljósmynd: BZ

Fjöldi minja: 17

Saga

Ytra-Skörðugils er fyrst getið árið 1295 þegar Jörundur biskup Þorsteinsson á Hólum setur klaustur á Reynisstað og færir klaustrinu nokkrar jarðir að stofngjöf (DI II, 301). Jörðin er í eigu Reynistaðaklausturs til 1914 þegar Sigurður Jónsson á Litlu Seylu keypti hana. Jón Jóhannsson bóndi keypti jörðina Elivoga sem er austan við Sæmundarána árið 1940 (HP, 288-9). Jörðinni hefur nú verið

skipt í þrjá hluta og eru þar nú þrjú býli Ytra-Skörðugil I-III. Árið 1990 seldi Sæmundur Hermannsson austurhluta jarðarinnar (neðan vegar) og fékk þá leyfi til að stofna nýtt býli vestan vegar undir nafninu Ytra-Skörðugil II, síðar afsalaði hann landinu til Elínar Sæmundardóttur. Árið 1995 seldi Sæmundur Ágústi Jónssyni syðsta hluta landsins vestan Sauðárkróksbrautar og fylgir því hluti af Elivogalandi. Þar var stofnað býli og nefnt Ytra-Skörðugil III. Ytra-Skörðugil I er neðan vegar en II-III eru ofan vegar. (HP, 291)

Náttúrufar og jarðabætur

Í *Jarðabók* Árna og Páls frá 1713 er jarðardýrleiki talinn 20 hundruð og einnig í *Jarðatali* Johnsen frá 1847 og *Sýslu- og sóknarlýsingum* frá 1842 (JÁM, 93; JJ, 259; SS, 63) árið 1861 lækkaði matið í 14,2 hundruð (HP, 288). Jörðin er afmörkuð af Holtstjörn að austan og gengur stararfloí upp af henni. Vestan flóans er túnið og nær það að Sauðárkróksbraut að undanskilinni smá óræktaðri spildu nyrst í landinu. Vestan vegar eru algróin holt en vestan þeirra framræst mýrlendi sem eru að hluta til orðin tún. Þar vestan við eru lítt grónir flagmóar upp á ásin og að landamerkjum Elivoga, þarna hefur uppgræðsla átt sér stað á síðustu árum með marktækum árangri (HP, 287, 292). Í *Jarðabók* Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir „Vatnsból ilt í leirpollum, því þrotinn er heimabrunnur“ (JÁM, 94). Þar segir einnig að torfrista og stúnga séu sæmileg en mósukurður sé ekki brúkaður (JÁM, 93). Í Byggðasögu Skagafjarðar segir að reiðingsrista hafi verið einstök niður við Holtstjörn sérstaklega við norðurenda tjarnarinnar (HP; 290). Jörðin var lengi talin rýrðarjörð en hættur voru ekki miklar. Þegar Elivogar voru keyptir undir jörðina 1940 gjörbreytti það beitarmöguleikum (HP, 289).

Landamerki

Í Örnefnaskrá er landamerkjalyking úr landamerkjaskrá frá 1890: „Að austan ræður Holtstj[örn] suður á móts við gamalt garðlag, er liggur [ves]tur frá tjörninni sunnan til, og er þar lands[uður] hornmerki við tjörnina; þaðan eftir [þess]u garðlagi og úr því beina stefnu upp í mer[kjapúfu] fyrir ofan Kvíaholtsenda. –[Síð]an beint upp Langholtsásinn í Lindarlæk syðri á Ásbrúninni og eftir sömu stefnu sunnan við Steinhæð vestur á há- Ásinn, þar sem hlaða skal útsuðurhornmerki; þaðan

sjónhending í forna merkjaþúfu á há-Ásnum, sem er útnorðurhornmerki; þaðan þvert aus[tur] Ásinn sunnan við Steinholt í Merkjahól á Langholtsbrúnum; þaðan í Merkja[laut], sem liggur ofan þverar brekkurnar, og [síð] an eftir gömlu garðlagi austur í nyrðri Holtstjarnarenda, þar sem er landnorðurhornmerki“ (ÖGM, 1). Vantar líka í heimildaskrá

Heimildaskrá

Hjalti Pálsson. *Byggðasaga Skagafjarðar, II. Bindi*. Akureyri, 2001.

Íslenzkt fornbréfasafn II, 1253-1350. Kaupmannahöfn, 1893.

J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi*. Kmh. 1847. Bls. 259.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (9. bindi). Hið Íslenska Fræðafjelag í Kaupmannahöfn, 1930.

Sýslu og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873 II Skagafjarðarsýsla. Akureyri 1954.

Örnefnaskrá fyrir Ytra-Skörðugil, Guðrún Magnúsdóttir skráði (Heimildamaður Björn Jónsson). Örnefnastofnun Íslands.

Ytra Skörðugil í Seyluhreppi

Kort: Bryndís Zoëga eftir túnakorti Guðmundar Sveinssonar frá 1917



Skýringar:

Tún	
Girðing	
Vegur	
Bær	
Peningshús	
Skemma og brunnhús	

Stærð

Tún	Teigar
Slétt 1/6 af túninu	2,6

1: 2000



Ytra-Skörðugil 146045 108 - 1

Hlutverk: Bæjarhóll

Tegund: Vegghleðsla

Staðsetning: A: 476936

N: 565922

Ástand: Slæmt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Staðhættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Gamli bærinn stóð eilítið norðar og austar en núverandi íbúðarhús“ (HP; 289). Á túnakorti er bærinn vestan megin í túninu örlítið sunnan við miðju þess (Túnakort; GS).

Nánari lýsing

Bærinn hefur staðið fremst



Horft til norðausturs yfir gamla bæjarstæðið
Ljósmynd: BZ

á brún holtsins en austan við er aflíðandi brekkur niður að sléttlendi.

Lýsing


Punktur var tekinn 20 metra norðaustur af núverandi íbúðarhúsi. Þar er búið að slétta allt nú en Elín man eftir steiptum grunni þar sem þau notuðu til að brenna rusl þegar þau flutt að Ytra-Skörðugili. Um 6 metra þar norður af sér móta fyrir vegg sem gæti hafa verið útveggur bæjarins, hann er um 1,2 metrar á breidd.

Heimildaskrá

Hjalti Pálsson, 2001. *Byggðasaga Skagafjarðar II*. Akureyri.

Guðmundur Sveinsson. Túnakort fyrir Ytra-Skörðugil í Seyluhreppi frá 1917.

Ytra-Skörðugil 146045 108 - 2



Stekkjartóft á Grænagerði

Staðhættir

Í Örnefnaskrá segir: „Grænagerði er grænn hóll neðan við Ásinn, aðeins sunnan við miðju landsins. Þar sést fyrir mannvirkjum“ (ÖGS, 2). Í

Örnefnaskrá Margeirs Jónssonar segir: „Grænagerði heitir hóll einn uppi á Ásnum, er líklega gamall stekkur“ (ÖMJ). Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Uppi á háhólum [Grænagerði, í Ásnum nálægt miðju jarðarinnar] eru leifar mannvirkja og virðist vera stekkjarrúst þótt nokkuð sé óglögg. Ekki verða önnur mannvirki greind á þessum stað og engin garðlög umhverfis“ (HP; 292).

Nánari lýsing

Um 4-500 metra beint vestur af hlöðu á Ytra Skörðugili II er hóll nefndur Grænagerði, á honum stendur stekkjartóft, hóllinn ber nafn með rentu því hann er fagurgrænn. Háhóllinn er um 15x15 metrar að ummáli og stendur 40 metra norður af bárujárnskofa/útihúsi.

Lýsing

Á hólum norðvestanverðum eru fremur ógreinilegar leifar tóftar 4-6x2 metrar að utanmáli, veggir eru lágir, um 10-15 sentimetrar á hæð. Tóftin liggur austur/vestur og er vel gróinn en sér sumstaðar í grjóti. Ekki eru aðrar tóftir sjáanlegar en þó er algróin slétt flöt um 4x4 metrar að utanmáli við norðaustur horn hólins, óvíst er hvort nokkuð hafi verið þar.

Heimildaskrá

Hjalti Pálsson, 2001. *Byggðasaga Skagafjarðar II*. Akureyri.

Örnefnaskrá fyrir Ytra-Skörðugil, Guðrún Magnúsdóttir skráði (Heimildamaður Björn Jónsson). Örnefnastofnun Íslands.

Örnefnaskrá fyrir Ytra-Skörðugil, Margeir Jónsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Ytra-Skörðugil 146045 108 - 3

Hlutverk: Garður

Tegund: Heimild

Ástand: Ómetið

Horfin: Já

Staðhættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Garður lá í miðju landinu í norðaustur og hefur verið einhvers konar vörslugarður“ (HP; 290).

Nánari lýsing

Garður fannst ekki við leit 2004.

Heimildaskrá

Hjalti Pálsson, 2001. *Byggðasaga Skagafjarðar II*. Akureyri.

Ytra-Skörðugil 146045 108 - 4

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Heimild

Ástand: Ómetið

Horfin: Já

Staðhættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Tún nokkuð lítið útaukið utangarðs sem enn nú er slægjulítið en má þó ræktast með tímanum sé um hirt“ (HP; 289).[ath. bein heimild úr Jarðabók Reynistaðaklausturs 1728].

Nánari lýsing

Ekki fundust nein merki um túngarðinn við leit 2004.

Heimildaskrá

Hjalti Pálsson, 2001. *Byggðasaga Skagafjarðar II*. Akureyri.

Ytra-Skörðugil 146045 108 - 5

Hlutverk: Brunnur

Tegund: Heimild

Staðsetning: A: 476945 N: 565938

Skekkja: 5

Ástand: Ómetið

Horfin: Já

Staðhættir

„Brunnur með sæmilegur vatni var neðan við bæinn og þurfti að bera upp úr honum en síðar var sett í hann dæla og eftir það hægt að dæla heiman úr gamla bæ“ (HP; 289). Á túnakorti má sjá skemmu- og brunnhús um 16 metra austan við bæinn (Túnakort; GS)

Nánari lýsing

Engin merki sjást um brunninn í dag en punktur var tekinn um 16 metra austur af gamla bæjarhúsinu og um 40 metra norðaustur af núverandi íbúðarhúsi.

Heimildaskrá

Hjalti Pálsson, 2001. *Byggðasaga Skagafjarðar II*. Akureyri.

Guðmundur Sveinsson. Túnakort fyrir Ytra-Skörðugil í Seyluhreppi frá 1917.

Ytra-Skörðugil 146045 108 - 6

Hlutverk: Torfrista

Tegund: Heimild

Ástand: Ómetið

Staðhættir

„Flatlendið ofan við Holtstjörn var alltaf kallað Flá. Þar var frábær reiðingsrista“ (ÖGM, 2). Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Torf- og reiðingsrista sæmileg“ (HP; 289). „Einstök reiðingsrista var í landi jarðarinnar niður við Holtstjörn, þykkust við norðurenda tjarnarinnar“ (HP; 290).

Nánari lýsing

Ekki skráð 2004.

Heimildaskrá

Hjalti Pálsson, 2001. *Byggðasaga Skagafjarðar II*. Akureyri. Örnefnastofnun Íslands; Örnefnaskrá fyrir Ytra Skörðugil, Guðrún S. Magnúsdóttir

Ytra-Skörðugil 146045 108 - 7

Hlutverk: Garður

Tegund: Garðlag

Staðsetning: A: 476750 N: 565944

Skekkja: 6

Lengd: 70 m

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Lítil hættu

Hættuorsök: Ábúð

Staðhættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Skammt fyrir ofan veg lá enn garður norður/suður og sér til hans ennþá. Annars sér lítið til þessara garða núorðið“ (HP; 290).

Nánari Lýsing

Vestan Sauðárkróksbrautar um 70 metra suður og aðeins til austurs af hlöðu eða hesthúsi á Ytra-Skörðugili II, liggja leifar garðs norður/suður.

Lýsing

Garðurinn er 30-40 sentimetrar á hæð og tæplega 80 metrar að lengd. Hann er ekki alveg heill heldur rofnar smá á köflum. Austan garðsins er sléttlent en vestan hans mjög þýft.

Punktur var tekinn við norðurenda garðs: A: 476738 N: 566066

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Ytra-Skörðugil, Guðrún Magnúsdóttir skráði (Heimildamaður Björn Jónsson). Örnefnastofnun Íslands.

Hjalti Pálsson, 2001. *Byggðasaga Skagafjarðar II*. Akureyri.

Ytra-Skörðugil 146045 108 - 8

Hlutverk: Landamerki, Garður

Tegund: Garðlag

Staðsetning: A: 477518 N: 565826

Skekkja: 5

Ástand: Ómetið

Horfin: Já

Staðhættir

Í Örnefnaskrá segir [ath, tekið úr landamerkjalýsingu frá 1890] : „Að austan ræður Holtstj[örn] suður á mót við gamalt garðlag, er liggur [ves]tur frá tjörninni sunnan til, og er þar lands[uður] hornmerki við tjörnina“ (ÖGM, 1). Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Forn garðlög voru á jörðinni. Upp frá Holtstjörn lá merkjagarður milli Ytra- og Syðra- Skörðugils“ (HP; 290).

Nánari lýsing

Ekkert sést til merkjagarðsins en stórir skurðir eru á merkjum og gæti garður hafa horfið við gerð þeirra. Punktur var tekinn á horni túns um 80 metra vestur af tjarnarenda.

Heimildaskrá

Hjalti Pálsson, 2001. *Byggðasaga Skagafjarðar II*. Akureyri.

Ytra-Skörðugil 146045 108 - 9

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Ástand: Ómetið

Staðsetning: A: 565928 N:476939

Skekkja: 5

Horfin: Já

Staðhættir

Á túnakorti er peningshús austan við bæinn (Túnakort; GS)

Nánari lýsing


Peningshúsið er horfið en punktur var tekinn rétt austan við gamla bæjarstæðið.

Heimildaskrá

Guðmundur Sveinsson. Túnakort fyrir Ytra-Skörðugil í Seyluhreppi frá 1917.

Ytra-Skörðugil 146045 108 - 10

Hlutverk: Útihús
Tegund: Tóft
Staðsetning: A: 476913N:
565946
Skekkja: 5
Lengd: 12 m
Breidd: 7 m
Ástand: Slæmt
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Ábúð



Fjárhústóft í túni Ytra-Skörðugils

Staðhættir

Á túnakorti er peningshús rúmlega 20 metra vestan við bæinn, það er rétt utan túns (Túnakort, GS).

Nánari lýsing

Um 20 metra norðvestur af veggjarbrotnu eru leifar tófta af þrískiptum útihúsum.

Lýsing

Tóftin er um 50 metra norður af núverandi íbúðarhúsi og 50 metra suður af hlöðu og fjósi. Lag tóftar er vel glögg en hún næstum alveg horfin, eftir standa einungis mjög lágir veggir. Utanmál er um 12x7 metrar. Tóftin er vel gróin en sér í grjót á tveimur stöðum. Engir veggir eru greinilegir til austurs og hafa dyr líklega verið í þá átt.

Heimildaskrá

Guðmundur Sveinsson. Túnakort fyrir Ytra-Skörðugil í Seyluhreppi frá 1917.

Ytra-Skörðugil 146045 108 - 11

Hlutverk: Útihús
Tegund: Heimild
Staðsetning: A: 476892 N: 566028
Skekkja: 5
Ástand: Ómetið
Horfin: Já
Heimildamaður: Elín Sæmundardóttir (04120061)

Staðhættir

Á túnakorti má sjá peningshús í suðvesturhorni túnsins, um 100 metra frá bænum (Túnakort, GS).

Nánari lýsing

Punktur var tekinn 20 metra norður af dyrum hlöðunnar. Þar er nú allt sléttað og engin merki sjást um útihús. Elín Sæmundardóttir man eftir útihúsum þarna þegar faðir hennar keypti jörðina árið 1971.

Heimildaskrá

Guðmundur Sveinsson. Túnakort fyrir Ytra-Skörðugil í Seyluhreppi frá 1917.

Ytra-Skörðugil 146045 108 - 12

Hlutverk: Skemma, Brunnur

Tegund: Heimild

Staðsetning: A: 476965 N: 565911

Skekkja: 5

Ástand: Ómetið

Horfin: Já

Staðhættir

Á túnakorti má sjá skemmu- og brunnhús rúmlega 40 metra suðaustan frá bænum (Túnakort, GS).

Lýsing

Engin merki um brunn en punktur tekinn um 40 metra suðaustur af gamla bænum. Þar er lítill lækjarfarvegur nú að mestu þurr og hefur hugsanlega verið tekið vatn þaðan.

Heimildaskrá

Guðmundur Sveinsson. Túnakort fyrir Ytra-Skörðugil í Seyluhreppi frá 1917.

Ytra-Skörðugil 146045 108 - 13

Hlutverk: Heimreið

Tegund: Heimild

Staðsetning: A: 476917 N: 565923

Skekkja: 6

Ástand: Ómetið

Horfin: Já

Staðhættir

Á túnakorti liggur heimkeyrslan í vestur frá bæjarhúsinu sunnanverðu (Túnakort, GS)

Lýsing

Heimreiðin hefur líklega verið á svipuðum stað og hún er nú. Punktur var tekinn á heimreiðinni um 10 metra norður af núverandi íbúðarhúsi.

Heimildaskrá

Guðmundur Sveinsson. Túnakort fyrir Ytra-Skörðugil í Seyluhreppi frá 1917.

Ytra-Skörðugil 146045 108 - 14

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Staðsetning: A: 476768 N: 565950

Skekkja: 7

Ástand: Ómetið

Horfin: Já

Heimildamaður: Elín Sæmundardóttir (04120061)

Staðhættir

Samkvæmt samtali við Elínu Sæmundardóttur íbúa á Ytra-Skörðugili II stóð útihús suður af þar sem Ytra-Skörðugil II er nú, þegar faðir hennar keypti jörðina 1971.

Nánari lýsing

Punktur var tekinn um 150 metrum suður af íbúðarhúsi á Ytra-Skörðugili II, 50 metra ofan Skagafjarðarbrautar og 30 metra norðan vegar til Ytra-Skörðugili III. Þar er nú allt sléttað en punktur var tekinn í lítilli gróðurlausri dæld.

Elivogar - 146024-82

Fjöldi minja: 24

Saga

Elivoga er fyrst getið í Auðólfstaðabréfi frá 1378 þar sem lýst er landamerkjum Auðólfstaða, þar segir; „við dæli garðr nedan or æ ok upp i fiall. Tueggia manada beit i elevaga iord“ (DI VIII, 13). Jörðin hefur verið í kirkjueign að minnsta kosti frá 16. öld, hún er lögð Glaumbæjarkirkju til eignar 1550 þegar hún var gerð að kirkjuléni. Hún er enn í eigu kirkjunnar 1713 (JÁM, 80), þá nefnd Jelvogar (Élvogar) og einnig í Jarðatali Johnsens frá 1847 þar nefnd Elvogar (JJ, 258). Hjalti Pálsson telur víst að nafnið sé komið úr Snorra-Eddu en þar er nefndar ár þær sem komu úr Ginnungagapi, kallaðar Elivágar. Jörðin var í eign Glaumbæjarkirkju til 1918. Elivogar hafa verið í eyði síðan 1939 en jörðin var lögð undir Ytra-Skörðugil 1940 og nytjuð þaðan (HP, 487-8; SS, 66).

Elivogabær hefur ekki alltaf verið á sama stað og eru þrjú bæjarstæði á jörðinni. Þar er kuml við Ketilhóla niðri við Sæmundará. Kristján Eldjárn þjóðminjavörður gróf upp kumlið á Ketilhólum 1956, þar lágu bæði maður og hestur. Einnig hefur fundist hauskúpa og fleiri mannabein á 19. og 20. öld á svonefndu Hauskúpuholti norðaustur af Elivogum, hugsanlega hefur einnig þar verið heiðin gröf (HP, 489-90).

Náttúrufar og jarðabætur

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1713 er jörðin sögð 20 hundruð að dýrleika (JÁM, 80). Hún er enn talin 20 hundruð í Jarðatali Johnsens frá 1847 (JJ, 258). Jörðinni hallar allri til vesturs í átt að Sæmundará. Austan árinna eru nokkrir stórir melhólar, nánast algrónir. Austan þeirra eru flóar, framræstir að hluta og síðan lítið grónir móar upp að landamerkjum við Skörðugilsbæina. Elivogum hefur nú verið skipt niður, syðsti hlutinn er nú í eigu Syðra-Skörðugils, miðhlutinn í eigu Ytra-Skörðugils III og nyrsta hlutanum er skipt milli eigenda á Ytra-Skörðugili II og Sæmundar Hermanssonar (HP, 487-8). Í Jarðabók Árna og Páls segir að torfrista og stunga sé sæmileg, þar hafi verið torfrista en brúkist nú ei (JÁM, 81).

Landamerki

„Elivogar eru eyðijörð við Sæmundará, önnur tveggja jarða vestan megin á Langholti og eiga land að Stóru-Seylu að sunnan, Sæmundará að vestan móti Skarðsá, Dæli, Auðnum og Sólheimum, Fosshóli og Þröm að norðan, Glaumbæ, Halldórsstöðum, Ytra-Skörðugili og Syðra-Skörðugili að austan. Ekkert vegasamband er við Elivoga“ (HP, 487).

Heimildaskrá

Hjalti Pálsson. *Byggðasaga Skagafjarðar, II. Bindi*. Akureyri, 2001.

Íslenzkt fornbréfasafn VIII. 1261-1521. Reykjavík, 1906-1913.


Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (9. bindi). Hið Íslenska Fræðafjelag í Kaupmannahöfn, 1930.

J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi*. Kmh. 1847.

Sýslu og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873 II Skagafjarðarsýsla. Akureyri 1954.

Elvogar í Seyluhreppi

Kort: Bryndís Zoëga eftir túnakorti Guðmundar Sveinssonar frá 1917



Elvogar 146024 82 - 1

Sérheiti: Bæjarstæði / Gamlabæjarstæði

Hlutverk: Bæjarhóll

Tegund: Bæjarhóll

Staðsetning: A: 474707 N: 566105

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hætta

Staðhættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Elivogabær hefur ekki alltaf verið á sama stað. Tvö bæjarstæði eru í túni en hið þriðja allnokkru sunnar og austar“ (HP; 488). Þar segir einnig; „Bæjarstæði eða Gamlabæjarstæði (65°35′520/19°32′897)“ kalla menn stað í landinu miðju, á að giska 400 metrum suðaustur frá Gerðinu, yngsta bæjarstæði í Elivogum, syðst í löngu holti, Gamlabæjarholti, sem að miklu leyti er komið í Flagmóa [...] Hér eru sjáanlega minjar fornbylis en sérkennilegt að sjá tvöfaldan túngarð, víða furðu breiðan, og virðist sá ytri vera eldri en bilið milli þeirra er aðeins 10-20 metrar. Má rekja þá tvöfalda nánast allan hringinn og hefur verið talsvert land innan gerðis“ (HP; 489). Í Örnefnaskrá segir: „Bæjarstæði kallast fornar húsarústir suðaustur frá bænum. Þar mun bærinn hafa staðið áður. Þar er túnstæði og garðleifar. Mýrarsund er á milli þessa örnefnis og túnsins“ (ÖMJ, 1). „Skálá nefna munnmæli hjer stekkjarsæðið, það er umgirt og sjást tóftaleifar. Enginn veit annað til bygða hjer“ (JÁM, 81).

Lýsing

Bæjarstæði eða Gamlabæjarstæði er syðst í Gamlabæjarholti. Þar er elsta bæjarstæði í Elivogum. Þar eru þrjár hústóftir, tvær virðast mjög gamlar en hinar þriðju eru


töluvert yngri, líklega stekkjartóft. Austan stekkjartóftarinnar er hlaðinn Náttthagi. Tvöfaldan túngarð má rekja næstum hringinn í kringum tóftirnar. Þetta telur skrásetjari vera Skálá sem nefnt er í Jarðabók Árna og Páls. Stekkurinn stendur hæst innan túngarðs og hugsanlegt er að hann hafi verið byggður á bæjartóftinni.

Heimildaskrá

Hjalti Pálsson, 2001. *Byggðasaga Skagafjarðar II*. Akureyri.

Örnefnaskrá fyrir Elivoga, Margeir Jónsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Elivogar 146024 82 - 2



Hlutverk: Hús

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 474684

N: 566106

Skekkja: 5

Lengd: 7 m

Breidd: 8 m

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hætta

Staðhættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir; „Aðeins neðar [vestan stekkjartóftar], eða um 20 metra, eru fornar húsarústir og aðrar á ská á milli litlu sunnar (HP; 489)“.

Lýsing

Útihúsartóft á Gamla-bæjarstæði

Um 25 metra vestan stekkjartóftar er önnur tóft, mikið eldri að sjá, hugsanlega bæjartóftin. Hún er lágvaxin og gróður er frábrugðinn gróðri á stekkjartóft. Tóftin er að utanmáli 7x8 metrar, engar afgerandi dyr eru greinilegar en tóftin er þó aðeins rofin og því erfitt að greina það. Þýft er í kringum tóftina. Hæð veggja er um 30 sentimetrar og breidd um 0,5 metri.

Heimildaskrá

Hjalti Pálsson, 2001. *Byggðasaga Skagafjarðar II*. Akureyri.

Elivogar 146024 82 - 3

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 74707


N: 566105

Lengd: 6 m

Breidd: 6 m

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hætta



Staðhættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir; „Aðeins neðar [vestan stekkjartóftar], eða um 20 metra, eru fornar húsarústir og aðrar á ská á milli litlu sunnar“ (HP; 489).

Lýsing

Útihúsartóft á Gamlabæjarstæði

Um 6 metra suðvestur af stekkjartóft er önnur tóft. Hún er að ummáli 6x6 metrar. Veggir eru fremur lágir um 30 sentimetrar að hæð og um 40 sentimetrar að breidd. Þeir eru sumstaðar rofnir. Tóftin er meðal annars mosavaxin og er gróður frábrugðinn gróðri á stekkjartóftinni. Tóftin liggur vestnorðvestur/asa.

Heimildaskrá

Hjalti Pálsson, 2001. *Byggðasaga Skagafjarðar II*. Akureyri.

Elivogar 146024 82 - 4

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Staðsetning: A: 474699 N: 566143

Breidd: 3 m

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hætta

Staðhættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir; „Bæjarstæði eða Gamlabæjarstæði kalla menn stað í landinu miðju, á að giska 400 metrum suðaustur frá Gerðinu, yngsta bæjarstæði í Elivogum, syðst í löngu holti, Gamlabæjarholti, sem að miklu leyti er komið í flagmóa [...] Hér eru sjáanlega minjar fornbylis en sérkennilegt að sjá tvöfaldan túngarð, víða furðu breiðan, og virðist sá ytri vera eldri en bilið milli þeirra er aðeins 10-20 metrar. Má rekja þá tvöfalda nánast allan hringinn og hefur verið talsvert land innan gerðis“ (HP; 489).

Lýsing

Tvöfaldur túngarður er í kringum bæjarstæðið og eru þeir rekjanlegir næstum allan hringinn. Breidd milli garðanna er milli 5 og 25 metrar. Garðarnir eru báðir vel glöggir og grónir.

Aðrar upplýsingar

Innri garðurinn er rúmlega 2ja metra breiður.

A: 474699 N: 566143 (punktur var tekinn 34 metra norður af stekkjartóft)

A: 474758 N: 566128 (unktur var tekinn 52 metra austur af stekkjartóft)

Ytri garðurinn að allt 3ja metra breiður.

A: 474701 N: 566165 (punktur var tekinn 56 metra norður af stekkjartóft)

A: 474766 PN: 566129 (punktur var tekinn rúma 60 metra austur af stekkjartóft)

Skekkja 5 metrar

Heimildaskrá

Hjalti Pálsson, 2001. *Byggðasaga Skagafjarðar II*. Akureyri.

Elivogar 146024 82 - 5

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 474708 N: 566108

Lengd: 6 m

Breidd: 7 m

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hætta

Staðhættir


Í Byggðasögu Skagafjarðar segir; „austan til, þar sem hæst ber innan gerðis, er lítill hóll með grænni tóft, trúlega af stekk eða fjárhúsi, miklu yngri en aðrar rústir sem sjást og verður að draga þá ályktun að þarna hafi verið gerður stekkur löngu eftir að byggð lagðist af á staðnum“ (HP; 489).

Lýsing

Austan til í gerðinu er lítill hóll, efst á honum er tvískipt tóft. Tóftin er 6x7 metrar að utanmáli. Breidd veggja er 0,5 metri og hæð þeirra 30 sentímetrar. Tóftin liggur austur/vestur og er opin til austurs. Austan við tóftina er nátthagi.

Heimildaskrá

Hjalti Pálsson, 2001. *Byggðasaga Skagafjarðar II*. Akureyri.



Stekkjartóft á gamla bæjarstæðinu í Elivogum

Elivogar 146024 82 - 6

Hlutverk: Nátthagi

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 474729 N: 566115

Skekkja: 5

Lengd: 15 m

Breidd: 13 m

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hætta

Staðhættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir; „Austan til, þar sem hæst ber innan gerðis, er lítill hóll með grænni tóft, trúlega af stekk eða fjárhúsi, miklu yngri en aðrar rústir sem sjást og verður að draga þá ályktun að þarna hafi verið gerður stekkur löngu eftir að byggð lagðist af á staðnum. Lítill nátthagi er hlaðinn í skeifu upp af stekkjarhólnum“ (HP; 489).

Lýsing

Austan til í gerðinu er lítill hóll með stekkjartóft. Austan hólans er hlaðinn nátthagi, 15x13 metrar að innanmáli. Veggir eru vel grónir, þeir eru um 50 sentímetra háir og 2ja metra breiðir.

Heimildaskrá

Hjalti Pálsson, 2001. *Byggðasaga Skagafjarðar II*. Akureyri.

Elivogar 146024 82 - 7

Hlutverk: Bæjarhóll
Tegund: Bæjarhóll
Staðsetning:
A: 474285
N: 566470
Skekkja: 5
Lengd: 40 m
Breidd: 40 m
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta



Staðhættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir; “Elivogabær hefur ekki alltaf verið á sama stað. Tvö

Horft til norðvesturs. Til vinstri er Bæjarhóllinn og til hægri fjárhústóft Ljósmynd: BZ

bæjarstæði eru í túni en hið þriðja allnokkru sunnar og austar” (HP; 488). “Um það bil 150-180 metrum utar og neðar í túninu [frá Gerði yngsta bæjarstæðinu] er eldra bæjarstæði (65°35′703/19°33′464) á lágum en þekkilegum hól. Út og niður frá bæjarstæðinu gengur hækkandi hólrani, brattur að vestan og norðan, kallaðist Bæjarhóll. Veggjabrot eru óljós en enginn vafi að þarna hefur bærinn verið lengst af, enda mun rýmra og að ýmsu leyti skemmtilegra bæjarstæði en hið fyrrnefnda” (HP; 489).

Um 80 metra suðaustur af svonefndum Bæjarhól er annar bæjarhóll og á honum eru fjórar tóftir.

Lýsing

Syðsti bæjarhóll á Elivogum er um 40x40 metrar að utanmáli. Hóllinn er fremur lágur, vel grænn og sker sig úr umhverfinu. Fjórar tóftir eru á og við hólinn en einnig er þar stakur veggur sem er hugsanlega leifar tóftar.

Heimildaskrá

Hjalti Pálsson, 2001. *Byggðasaga Skagafjarðar II*. Akureyri.

Elivogar 146024 82 - 8



Bæjarhúsatóftin er fremst á mynd og Sæmundarhlíð í baksýn Ljósmynd: BZ

Hlutverk: Bústaður
Tegund: Tóft
Staðsetning:
A: 474276
N: 566454
Skekkja: 7
Lengd: 7 m
Breidd: 12 m
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta

Staðhættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: “Út og niður frá bæjarstæðinu gengur hækandi hólrani,

brattur að vestan og norðan, kallaðist bæjarhóll. Veggjabrot eru óljós en enginn vafi að þarna hefur bærinn verið lengst af, enda mun rýmra og að ýmsu leyti skemmtilegra bæjarstæði en hið fyrrnefnda” (HP; 489).

Syðsti bæjarhóll á Elivogum er um 40x40 metrar að utanmáli. Hóllinn sem er fremur lágur er vel grænn og sker sig úr umhverfinu.

Lýsing

Á bæjarhólnum suðvestanverðum er tóft 7x12 metrar að utanmáli. Tóftin er tvískipt, hún er algróin og sér hvergi í grjót. Mesta breidd veggja er 1 metri og mesta hæð 40 sentimetrar. Hún liggur austur/vestur. Önnur tóft er sambyggð norðan við tóftina. Hún er öllu ógreinilegri og veggir óljósir. Hún er um 5x5 metrar að utanmáli. Veggir eru 30 sentímetra háir og 50 sentímetra breiðir. Hún er algróin.

Aðrar upplýsingar

Hnit á nyrðri tóftinni: A: 474274 N: 566462

Heimildaskrá

Hjalti Pálsson, 2001. *Byggðasaga Skagafjarðar II*. Akureyri.

Elivogar 146024 82 - 9

Hlutverk: Útihús
Tegund: Tóft
Staðsetning: A: 474285 N: 566470
Skekkja: 5
Lengd: 5 m
Breidd: 11 m
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta

Staðhættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: “Út og niður frá bæjarstæðinu gengur hækandi hólrani, brattur að vestan og norðan, kallaðist bæjarhóll. Veggjabrot eru óljós en

enginn vafi að þarna hefur bærinn verið lengst af, enda mun rýmra og að ýmsu leyti skemmtilegra bæjarstæði en hið fyrrnefnda” (HP; 489).

Syðsti bæjarhóll á Elivogum er um 40x40 metrar að utanmáli. Hóllinn sem er fremur lágur er vel grænn og sker sig úr umhverfinu.

Lýsing

Norðaustan til á bæjarhólnum er tóft, 5x11 metrar að ummáli. Tóftin er vel gróin en sér þó í torf og grjót í veggjum. Mesta hæð og breidd veggja er um 1 metri.

Einum metra norðan við tóftina er önnur, öllu ógreinilegri tóft. Hún er algróin og liggur lægra í hólbrekkunni en hin tóftin. Tóftin er 4x4 metrar að utanmáli. Hæð veggja er 20 sentímetrar og breidd um 70 sentímetrar.

Heimildaskrá

Hjalti Pálsson, 2001. *Byggðasaga Skagafjarðar II*. Akureyri.

Elivogar 146024 82 - 10

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Lengd: 5 m

Ástand: Slæmt

Hættumat: Lítil hætta

Staðhættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: “Út og niður frá bæjarstæðinu gengur hækkandi hólrani, brattur að vestan og norðan, kallaðist bæjarhóll. Veggjabrot eru óljós en enginn vafi að þarna hefur bærinn verið lengst af, enda mun rýmra og að ýmsu leyti skemmtilegra bæjarstæði en hið fyrrnefnda” (HP; 489).

Syðsti bæjarhóll á Elivogum er um 40x40 metrar að utanmáli. Hóllinn sem er fremur lágur er vel grænn og sker sig úr umhverfinu.

Lýsing

Veggjabrot, 5 metrar að lengd er 9 metra norðaustur af tóftinni, Veggjarbrotið stendur stakt en hugsanlega er það suðurveggur tóftar sem er að öðru leyti horfin.

Heimildaskrá

Hjalti Pálsson, 2001. *Byggðasaga Skagafjarðar II*. Akureyri.

Elivogar 146024 82 - 11

Sérheiti: Gerði

Hlutverk: Bæjarhóll

Tegund: Bæjarhóll

Lengd: 20 m

Breidd: 20 m

Ástand: Gott

Staðhættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: “Elivogabær hefur ekki alltaf verið á sama stað. Tvö bæjarstæði eru í túni en hið þriðja allnokkru sunnar og austar” (HP; 488). Þar segir einnig: “Síðasti bærinn var syðst og austast í túninu á svokölluðu Gerði (65°35'642/19°33'303), austan undir Flatahól, lítill bær með timburpili til vesturs og hálfstafni að sunnan en fjós sambyggt að norðan og austan og lítil, tvöföld fjárhús austan við bæinn” (HP; 488). Í Örnefnaskrá stendur: “Bær þessi stendur austan Sæmundarár og hefur um nokkrar aldir verið í eign Glaumbæjarkirkju, en eftir 1900 er jörðin orðin bændaeign” (ÖMJ, 1). Austan Flathóls liggur Gerði, yngsta bæjarstæði á Elivogum.

Lýsing

Bæjarhóllinn er um 20x20 metrar en út úr honum liggur lítill rani til norðausturs. Á honum er bæjartóftin með sambyggð útihús að norðan og norðaustan. Austan við eru tvöföld fjárhús.

Heimildaskrá


Hjalti Pálsson, 2001. *Byggðasaga Skagafjarðar II*. Akureyri.

Örnefnaskrá fyrir Elivoga, Margeir Jónsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.



Gerði, fyrir miðju myndar er túngarður en bæjarhóll á bakvið
Ljósmynd: BZ

Elivogar 146024 82 - 12



Gerði, bæjartóft með sambyggðum útihúsum

Hlutverk: Bústaður, Útihús

Tegund: Tóftaþyrping

Staðsetning: A: 474396

N: 566346

Skekkja: 4

Lengd: 6 m

Breidd: 16 m

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hætta

Staðhættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: “Síðasti bærinn var syðst og austast í túninu á svokölluðu Gerði (65°35'642/19°33'303), austan undir Flatahól, lítill bær með timburpili til vesturs og hálfstafni að sunnan en fjós sambyggt að norðan og austan og lítil, tvöföld fjárhús austan við bæinn” (HP; 488).

Austan Flathóls liggur Gerði, yngsta bæjarstaði á Elivogum. Bæjarhóllinn er vel grænn og sker sig úr umhverfinu. Mjög þýft er á þessu svæði.

Lýsing


Á bæjarhólnum er bæjartóftin með sambyggð útihús að norðan og norðaustan. Austan við eru tvöföld fjárhús. Tóftirnar eru allar vel grónar og sér hvergi í grjót en steypur skorsteinn liggur syðst í hústóftinni. Þær eru allar vel greinilegar.

Vestast er bæjartóftin hún er tvískipt og er ummál hennar 6x16 metrar. Hún er opin til suðurs. Tóftin snýr norður/suður. Austan við norðurenda bæjartóftarinnar er sambyggð minni tóft um 5x5 metrar að ummáli. Dyr eru á henni mót austri. Tóftin snýr austur/vestur. Þriggja metra breiður veggur er milli hústóftar og tvískipts fjárhúss sem er austan við. Það er 8x9 metrar að utanmáli og er hún opin til austurs. Fjárhúsin snúa austur/vestur. Mesta hæð veggja í tóftunum er 1,2 metrar og mesta breidd 2 metrar (að vegg milli hústóftar og fjárhús undanskildum), annars er breidd veggja um 50 -100 sentímetrar.

Heimildaskrá

Hjalti Pálsson, 2001. *Byggðasaga Skagafjarðar II*. Akureyri.

Elivogar 146024 82 - 13



5 m

Fjárhústóft suðaustur af Gerði

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 474378

N: 566325

Lengd: 7 m

Breidd: 6 m

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hætta

Staðhættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: “Húsarústir eru á nokkrum stöðum í túninu og fornir túngarðar sjást fyrir utan og neðan yngsta bæjarstæðið svo að sá bær hefur verið utan túngarðs” (HP; 489).

Um 30 metra suðvestur af bæjarstæðinu á svokölluðu Gerði er önnur tóft. Hún efst á grænum hól, 20x30 metrar að ummáli. Hóllinn sker sig töluvert úr umhverfinu hvað lit varðar.

Lýsing

Þetta er líklega fjárhústóft því að garði er fyrir miðri tóftinni. Tóftin er algróin, vel glögg en veggir eru fremur lágir, um 20 sentimetrar á hæð. Mesta breidd veggja er 1 metri og ummál tóftar er 7x6 metrar. Dyr eru til norðausturs og snúa í átt að bæjarhólnum. Tóftin snýr norðaustur/suðvestur.

Heimildaskrá

Hjalti Pálsson, 2001. *Byggðasaga Skagafjarðar II*. Akureyri.

Elivogar 146024 82 - 14

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 474371

N: 566358


Skekkja: 4

Lengd: 7 m

Breidd: 4 m

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hætta



5 m

Staðhættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: “Húsarústir eru á nokkrum stöðum í túninu og fornir túngarðar sjást fyrir utan og neðan yngsta bæjarstæðið svo að sá bær hefur verið utan túngarðs” (HP; 489).

Tóft útihúss í austurhlíð Flatahóls

Í austurhlíð Flatahóls, um 30 metra norðaustur af Gerði er tóft útihúss. Hún er 15 metrum suður af túngarði.

Lýsing

Mjög þýft er á þessu svæði og tóftin er vel gróin, hún er þó vel glögg og sker sig úr umhverfinu. Utanmál tóftar er 7x4 að utanmáli, mesta breidd veggja er 1 metri og mesta hæð þeirra 40 sentimetrar. Dyr eru hugsanlega mót austri. Tóftin liggur austur/vestur.

Heimildaskrá

Hjalti Pálsson, 2001. *Byggðasaga Skagafjarðar II*. Akureyri.

Elivogar 146024 82 - 15

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Staðsetning: A: 474370 N: 566375

Skekkja: 4

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Lítil hættu

Staðhættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: “Húsarústir eru á nokkrum stöðum í túninu og fornir túngarðar sjást fyrir utan og neðan yngsta bæjarstæðið svo að sá bær hefur verið utan túngarðs” (HP; 489).

Hluti túngarðs liggur austur/vestur um 50 metra norður af Gerði.

Lýsing

Garðurinn er vel gróinn. Hann er um 2ja metra breiður og 40-50 sentímetra hár.

Punktur var tekinn við vesturenda garðs: A: 474370 N: 566375 Skekkja 4 metrar

Punktur var tekinn við austurenda garðs: A: 474393 N: 566393 Skekkja 4 metrar

Heimildaskrá

Hjalti Pálsson, 2001. *Byggðasaga Skagafjarðar II*. Akureyri.

Elivogar 146024 82 - 16

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 474367 N: 566419

Skekkja: 4

Lengd: 11 m

Breidd: 4 m

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hættu

Staðhættir


Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: “Tóftir 60 kinda fjárhúsa eru austast í túni norður frá Gerðinu, tvöföld hús sem snúa dyrum austur að mýrinni” (HP; 489).

80 metra norður af Gerði og um suðaustur af eldra bæjarstæði á Elivogum er fjárhústóft. Hún er 43 metra norður af túngarði.

Lýsing

Tóftin er vel gróin en sér þó víða veggheðslur

úr grjóti, veggir eru töluvert teknir að falla. Mjög þýft er þarna. Fjárhústóftin er tvískipt og hugsanlega tóftir sunnan og vestan við. Garði er fyrir miðju beggja tóftanna en stærri og greinilegri í norðurtóftinni. Þær eru opnar til austurs. Hæð



Fjárhústóft í landi Elivoga

veggja er um 60 sentimetrar, mesta breidd veggja eru 2 metrar en veggir eru yfirleitt um 1 metri að breidd. Utanmál fjárhúsa er í heild 11x14 metrar.

Heimildaskrá

Hjalti Pálsson, 2001. *Byggðasaga Skagafjarðar II*. Akureyri.

Elivogar 146024 82 - 17

Hlutverk: Reiðgata

Tegund: Heimild

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: “Yngri bærinn var við austurenda Snúruhóls og upp norðan við hann var gengið frá bænum eftir neysluvatni vestur í Sæmundará yfir suðurenda Flatahóls niður gróinn, söðulbakaðan hrygg í beina stefnu á Vatnshólinn og lágu göturnar neðst norðan í honum” (HP; 490).

Nánari Lýsing

Ekki skráð á vettvangi 2004.

Heimildaskrá

Hjalti Pálsson, 2001. *Byggðasaga Skagafjarðar II*. Akureyri.

Elivogar 146024 82 - 18

Hlutverk: Reiðgata

Tegund: Gata

Staðsetning: A: 474316 N: 566096

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hætta

Staðhættir

“Austan Einstakahóls og Ketilhóla lágu reiðgötur en skammt sunnan Sjónarhóls skiptust þær. Sveigði önnur grein þeirra til vesturs, lá vestan í rótum Sjónarhóls og áfram vestan túns í Elivogum. Hin greinin lá norður yfir Melinn og heim að bæ í Elivogum” (HP; 490).

Nánari lýsing

Punktur var tekinn á reiðgötu norðan Sjónarhóls. Gatan liggur norður/suður.

Heimildaskrá

Hjalti Pálsson, 2001. *Byggðasaga Skagafjarðar II*. Akureyri.

Elivogar 146024 82 - 19



Varða á Sjónarhól

Hrúga af steinum liggur á melnum, hugsanlega leifar kofa eða vörðu. Stór steinn er fyrir miðju hrúgunnar.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Elivoga, Margeir Jónsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Hlutverk: Varða, Kofi
Tegund: Varða
Staðsetning: A: 474267
N: 566196
Skekkja: 7
Ástand: Slæmt
Hættumat: Lítil hætta

Staðhættir

Í Örnefnaskrá segir; “Sjónarhóll er næsti melhóll norðan við Ketilhól(a), og á honum er hrunin grjótvarða og mun verið hafa allstór” (ÖMJ, 3).

Á melrana út frá Sjónarhól, 70 metra norðvestur af háhólnum og um 50 metra austur af Sæmundará er kofatóft eða leifar vörðu.

Lýsing

Elivogar 146024 82 - 20

Hlutverk: Stekkur
Tegund: Tóft
Staðsetning:
A: 474260
N: 566328
Lengd: 6 m
Breidd: 7 m
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta

Staðhættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: “Í jarðabókinni 1713 segir eftirfarandi: “Skálá nefna munnmæli hér stekkjarstæðið, það er umgirt og sjást tóftaleifar. Enginn veit annað til byggða hér” Örnefnið Skálá þekkist ekki lengur en Stóribolli vestan í Flatamel er stór og skálarlaga



Stekkjartóft, Reykjaskarð í baksýn
Ljósmynd: BZ

hvammur og niður úr honum gróinn bakki, Stórabollaeyri, niður að ánni sem rennur fyrir neðan. Nafnið Skálá fellur vel að þessum stað. Í skálinni undir melendanum að norðan er fornleg, tvískipt húsatóft (65°35'634/19°33'485), getur vel hafa verið stekkur en tæplega nokkurn tímann hús því að staðurinn hefur jafnan lagst á kaf undir snjó á vetrum” (HP; 490).

Vestan til í Flatamel er hvammur sem nefnist Stóribolli. Við melendann norðanmegin er tvískipt tóft, um 150 metra austan Sæmundarár. Hjalti Pálsson höfundur Byggðasögu Skagafjarðar telur að hér heiti Skálá en skrásetjari telur Skálá vera elsta bæjarstæðið sem áður er skráð.

Lýsing

Tóftin, hugsanlega stekkjartóft er algróin. Ummál hennar er 6x7 metrar. Syðri hluti tóftar er mun greinilegri (4x7 að utanmáli) veggjahæð þar er 30 sentímetrar og breidd veggja er 1-2 metrar. Nyrðri hluti tóftar stendur ofar í hlíðinni og er öllu ógreinilegri, dyr virðast vera til austurs.

Heimildaskrá

Hjalti Pálsson, 2001. *Byggðasaga Skagafjarðar II*. Akureyri.

Elivogar 146024 82 - 21

Sérheiti: Signýjarvarða

Hlutverk: Varða

Tegund: Varða

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir; “Örnefnaskrá nefnir Signýjarvörðu (65°35' 964/19°33' 020) á Langholtsásnum hæstum, á að giska 700 metrum norðaustur frá síðasta bæjarstæði Elivoga [...] Ísaldarklöpp skotrast víða upp úr á hæðinni, en efst á henni er stór þúfa með greinilegri hleðslu, vel 2 metra langri og rúmlega metra á breidd. Þessi varða var um það bil 100 metrum norðan við Kirkjuveginn svokallaða og einnig nefnd Sólheimavarða (HP; 490).

Í Örnefnaskrá segir; Signýjarvarða er rétt sunnan við Kirkjuveg á há-Hæðinni. Varðan hefur verið hlaðin úr grjóti og torfi, og er gamalt mál, að einhvern tíma hafi búið í Elivogum kona, Signý að nafni. Léti hún hlaða vörðuna kirkjufólki og öðrum til leiðbeiningar, er áttu þarna leið. Nú er varðan hrunin, en þó svo glögg, að hún er augljóst mannaverk. Varðan er nálega í beinni línu milli Elivoga og Glaumbæjar” (Ö, MJ; 2)

Nánari lýsing

Ekki skráð á vettvangi 2004.

Heimildaskrá

Hjalti Pálsson, 2001. *Byggðasaga Skagafjarðar II*. Akureyri.

Örnefnaskrá fyrir Elivoga, Margeir Jónsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Elivogar 146024 82 - 22

Sérheiti: Hauskúpuholt

Hlutverk:

Ástand: Ómetið

Staðhættir

“Örnefnið Hauskúpuholt (65°35′835/19°33′295) er norðaustur frá Elivogum. Nafnið er komið frá því að þar fannst hauskúpa, líklega á 19. öld og fleiri mannabein um eða eftir 1920. Holtið er 300-400 metra norðaustur frá neðra bæjarstæðinu, lágt holt sem rís upp norðan við flóann og virðist ákjósanlegur staður fyrir heiðinn grafreit” (HP; 490). “Hauskúpuholt er norðaustur frá Elivogum. Það er slétt melholt, en þar virðist vera þúfulöguð dys, enda fannst þar hauskúpa endur fyrir löngu, og fyrir fáum árum fundust þar fleiri mannabein” segir í Örnefnaskrá (ÖMJ, 3).

Nánari lýsing

Ekki skráð á vettvangi 2004.

Heimildaskrá

Hjalti Pálsson, 2001. *Byggðasaga Skagafjarðar II*. Akureyri.

Örnefnaskrá fyrir Elivoga, Margeir Jónsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Elivogar 146024 82 - 23

Hlutverk: Mógröf

Tegund: Heimild

Ástand: Ómetið

Staðhættir

“Djúpt og gott mótak var í Elivogum í mýrarsundi nokkurn spöl suðaustur frá bænum á Gerðinu. Sést þar enn fyrir mörgum mógröfum í jaðrinum austan undir Móholtinu sem er austur frá Sjónarhól. Þangað var mórinn færður upp og þurrkaður og sjást glöggar minjar um nokkra móláða, kringlóttir grunnar, 2-2,5 m í þvermál. Mýrarsundið er þarna mjótt á kafla og austan þess tekur við Gamlabæjarholtið” (HP; 490).

Nánari lýsing

Ekki skráð á vettvangi 2004.

Heimildaskrá

Hjalti Pálsson, 2001. *Byggðasaga Skagafjarðar II*. Akureyri.

Elivogar 146024 82 - 24

Sérheiti: Kirkjuvegur

Hlutverk: Vegur

Ástand: Ómetið

Staðhættir

“Um Kirkjuveg er sú sögn að þar hafi í fornöld verið rudd braut gegnum skóginn sem lá úr Sæmundarhlíðinni austur yfir Hæðina. Nafnið kom síðan til af því að gatan varð kirkjuleið frá fremstu bæjunum í Hlíðinni til Glaumbæjar [...] Um það bil 50 metrum norðan við holtið er Kirkjuvegurinn, mjög óglöggur orðinn þó að vel megí merkja legu hans upp eftir holtunum yfir ásin um það bil 100 metrum sunnan við Signýjarvörðu en ekki norðan hans eins og segir í Örnefnaskrá” (HP; 490).

Í Örnefnaskrá segir; “Kirkjuvegur er góðan kipp norðan við Elivoga. Segir svo gömul sögn, að í fornöld var þar svo þéttur skógur, að ryðja þurfti veg til umferðar, og lá hann yfir Hæðina, sem svo er nefnd. Er gatan sumstaðar breið sem kerrubraut og því allskýr. En nafnið kom af því að seinna varð gatan kirkjuleið frá Sólheimum og öðrum bæjum þar til Glaumbæjar” (ÖMJ, 1).

Nánari lýsing

Ekki skráð á vettvangi 2004.

Heimildaskrá

Hjalti Pálsson, 2001. *Byggðasaga Skagafjarðar II*. Akureyri.

Örnefnaskrá fyrir Elivoga, Margeir Jónsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Elivogar 146024 82 - 25

Hlutverk: Skurður

Tegund: Heimild

Staðsetning: A: 474182 N: 566131

Skekkja: 6

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Landbrot

Staðhættir

“Frá honum [Sjónarhól] gengur í landvestur lágur hólhryggur sem endar í Litlahól upp af Garðeyri. Hún er algróin og ber minjar um áveitur, skurði og garða” (HP; 490).

Nánari lýsing

Framarlega á Garðeyri liggur skurður í boga frá norðri til suðurs. Hugsanlega áveitu-skurður en óvíst er hvort hann hefur verið hand- eða vélgrafinn.

Heimildaskrá

Hjalti Pálsson. *Byggðasaga Skagafjarðar, II. Bindi*. Akureyri, 2001.

Elivogar 146024 82 - 26

Hlutverk: Áveita

Tegund: Garðlag

Staðsetning: A: 474215 N: 566169

Skekkja: 5

Lengd: 22 m

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Landbrot

Staðhættir

“Frá honum [Sjónarhól] gengur í landvestur lágur hólhryggur sem endar í Litlahól upp af Garðeyri. Hún er algróin og ber minjar um áveitur, skurði og garða” (HP; 490).

Lýsing

Norðvestanvert á Garðeyri er garður, hugsanlega áveitugarður. Hann er 22 metra langur og liggur frá girðingu (sem liggur norður/suður og girðir af eyrina) að Sæmundará. Hann er um 40 sentímetra hár og jafnbreiður. Annar garður liggur langs yfir eyrina frá norðri til suðurs en beygir svo til norðausturs. Garðurinn er algróinn um 40 sentímetrar á breidd og 40 sentímetrar á hæð. (Hnit á seinni garðinum: A: 474191 N: 566053)

Heimildaskrá

Hjalti Pálsson, 2001. *Byggðasaga Skagafjarðar II*. Akureyri.

Elivogar 146024 82 - 27

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 474245 N: 566051


Skekkja: 7

Lengd: 4 m

Breidd: 9 m

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hætta



5 m

Stekkjur eða fjárhústóft sunnan Litlahóls

Staðhættir

Upp af Garðeyrinni til suðurs er Litlihóll. Við suðurhlið hans er stekkjur eða fjárhústóft. Hún liggur um 30 metra norður af Sæmundará.

Lýsing

Tóftin er algróin, djúp og vel greinileg. Hún er tvískipt og er op til suðurs. Hvergi sér í grjóti í veggjum. Ummál tóftar er 4 x 9 metrar, mesta hæð veggja 1,2 metrar og mesta breidd rúmur metri.

Elivogar 146024 82 - 28

Hlutverk: Garður

Tegund: Garðlag

Staðsetning: A: 474258

N: 566047

Lengd: 15 m

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Landbrot


Staðhættir

Um 20 metrum sunnan tóftarinnar við Litlahól [nr. 27] liggur garður frá Sæmundará úr suðaustri. Hann er um 15 metra langur en rofnar á 6 metra kafla, heldur aðeins áfram en virðist svo samlagast árbakkanum. Breidd garðsins er 1,5 metri og hæð hans 50 sentimetrar.



*Garður sunnan Litlahóls, horft til norðvesturs
Ljósmynd: BZ*

Elivogar 146024 82 – 29



Stekkjartóft við Ketilhóla

Hlutverk: Stekkur
Tegund: Tóft
Staðsetning: A: 474627
N: 565525
Skekkja: 8
Lengd: 9 m
Breidd: 3 m
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta

Staðhættir

„Þriðji stekkurinn og væntanlega frá síðasta skeiði byggðar í Elivogum er í Ketilhólum í lægðinni milli stóra og litla hólans, mjög glöggur að veggjum með lambakrónni til hliðar við austurvegg (65°35'210/19°33'000)“ (HP; 490).

Nánari lýsing

Sunnan Ketilhóla er annar hóll, töluvert minni. Í lægðinni milli hólanna, austan megin er stekkjartóft. Hún liggur um 100 metra í austur frá Sæmundará, gegnt bænum Dæli.

Lýsing

Tóftin er vel gróin og hvergi sér í grjóti í veggjum en örlítið er af grjóti í gólfi. Tóftin er tvískipt með lambakró til austurs. Ummál stekkjara er 3 x 9 metrar. Breidd veggja er 80 sentímetrar og hæð þeirra um 1 metri. Hún liggur norðnorðaustur/suðsuðvestur. Dyr eru á tóftinni til norðnorðaustur og hugsanlega aðrar mót suðsuðvestri. Ummál lambakróarinnar er 5 x 4 metrar. Mesta breidd veggja er 1,2 metrar og hæð veggja frá 50-100 sentímetrum. Dyr eru á henni til austnorðausturs

Heimildaskrá

Hjalti Pálsson, 2001. *Byggðasaga Skagafjarðar II*. Akureyri.

Elivogar 146024 82 - 30

Hlutverk: Kuml
Tegund: Kuml
Staðsetning:
A: 474625
N: 565508
Skekkja: 7
Lengd: 10 m
Breidd: 10 m
Ástand: Slæmt
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Áfok



Stekkjartóft við Ketilhóla og kuml í baksýn
Ljósmynd: BZ

Staðhættir

„Kuml við Ketilhóla (65°35'195/19°32'995). Ketilhólar eru áður nefnið við ána sunnan til í Elivogalandi. Nafnið er jafnan haft í fleirtölu þótt hóllinn sé raunverulega einn en í hann eru djúpir katlar. Fast sunnan við Ketilhóla er annar stakur hóll, miklu minni og hefur ekki sérnafn, eða tilheyrir þó eðlilega Ketilhólum. Árið 1954 fann Jón Gíslason refaskytta uppblásið kuml norðan í litla hólnum“ (HP; 491).

Nánari lýsing

Sunnan Ketilhóla, gegnt Dæli, um 200 metra austan Sæmundarár er annar minni hóll. Norðanvert í honum er rofið svæði um 10x10 metrar að ummáli.

Lýsing

Punktur var tekinn í miðju rofsvæðinu, 18 metra suður af stekkjartóftum sem liggja milli Ketilhóla og minni hólins.

Fornleifarannsókn

Fornleifarannsókn var gerð á kumlunum í ágúst 1956. Það var Kristján Eldjárn, þáverandi þjóðminjavörður, sem gerði rannsóknina. Þar gróf hann upp kuml manns og hests. Gröfin snéri vnv-asa. Hún var um 4 metrar á lengd en um einn metri á breidd. Maðurinn hefur legið í vestari enda grafarinnar en einungis fannst í gröfinni beinahrafl auk nokkurra járnbrota. Í hestsgröfinni voru einungis leifar annars framfótar. Greinilegt var að hróflað hefur verið við gröfinni til forna (Árbók: 132-3).

Heimildaskrá

Hjalti Pálsson, 2001. *Byggðasaga Skagafjarðar II*. Akureyri.

Kristján Eldjárn. Þrjú kuml Norðanlands. *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1957-1958*.

Elivogar 146024 82 - 31

Hlutverk: Reiðgata

Tegund: Vegur

Staðsetning: A: 474502 N: 565567

Skekkja: 6

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hætta

Staðhættir

„Löngum þótti reimt hjá Ketilhólum. Þar var fyrrum alafaraleið fram austan árinna t.d. með lestaferðir í og úr kaupstað“ (HP; 491).

Nánari lýsing

Punktur var tekinn á greinilegri götu vestan við Ketilhóla gegnt bæjarhúsum á Dæli.

Heimildaskrá

Hjalti Pálsson, 2001. *Byggðasaga Skagafjarðar II*. Akureyri.

Elivogar 146024 82 - 32

Hlutverk: Landamerki

Tegund: Heimild

Ástand: Ómetið

Staðhættir

„Merkjagarður var á norðurmörkum landsins neðan frá Sæmundará og náði allt upp að Meðalheimsvatni. Hann er nú að mestu horfinn nema þar sem hann gengur upp eftir dálitlu dragi sunnan og ofan við túnin frá Fosshóli“(HP; 490).

Nánari lýsing

Ekki skráð 2004.

Heimildaskrá

Hjalti Pálsson, 2001. *Byggðasaga Skagafjarðar II*. Akureyri.

Halldórsstaðir - 146037-109-22

Fjöldi minja: 26

Saga

Halldórsstaða er fyrst getið í Sturlungu, þar segir; „Sturla [Sighvatsson] bar sakir á Harald Sæmundarson um bjargir Arons Hjörleifssonar, ok galt hann þar fyrir lönd tvau í Skagafirði, Halldórsstaði á Langaholti ok Þorbrandsstaði í Norður-árdal“ (ST, 415). Halldórsstaða er getið í ráðsmannsreikningum Hólastóls



Séð yfir Halldórsstaði, Blönduhlíðarffjöll í baksýn

Ljósmynd: BZ

frá 1388 og var jörðin þá í eign kirkjunnar (DI III, 408). Inga Jónsdóttir gaf Skálholtskirkju jörðina árið 1531. Árið 1550 var jörðin komin í eigu Glaumbæjarkirkju og var það þar til 1910 en þá var hún seld ábúanda. Núverandi eigendur og ábúendur keyptu jörðina árið 1995. (HP, 283). Í *Jarðabók* Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1713 segir að Halldórsstaðir hafi verið í „auðn næstu 5 ár“ og síðar segir „aftur má hjer byggja, ef fólk til fengist, og brúkar nú þetta land presturinn að Glaumbæ sjer til nota“ (JÁM, 100).

Náttúrufar og jarðabætur

Í *Jarðabók* Johnsens frá 1847 er jörðin talin 20 hundruð að dýrleika, hún er í þá eign Glaumbæjarkirkju. Í *Jarðabók* frá 1713 er sagt að torfrista og stunga séu sæmileg og reiðingsrista sé næg fyrir það bú (JÁM, 100).

Austasti hluti Halldórsstaðalands frá Glaumbæjarkvísl að Stóraskurði er framræst mýri. Vestur af skurðinum og upp að Sauðárkróksbraut er nær samfelld tún að undanskildum óræktuðum holtum sunnanvert í landinu, austan vegar. Vestan vegar er nyrst tún en melar og mólendi sunnan til. Síðan tekur við gróið land til vesturs að ásnum en þar tekur við lítið gróið holtaland að merkjum Elivoga. Hlunnindi af jörðinni eru lax- og silungsveiði í Glaumbæjarkvísl (HP, 282-3).

Landamerki

Í Örnefnaskrá segir um landamerkin; „Halldórsstaðir eru næsti bær norðan Ytra-Skörðugils og næsti bær sunnan Glaumbæjar. Merkjum að sunnan ræður vélgrafinn skurður að neðan, úr Djúpukvísl og til Holtstjarnar. Þau merki eru á móti Holtskoti. Nær því vinkilbeygja kemur á þann skurð nálægt miðju. Þá beygja merkin til vesturs frá norðurenda Holtstjarnar. Þaðan í þvervestur að landi Elivoga og þaðan er bein lína til norðurs út að landi Glaumbæjar. Þaðan liggja merkin til austurs, aðeins niður fyrir Braut, en beygja þá til norðurs ofan túns á Halldórsstöðum. Beygja síðan aftur til austurs norðan við túnið, síðan aftur til suðurs neðan túns og þá aftur í austur, í beina

línu að Djúpukvísl, sem ræður merkjum Halldórsstaða að austan við Geldingaholt“ (Ö, 1).

Heimildaskrá

Hjalti Pálsson. *Byggðasaga Skagafjarðar, II. Bindi*. Akureyri, 2001.

Íslenzkt fornbréfasafn III, 1269-1415. Kaupmannahöfn, 1896.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (9. bindi). Hið Íslenska Fræðafjelag í Kaupmannahöfn, 1930.

J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi*. Kmh. 1847.


S: Sturlungasaga I. Sturlungaútgáfan. Reykjavík, 1946. Jón Jóhannesson, Magnús Finnbogason og Kristján Eldjárn sáu um útgáfuna.

Sýslu og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873 II Skagafjarðarsýsla. Akureyri 1954.

Örnefnaskrá Halldórsstaða, Kristján Eiríksson skráði (Heimildamaður Halldór Gíslason). Örnefnastofnun Íslands.

Halldórsstaðir í Seyluhreppi

Kort: Bryndís Zoëga eftir túnakorti Guðmundar Sveinssonar frá 1917



Halldórsstaðir - 146037-109-22- 1

Hlutverk: Bústaður

Tegund: Heimild 465

Staðsetning: A: 476937 N: 567355

Skekkja: 5

Ástand: Ómetið

Horfin: Já

Staðhættir

Samkvæmt Túnakorti er bærinn fyrir miðju í vestari hluta túnsins. „Gamli bærinn á Halldórsstöðum stóð sunnan við bæjarlækinn, örlítið austar og neðar en fjósið stendur núna, vesturhlið bæjarins, sem var baðstofan, um það bil skemmubreiddinni austar. Bærinn frá vestri til austurs var um 20 metrar og endaði í framstofunni að sunnan og austan. Hún var vel viðuð og þiljuð með tveimur aðskildum gluggum. Norðan hennar bæjargöngin og nyrst skálinn, allt falleg hús og reisuleg, hlaðvarpinn tilkomumikill og nyrst í honum mikil súrheysgryfja úr torfi og grjóti“ (HP, 284). Í Örnefnaskrá stendur: „Neðan neðra hesthússins stóðu fjárhús mjög nærri Bæjarlæk. Nú hefur verið byggð ný hlaða norðan þetta?. Beint niður af þeim var gamli bærinn,, (Ö, 5).

Nánari lýsing

Bærinn er nú horfinn og engin ummerki um hann sjáanleg. Punktur var tekinn við girðingu sunnan bæjarlækjarins, um 15 metra norðaustur af fjósinu. Bærinn stóð stutt sunnan við lækinn norðaustan við núverandi útihús, þar sem búið er að ýta ofan af bæjarhólnum og fletja hann út til austurs.

Heimildaskrá

Guðmundur Sveinsson. Túnakort fyrir Halldórsstaði í Seyluhrepp frá 1917.

Hjalti Pálsson. *Byggðasaga Skagafjarðar II. Bindi*. Akureyri 2001.
Örnefnaskrá fyrir Halldórsstaði, Kristján Eiríksson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Halldórsstaðir - 146037-109-22- 2

Hlutverk: Fjós, Hlaða
Tegund: Heimild 465
Staðsetning: A: 476937 N: 567355
Skekkja: 5
Ástand: Ómetið
Horfin: Já

Staðhættir

Samkvæmt Túnakorti er peningshús norðan við bæinn. „Áfast fjós var við bæinn að norðanverðu með hlöðu“ (HP, 284). Í Örnefnaskrá stendur: „Fjós og hlaða var sambyggt við bæinn að norðanverðu og stendur þar enn“ (Ö, 5).

Nánari lýsing

Fjósið og hlaðan eru horfin og búið að slétta allt þarna. Einu leifar fjóssins eru fremur ógreinanlegar hleðsluleifar við lækinn.

Heimildaskrá

Guðmundur Sveinsson. Túnakort fyrir Halldórsstaði í Seyluhrepp frá 1917.
Hjalti Pálsson. *Byggðasaga Skagafjarðar II. Bindi*. Akureyri 2001.
Örnefnaskrá fyrir Halldórsstaði, Kristján Eiríksson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Halldórsstaðir - 146037-109-22- 3

Hlutverk: Heimreið
Tegund: Heimild 465
Staðsetning: A: 476942 N: 567339
Ástand: Ómetið
Horfin: Já

Staðhættir

Samkvæmt Túnakorti kemur vegur inn úr vestri um mitt tún, fer framhjá bæjarhúsinu og beygir þar í norður. Í Örnefnaskrá stendur: „Norðan við Brekkur er slétta. Hún takmarkast að norðan af heimreiðinni, sem oftast er í daglegu tali nefnt stígur“. (bls.4).

Nánari lýsing

Búið er að reisa fjós suðvestan við gamla bæjarstaðið og slétta allt í kringum. Engin merki eru um gömlu heimreiðina en punktur var tekinn 7 metra austan við nyrðri dyr fjóssins.

Heimildaskrá

Guðmundur Sveinsson. Túnakort fyrir Halldórsstaði í Seyluhrepp frá 1917.
Örnefnaskrá fyrir Halldórsstaði, Kristján Eiríksson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Halldórsstaðir - 146037-109-22- 4

Hlutverk: Leið
Tegund: Heimild 465
Horfin: Já

Staðhættir

Í Örnefnaskrá stendur: „Fyrst þegar Halldór man eftir sást fyrir gömlum vegi af bæjarhlaði og suður og upp túnið í stefnu á Ytra-Skörðugil“ (Ö, 7). Halldór Gíslason var fæddur á Halldórsstöðum 10. September 1909 og bjó þar lengi.

Nánari lýsing

Vegur fannst ekki við vettvangsathugun 2004.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Halldórsstaði, Kristján Eiríksson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Halldórsstaðir - 146037-109-22- 5

Hlutverk: Brunnur

Tegund: Heimild 465

Staðsetning: A: 476927 N: 567347

Skekkja: 5

Ástand: Ómetið

Horfin: Já

Staðhættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir; „Vatnsból var í brunni ofan við bæinn“ (HP, 284).

Nánari lýsing

Brunnurinn er nú horfinn. Punktur var tekinn 15 metra ofan gamla bæjarstæðisins og 5 metra frá norðvesturhorni fjóssins.

Heimildaskrá

Hjalti Pálsson. *Byggðasaga Skagafjarðar II. Bindi*. Akureyri 2001.

Halldórsstaðir - 146037-109-22- 6

Hlutverk: Reykhús, Skemma, Smiðja

Tegund: Heimild 465

Staðsetning: A: 476910 N: 567307

Skekkja: 5

Ástand: Ómetið

Horfin: Já

Staðhættir

Samkvæmt túnakorti var peningshús sunnan vegar í vesturhluta túnsins. Gæti verið skemman, reykhusið og smiðjan. Í bók Hjalta Pálssonar stendur: „Sunnan og vestan við bæinn var skemman, reykhusið og smiðjan sambyggt með þrem burstum“ (284).

Nánari lýsing

Engin merki eru nú um þessar byggingar en punktur var tekinn 2 metra frá suðausturhorni garðsins sem er framan við íbúðarhús á Halldórsstöðum um 0,5 metra sunnan við veginn sem liggur niður fyrir fjósið.

Heimildaskrá

Hjalti Pálsson. *Byggðasaga Skagafjarðar II. Bindi*. Akureyri 2001.

Guðmundur Sveinsson. Túnakort fyrir Halldórsstaði í Seyluhrepp frá 1917.

Halldórsstaðir - 146037-109-22- 7

Sérheiti: Neðstuhús

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Heimild 465

Staðsetning: A: 476892 N: 567346

Skekkja: 7

Ástand: Ómetið

Horfin: Já

Staðhættir

Samkvæmt Túnakorti var fjárhús rétt norðan vegar í vesturhluta túnsins. „Útihúsin voru beint í vestur frá sjálfum bænum. Næst Neðstuhúsin, þar sem nú eru fjárhúsin frá 1973, síðan Miðhúsin og efst upp við brautina Efstuhúsin með reisulegri stóðrétt“ (HP, 284). „Neðstuhúsin á Halldórsstöðum um 1950. Þau stóðu nákvæmlega þar sem núverandi fjárhús eru“ (HP, 284. Myndatexti.). Í Örnefnaskrá stendur: „Neðan neðra hesthússins stóðu fjárhús mjög nærri Bæjarlæk“ (Ö, 5).

Nánari lýsing

Fjárhúsin stóðu á sama stað og núverandi fjárhús. Punktur var tekinn við miðhurð fjárhússins austanmegin.

Heimildaskrá

Hjalti Pálsson. *Byggðasaga Skagafjarðar II. Bindi*. Akureyri 2001.

Guðmundur Sveinsson. Túnakort fyrir Halldórsstaði í Seyluhrepp frá 1917.

Örnefnaskrá fyrir Halldórsstaði, Kristján Eiríksson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Halldórsstaðir - 146037-109-22- 8

Sérheiti: Efstuhús

Hlutverk: Hesthús,
rétt

Tegund: Heimild 465

Staðsetning:

A: 476765

N: 567306

Lengd: 2

Breidd: 5

Ástand: Ómetið

Horfin: Já

Staðhættir

Samkvæmt Túnakorti var útihús norðan vegar rétt við girðingu. Í

Örnefnaskrá stendur:

„Norðan heimreiðar, upp að Braut og niður að hinum gamla túngarði, heitir hesthússlétta. Hún dregur nafn af hesthúsi, sem stóð ofarlega á þessu svæði áður en sléttað var“ (Ö, 4).

Nánari lýsing



Efst í túni Halldórsstaða þar sem Efstuhús munu hafa staðið
Ljósmynd: BZ

Hvorki sér til hesthúss né stóðréttar. Punktur var tekinn um 10 metrum austan Sauðárkróksbrautar og einn metra austan girðingar, þar er dæld í annars sléttu túninu, sem gæti bent til þess að þar hafi útihús verið. Ummálið er um 2x5 metrar.

Heimildaskrá

Guðmundur Sveinsson. Túnakort fyrir Halldórsstaði í Seyluhrepp frá 1917.
Örnefnaskrá fyrir Halldórsstaði, Kristján Eiríksson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Halldórsstaðir - 146037-109-22- 9

Hlutverk: Rista

Tegund: Heimild 465

Staðsetning: A: 477499

N: 566664

Ástand: Ómetið

Hættumat: Lítil hætta

Horfin: Já



Horft yfir Holtstjörn til suðausturs

Ljósmynd: BZ

Staðhættir

„Torfrista brúkanleg“ (HP, 283). „Torfristan sem getið er í jarðarlýsingu 1849 var meira en brúkanleg. Hún var hin besta sem þekktist suður og niður í Mýrum norðan Holtstjarnar áður en Stóriskurður var grafinn 1953 og þurrkaði upp Mýrarnar. Fram að þeim tíma mátti kalla að torf- og reiðingarista væri atvinnuvegur á Halldórsstöðum. Mikið var selt eða látið í vöruskiptum, t.d. fengnir heilir bílfarmar af rekavið og staurum utan af Skaga fyrir torf og reiðing“ (HP, 284).

Nánari lýsing

Engin merki sáust um torfristu en búið er að þurrka Mýrarnar upp. Punktur var tekinn 2 metra norðan merkjagirðingar, 10 metra vestan Stóriskurðar og um 40 metra norðvestur af Holtstjörn.

Heimildaskrá

Hjalti Pálsson. *Byggðasaga Skagafjarðar II. Bindi*. Akureyri 2001.

Halldórsstaðir - 146037-109-22- 10

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Heimild 465

Ástand: Ómetið

Horfin: Já

Staðhættir

Í bók Byggðasögu Skagafjarðar stendur: „Gamli túngarðurinn hvarf með nýrri ræktun“ (HP, 284).

Nánari lýsing

Gamli túngarðurinn fannst ekki við vettvangsathugun 2004.

Heimildaskrá

Guðmundur Sveinsson. Túnakort fyrir Halldórsstaði í Seyluhrepp frá 1917.

Hjalti Pálsson. *Byggðasaga Skagafjarðar II. Bindi*. Akureyri 2001.

Halldórsstaðir - 146037-109-22- 11

Hlutverk: Brú

Tegund: Garðlag

Staðsetning: A: 477376 N: 567157

Lengd: 15 m

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Lítil hætta

Staðhættir

„Áveitugarðar og engjabrýr í Lambhaga sigu í jörð, mýrar og flóar voru ræstir fram og bylt í tún“ (HP, 284).

Nánari lýsing

Um 20 metrum norðan gamla flóðgarðsins [nr. 20] eru 2 lágvaxin garðbrot það syðra er 11 metra langt og það nyrðra 15 metra.

Lýsing

Það síðarnefnda er mun greinilegra en það fyrra. Veggir þar eru um 40 sentímetra breiðir og 30 sentímetrar á hæð. Hugsanlega hafa þessi garðar legið saman einhvern tímann en erfitt er að greina það nú því mjög þýft er þarna.

Punktur var tekinn á syðri garði: A: 477378 N: 567154

Heimildaskrá

Hjalti Pálsson. *Byggðasaga Skagafjarðar II. Bindi*. Akureyri 2001.

Halldórsstaðir - 146037-109-22- 12

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Heimild 465

Staðsetning: A: 476902 N: 567902

Skekkja: 6

Ástand: Ómetið

Horfin: Já

Staðhættir

„Í hánorður frá gamla bænum var hóll á merkjum Halldórsstaða og Glaumbæjar nyrst í Norðurflöt, girtur hlöðnum, aldagömlum túngarði, talinn álagahóll og kallaður Merkjahóll. Hóllinn er enn til en garðurinn hefur verið sléttaður“ (HP, 285).

Nánari lýsing

Á merkjum milli Halldórsstaða og Glaumbæjar er hóll, sem hefur verið sléttaður Halldórsstaðamegin en líklega hefur minna verið átt við hann hinu megin frá. Hóllinn er um 200 metra norðaustur af íbúðarhúsi á Halldórsstöðum og um 150 metra austan Sauðárkróksbrautar. Hvergi eru merki sjáanleg um túngarð eða aðrar tóftir á hólnum. Punktur var tekinn efst á hólnum fyrir miðju. Meiri hluti hólsins er í landi



Gamla bæjarstæðið, Merkjahóll í baksýn
Ljósmynd: BZ

Halldórsstaða. Samkvæmt Gunnlaugi Jónassyni bónda í Hátúni var blettur þessi kallaður Skjöldur og náði út á og yfir landamerkin og vestur að núverandi þjóðvegi. Skjöldur var afar grasgefið slægjuland. Þessi hóll var einnig kallaður Kálgarðshóll því að sunnan undir hólnum mun Halldórsstaðafólk hafa haft kartöflugarð sinn.

Heimildaskrá

Hjalti Pálsson. *Byggðasaga Skagafjarðar II. Bindi*. Akureyri 2001.

Halldórsstaðir - 146037-109-22- 13

Sérheiti: Merkjahóll

Hlutverk: Álagablettur

Tegund: Heimild 465

Staðsetning: A: 476902 N: 567902

Skekkja: 6

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hætta

Staðhættir

„Í hánorður frá gamla bænum var hóll á merkjum Halldórsstaða og Glaumbæjar nyrst í Norðurflöt, girtur hlöðnum, aldagömlum túngarði, talinn álagahóll og kallaður Merkjahóll. Hóllinn er enn til en garðurinn hefur verið sléttaður“ (HP, 285).

Nánari lýsing

Á merkjum milli Halldórsstaða og Glaumbæjar er hóll, hóllinn hefur verið sléttaður Halldórsstaðamegin en líklega hefur minna verið átt við hann hinu megin frá. Hóllinn er um 200 metra norðaustur af íbúðarhúsi á Halldórsstöðum og um 150 metra austan Sauðárkróksbrautar. Hvergi eru merki sjáanleg um túngarð eða aðrar tóftir á hólnum. Punktur var tekinn efst á hólnum fyrir miðju.

Heimildaskrá

Hjalti Pálsson. *Byggðasaga Skagafjarðar II. Bindi*. Akureyri 2001.

Halldórsstaðir - 146037-109-22- 14

Sérheiti: Jarðfallið

Hlutverk: Leikvöllur

Tegund: Heimild

Staðsetning: A: 476804 N: 567341

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Lítil hætta

Staðhættir

„Út og upp frá núverandi fjárhúsum, norðan lækjar, var Jarðfallið, vinsælt leiksvæði barna“ (HP, 285).

Nánari lýsing

Punktur var tekinn um 120 metra norðvestur frá íbúðarhúsinu norðan girðingar og norðan lækjarins í þar sem jörð hefur sigið eða lækurinn hefur áður runnið.

Heimildaskrá

Hjalti Pálsson. *Byggðasaga Skagafjarðar II. Bindi*. Akureyri 2001.

Halldórsstaðir - 146037-109-22- 15

Sérheiti: Skessuhóll

Hlutverk: Kvíar, Leikvöllur
Tegund: Heimild 465
Staðsetning: A: 476902 N: 567252
Ástand: Ómetið
Horfin: Já

Staðhættir

„Kvíar voru skammt suður af nýja íbúðarhúsinu á litlum hól, oft kallaður Skessuhóll, vinsæll leikstaður barna“ (HP, 285). Í Örnefnaskrá stendur: „Rétt suður og upp af íbúðarhúsinu nýja var svolítill grænn hóll með tóftarbroti, nefndur Kvíar. Hætt var að færa frá á Halldórsstöðum fyrir minni Halldórs“ (Ö, 7).

Í Örnefnaskrá stendur: „Rétt sunnan þess og aðeins neðar er lítill hóll, nefndur Skessuhóll. á honum stóðu hesthús í æsku Halldórs og í því var oft höfð grá hryssa, tamin, mikið uppáhald. Hún hét Skessa. Halldór skírði hólinn eftir henni“ (Ö, 5).

Nánari lýsing

Um 40 metra suðsuðvestur af íbúðarhúsinu er lágur hóll í sléttu túni. Engar tóftir eru sjáanlegar en Bjarni Bragason bóndi á Halldórsstöðum man eftir töluverðu af grjóti sem kom þar upp þegar hann var að slétta túnið.

Heimildaskrá

Hjalti Pálsson. *Byggðasaga Skagafjarðar II. Bindi*. Akureyri 2001.

Örnefnaskrá fyrir Halldórsstaði, Kristján Eiríksson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Halldórsstaðir - 146037-109-22- 16

Sérheiti: Stekkjarholt
Hlutverk: Stekkur
Tegund: Tóft
Staðsetning: A: 4764755
N: 566860
Skekkja: 6
Lengd: 3 m
Breidd: 4 m
Ástand: Sæmilegt
Hættumat: Lítil hætta



*Leifar stekkjartóftar á Stekkjarholti
Ljósmynd: BZ*

Staðhættir

„Vestan þjóðvegur er nokkur túnræktun en skammt þar fyrir vestan er Stekkjarholtið sem rís upp úr svonefndum

Flóum, heldur norðar en um miðju landsins. Austan í hólnum er allstór stekkjartóft en óljós orðin“ (HP, 285). Í Örnefnaskrá stendur: “Ofan þessarar holtaspildu heita Flóar nær því á milli merkja, nema hvað þeir eru klofnir sundur af svonefndu Stekkjarholti, sem er heldur norðar en um miðju. á því var Stekkurinn“ (Ö, 6).

Nánari lýsing

Um 150 metra vestur af Halldórsstöðum II (hjólhýsi) er hóll um 26x40 metrar að ummáli.

Lýsing

Efst á hólnum er tvískipt grjóttóft. Hún er austast á hólnum í næstum hringlaga skál sem er 7x9 metrar að innanmáli. Tóftin er opin til suðausturs, mót Geldingaholti. Grjóthleðslur eru hvað sýnilegastar austast og vestast í tóftinni. Hæð veggja er um 40 sentimetrar. Ummál tóftar er um 3x4 metrar og er lambakróin til austurs.

Heimildaskrá

Hjalti Pálsson. *Byggðasaga Skagafjarðar II. Bindi*. Akureyri 2001.

Örnefnaskrá fyrir Halldórsstaði, Kristján Eiríksson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Halldórsstaðir-109-22– 17

Sérheiti: Tóftarbrot

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild 465

Staðsetning: A: 474914 N: 567914

Ástand: Ómetið

Horfin: Já

Staðhættir

Í Örnefnaskrá stendur: „Gömul húsarúst var suður og niður af Skessuhól, nefndist hún Tóftarbrot“ (Ö, 5).

Nánari lýsing

Búið er að slétta túnið þarna en punktur var tekinn í eilítilli dæld er um 5 metra suðaustur af Skessuhól og um 50 metra suðaustur af íbúðarhúsinu.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Halldórsstaði, Kristján Eiríksson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Halldórsstaðir - 146037-109-22- 18

Sérheiti: Heygarðsrindi

Hlutverk: Heygarður

Tegund: Heimild 465

Ástand: Ómetið

Horfin: Já

Staðhættir

Í Örnefnaskrá stendur: „Vestan Móanna, syðst, er hávaði sem Heygarðsrindi heitir“ (Ö, 2).

Nánari lýsing

Engir heygarðar fundust við vettvangsathugun 2004.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Halldórsstaði, Kristján Eiríksson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Halldórsstaðir - 146037-109-22- 19

Sérheiti: Holtskotsheygarðar

Hlutverk: Heygarður

Tegund: Heimild 465

Staðsetning: A: 477756 N: 567187

Ástand: Ómetið

Horfin: Já

Staðhættir

Í Örnefnaskrá stendur: „Á merkjum, sunnan Syðri-Randamós, voru tveir hávaðar með tóftarbrotum á, nefndir Holtskotsheygarðar“ (Ö, 3).

Nánari lýsing

Skurðir eru nú á landamerkjunum og engir heygarðar fundust en punktur var tekinn við skurðina.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Halldórsstaði, Kristján Eiríksson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Halldórsstaðir - 146037-109-22- 20

Hlutverk: Varnargarður

Tegund: Garðlag

Staðsetning: A: 477292

N: 567110

Skekkja: 7

Lengd: 167 m

Ástand: Sæmilegt

**Staðhættir**

Í Örnefnaskrá stendur: „Norðan við Flána er gamall flóðgarður til að halda flóði á fyrir sunnan. Norðan hans meðfram

Lambhagakvísl heitir Vestari-Rindi“ (Ö, 3).

*Lefjar varnargarðs, horft til austurs
Ljósmynd: BZ*

Nánari lýsing

Garður liggur austur/vestur þvert yfir Flána. Hann er vel gróinn en víða rofinn. Hann er um 20-30 sentimetrar á hæð. Annar garður öllu ógreinilegri liggur skammt norðan við. Hann er 37 metra langur. Hnit á þeim garði: A: 477446 N: 567138

Lýsing

Önnur hnit á Flóðvarnargarði:

A: 477315 N: 567116

A: 477368 N: 567132

A: 477427 N: 567155 austurendi

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Halldórsstaði, Kristján Eiríksson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Halldórsstaðir - 146037-109-22- 21

Sérheiti: Engjabrú

Hlutverk: Brú

Tegund: Heimild 465

Horfin: Já

Staðhættir

Í Örnefnaskrá stendur: „Norðan hans meðfram Lambhagakvísl heitir Vestari-Rindi. Um miðbik hans var hlaðinn garður, sem mætti öðrum garði er lá til austurs yfir

Lambhagakvísl. Þar sameinast þeir í einn garð, sem liggur síðan til vesturs, rétt fyrir norðan svonefnda Polla. Pollar voru tveir pollar, sem náðu suður að áðurnefndum flóðgarði. Garðarnir fyrir austan og norðan Polla nefndust Engjabrú og voru notaðir fyrir heyflutninga á hestum af enginu“ (Ö, 3). „Áveitugarðar og engjabrýr í Lambhaga sigu í jörð, mýrar og flóar voru ræstir fram og bylt í tún“ (HP, 284).

Nánari lýsing

Engjabrú fannst ekki við vettvangsathugun 2004.

Heimildaskrá

Hjalti Pálsson. *Byggðasaga Skagafjarðar II. Bindi*. Akureyri 2001.

Örnefnaskrá fyrir Halldórsstaði, Kristján Eiríksson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Halldórsstaðir - 146037-109-22- 22

Sérheiti: Miðhús

Hlutverk: Hesthús

Tegund: Heimild 465

Staðsetning:

A: 476858

N: 567331

Skekkja: 5

Ástand: Ómetið

Horfin: Já



*Horft til fjárhússins, Miðhús munu hafa staðið fyrir miðri mynd
Ljósmynd: BZ*

Staðhættir

Hesthús. Í

Örnefnaskrá stendur:

„Norðan heimreiðar,

upp að Braut og niður

að hinum gamla

túngarði, heitir

hesthússlétta. Hún

dregur nafn af hesthúsi, sem stóð ofarlega á þessu svæði áður en sléttað var. Annað hesthús var beint neðan hennar, rétt innan við túngarðinn, efst og nyrst í svonefndu Suðurtúni“ (Ö, 4).

Nánari lýsing

Hesthús þessi voru kölluð Miðhús en ekkert sést til þeirra nú. Punktur var tekinn í sléttu túni 24 metra vestan fjárhússins, 20 metra suður af girðingu og um 45-50 metra norðvestur frá íbúðarhúsinu.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Halldórsstaði, Kristján Eiríksson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Halldórsstaðir - 146037-109-22- 23

Hlutverk: Leið

Tegund: Heimild 465

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Í Örnefnaskrá stendur: „Gamli vegurinn liggur rétt ofan Brautar, fyrir öllu Halldórsstaðalandi“ (Ö, 5).

Nánari lýsing

Ekki skráð 2004.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Halldórsstaði, Kristján Eiríksson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Halldórsstaðir - 146037-109-22- 24

Hlutverk: Mógröf

Tegund: Mógröf

Staðsetning: A: 4746450 N: 566784

Lengd: 30 m

Breidd: 30 m

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Lítil hætta

Staðhættir

Í Örnefnaskrá stendur: „Mór sem tekinn var upp við syðri Stekkjarholtsjaðarinn, var þurrkaður á Stekknum. Þótti hann því betri, þeim mun nær Stekkjarholtinu sem hann var tekinn“ (Ö, 6).

Nánari lýsing

Punktur var tekinn um 50 metra suðsuðvestur af Stekkjarholti og 100 metra vestsuðvestur frá hjólhýsi sem er á Halldórsstöðum II, þar er svæði 30x30 metrar að ummáli þar sem mórinn hefur hugsanlega verið tekinn.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Halldórsstaði, Kristján Eiríksson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Jaðar - 146049-114-22

Fjöldi minja: 12

Saga

Jaðar var lengst af hjáleiga Glaumbæjar. Síðar eignaðist Kirkjujarðasjóður jörðina en hún var seld ábúanda 1997. Árið 1956 voru landaskipti milli Glaumbæjar og hjáleigna ákveðin (HP, 258). Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín segir svo um hjáleiguna: „Jaðar, öðru nafni Vijte, þriðja hjáleigugrey. Auðn næstu 16 ár, var áður ýmist bygð eður óbygð um lánga tíma“ síðar segir „Ekki má aftur byggja nema til skaða staðnum“ (JÁM, 100). Jörðin hefur verið í eyði einhvern hluta 18. og 19. aldar en í samfelldri ábúð frá 1896 (HP, 259). Meðal íbúa á Jaðri var skáldið Rögnvaldur Jónasson sem samdi barnagæluna Komdu kisa mín (HP, 259).



Íbúðarhúsin á Jaðri, séð úr austri.

Ljósmynd: BZ

Náttúrufar og Jarðabætur

Í *Jarðabók* Johnsen frá 1847 er dýrleiki talin 5 hundruð og einnig í *Sýslu og sóknarlýsingum* frá 1842 (JJ, 259; SS, 63). Land Jaðars er fremur mjótt og liggur frá Glaumbæjarkvísl vestur að Meðalheimsvatni. Húsabakkavegur liggur í gegnum landið frá Sauðárkróksbraut og austur úr. Austast er algróið, framræst mýrlendi þar af eru tún sunnan Húsabakkavegar en órækt norðan vegar. Síðan eru tún til vesturs að fjárhúsunum sem eru norðan Húsabakkavegar en íbúðarhúsið er neðst í brekku Langholtsins, sunnan vegarins. Vestan vegar er óræktað land, gróin brekka með grjóti og klöppum. Þar hefur Páll Jónsson fyrrum bóndi á Jaðri nú byggt einbýlishús. Þar vestan við taka við framræstar mýrar, nú aðaltún jarðarinnar. Vestan af þeim er gróið land að ásnúm og síðar gróðurlitlir móar og holt (HP, 258).

Landamerki

„Jaðar á land að Marbæli að norðan, Þröm að vestan, Hátúni og Glaumbæ að sunnan, Glaumbæjarkvísl að austan. Samgöngur eru um Húsabakkaveg á Sauðárkróksbraut. Jaðar á hlut í óskipu landi á Glaumbæjareyrum“ (HP, 258)


Heimildaskrá

Hjalti Pálsson. *Byggðasaga Skagafjarðar, II. Bindi*. Akureyri, 2001.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (9. bindi). Hið Íslenska Fræðafjelag í Kaupmannahöfn, 1930.

J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi*. Kmh. 1847.

Sýslu og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenn tafélags 1839-1873 II Skagafjarðarsýsla. Akureyri 1954.



Jaðar - 146049-114-22- 1

Hlutverk: Bústaður

Tegund: Heimild

Staðsetning: A: 476817 N: 568460

Skekkja: 5

Ástand: Ómetið

Horfin: Já

Heimildamaður: Erla Valgarðsdóttir (04120076)

Staðhættir

Samkvæmt Túnakorti er bæjarstæðið fyrir miðju túni. „Gamli torfbærinn var rétt neðan við íbúðarhúsið sem nú er“ (HP, 259). „Teikning Edwin Sacher af bænum á Jaðri 1936, framhlið og grunnmynd. Dyr snúa móti austri. Suður er til vinstri á mynd. Sunnan bæjardyra, til vinstri, er kofi, þá óþiljað búr og baðstofa vestast, þiljuð að mestu með reisifjöl og timburgólfi. Hægra megin ganga, móti búrinu, er eldhúsið. Langhúsið fyrir miðju er skráð geymsla en fjósið lengst til hægri. Bak við fjósið er heytóft“ (HP, 260. Myndatexti). Í Örnefnaskrá stendur: „Gamli bærinn í Jaðri stóð rétt austan við þann stað sem íbúðarhúsið stendur á (1998). Hann er horfinn,, (Ö; 1).

Nánari lýsing

Búið er að rífa bæinn og gera tún þar sem hann stóð áður. Punktur var tekinn 20 metra austan íbúðarhússins eftir ábendingu frá Erlu Valgarðsdóttur ábúanda, þar er örlítil dæld í jörðina og grasið heldur gulleitara en í kring. Þar kom upp mikið grjót og drasl fyrir um tveimur árum þegar var verið að slétta túnið upp á nýtt.

Heimildaskrá

Guðmundur Sveinsson. Túnakort fyrir Jaðar í Seyluhrepp frá 1917.

Hjalti Pálsson. *Byggðasaga Skagafjarðar II. Bind.* Akureyri 2001.

Örnefnaskrá fyrir Jaðar, Rósmundur Ingvarsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Jaðar - 146049-114-22- 2

Hlutverk: Fjós, Fjárhús

Tegund: Heimild 465

Staðsetning: A: 476819 N: 568462

Skekkja: 6

Ástand: Ómetið

Horfin: Já

Heimildamaður: Erla Valgarðsdóttir (04120076)

Staðhættir

Samkvæmt Túnakorti var peningshús við norðausturhorn bæjarins.

Nánari lýsing

Útihús var við norðausturhorn bæjarins. Punktur var tekinn 25 metra austan íbúðarhússins og 5 metra sunnan rotþróar sem þar er.

Heimildaskrá

Guðmundur Sveinsson. Túnakort fyrir Jaðar í Seyluhrepp frá 1917.

Jaðar - 146049-114-22- 3

Hlutverk: Vegur

Tegund: Heimild

Staðsetning: A: 476816 N: 568489

Ástand: Ómetið

Horfin: Já

Staðhættir

Samkvæmt Túnakorti lá vegur til norðurs frá bænum. Í Örnefnaskrá stendur: „Gata lá til norðurs frá bænum og út með brekkum og ofan við Hjartartún, sem er sunnan við Bæjarlækinn á Marbæli. Gatan sést ennþá norðan við landamerkin og þar var hlið á girðingunni“ (Ö, 1).

Nánari lýsing

Punktur var tekinn um 20 metra frá norðaustur horni gamla íbúðarhússins og 50 metra frá nýja íbúðarhúsinu, þar er nú slétt tún.

Heimildaskrá

Guðmundur Sveinsson. Túnakort fyrir Jaðar í Seyluhrepp frá 1917.

Örnefnaskrá fyrir Jaðar, Rósmundur Ingvarsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Jaðar - 146049-114-22- 4

Hlutverk: Brunnur

Tegund: Brunnur

Staðsetning: A: 476834 N: 568471

Skekkja: 7

Ástand: Ómetið

Horfin: Já

Staðhættir

Samkvæmt túnakorti var brunnur austan megin við bæinn (Túnakort; GS). Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Vatnsból var í brunni 20 metra framundan gamla bænum“ (HP, 259).

Nánari lýsing

Ekkert sést til gamla brunnsins en punktur var tekinn 40 metra austur af íbúðarhúsinu og örlítið til norðurs.

Heimildaskrá

Guðmundur Sveinsson. Túnakort fyrir Jaðar í Seyluhrepp frá 1917.

Hjalti Pálsson 2001. *Byggðasaga Skagafjarðar II*. bls. 259. Akureyri.

Jaðar - 146049-114-22- 5

Hlutverk: Vatnsból

Tegund: Heimild 465

Staðsetning: A: 476921 N: 568632

Skekkja: 5

Ástand: Ómetið

Horfin: Já

Staðhættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „fyrir kom að vatnið þraut í brunninum og var þá sótt út í lind neðan við túnið út undir merkjum“ (HP, 259-260).

Nánari lýsing

Þarna er nú búið að grafa skurði og ekki sér til gamla vatnsbólsins. Punktur var tekinn vestan við Stóraskurð þar sem hann mætir öðrum skurði úr vestri.

Heimildaskrá

Hjalti Pálsson. 2001. *Byggðasaga Skagafjarðar II*. bls. 259-260. Akureyri.

Jaðar - 146049-114-22- 6

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild 465

Staðsetning: A: 476855 N: 568487

Skekkja: 6

Ástand: Ómetið

Horfin: Já

Heimildamaður: Páll Jónsson (04120077)

Staðhættir

Samkvæmt túnakorti var peningshús norðaustan við brunninn (Túnakort; GS). Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Spölkorn utan og neðan við það, niður undan gamla íbúðarhúsinu, var 7 gripa fjós ásamt braggahlöðu og 50 kinda fjárhúsum áföstum sunnan við fjósið“ (HP, 259).

Nánari lýsing

Þar sem gömlu útihúsin stóðu er nú slétt tún og einu merkin um þau er lág dæld í jörðina og grasið er gulara en í kring, þarna voru útihús fyrir 6 kýr og 60 kindur að

sögn Páls Jónssonar fyrrum ábúanda á Jaðri. Punktur var tekinn samkvæmt ábendingu Erlu Valgarðsdóttur um 60 metra austnorðaustur af bænum. Þar kom upp mikið af grjóti fyrir um tveimur árum þegar var verið að slétta túnið. Ábúandi segir einnig að mikill arfi hafi verið á þessum stað í túninu.

Heimildaskrá

Guðmundur Sveinsson. Túnakort fyrir Jaðar í Seyluhrepp frá 1917.

Hjalti Pálsson, 2001. *Byggðasaga Skagafjarðar II*. bls. 259. Akureyri.

Jaðar - 146049-114-22- 7

Hlutverk: Hesthús

Tegund: Heimild 465

Staðsetning: A: 476783 N: 568499

Skekkja: 6

Ástand: Ómetið

Horfin: Já

Heimildamaður: Páll Jónsson (04120077)

Staðhættir

Samkvæmt Túnakorti var peningshús vestanmegin við heimreiðina utan túns (Túnakort; GS).

Nánari lýsing

Þegar skráning fór fram 9. október var nýlega búið að slétta þarna út hesthústóft. Punktur var tekinn samkvæmt ábendingu frá Páli Jónssyni fyrrum ábúanda, 50 metra norður af núverandi íbúðarhúsi.

Heimildaskrá

Guðmundur Sveinsson. Túnakort fyrir Jaðar í Seyluhrepp frá 1917.

Jaðar - 146049-114-22- 8

Hlutverk: Ferja

Tegund: Heimild

Staðsetning: A: 477407 N: 586616

Skekkja: 5

Ástand: Ómetið

Horfin: Já

Staðhættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Löngum var ferjustaður á Kvíslinni fyrir neðan Jaðar, um það bil 50 metrum sunnan við brúna og höfðu ábúendur Jaðars þá kvöð frá Glaumbæjarpresti að annast ferjuna“ (HP, 260). Í Örnefnaskrá stendur: „Ferjustaður er á Djúpukvísl og var ferja þar um skeið. Sá staður er ca. 50 metrum sunnan við núverandi brú (1998))“ (Ö, 3).

Nánari lýsing

Gamla brúarstæðið og ferjustaðurinn voru á sama stað. Punktur var tekinn um 50 metra sunnan brúar. Um 550 metra í austur af gamla íbúðarhúsinu á Jaðri.

Heimildaskrá

Hjalti Pálsson 2001. *Byggðasaga Skagafjarðar II*. bls. 260. Akureyri.

Örnefnaskrá fyrir Jaðar, Rósmundur Ingvarsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Jaðar - 146049-114-22- 9

Hlutverk: Brú

Tegund: Heimild 465

Staðsetning: A: 477407 N: 586616

Skekkja: 5

Ástand: Ómetið

Horfin: Já

Staðhættir

Í Byggðasögu segir: „Á þessum ferjustað var byggð brú yfir Kvíslina 1892 en hana tók af í ísreki nokkrum árum síðar, öðru hvoru megin við aldamótin 1900“ (HP, 260).

Í Örnefnaskrá stendur: „Sá staður er ca. 50. metrum sunnan við núverandi brú (1998).

Í þeim sama stað var brú yfir ána byggð árið 1898, sem tók af í ísreki 1901 (Ö, 3).

Nánari lýsing

Gamla brúarstæðið og ferjustaðurinn voru á sama stað. Punktur var tekinn um 50 metra sunnan brúar. Um 550 metra í austur af gamla íbúðarhúsinu á Jaðri.

Heimildaskrá

Hjalti Pálsson, 2001. *Byggðasaga Skagafjarðar II*. bls. 260. Akureyri..

Örnefnaskrá fyrir Jaðar, Rósmundur Ingvarsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Jaðar - 146049-114-22- 10

Sérheiti: Jaðarsbrú

Hlutverk: Vegur

Tegund: Heimild 465

Staðsetning: A: 476977 N: 568593

Skekkja: 6

Ástand: Ómetið

Horfin: Já

Staðhættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „En gamli vegurinn lá þarna að vaðinu sem var svo djúpt að stundum varð að sundríða það ef mikið var í Kvíslinni“ (HP, 260). Í Örnefnaskrá stendur: „Vegurinn frá Jaðri niður að Kvíslinni liggur yfir mýrlendi og var kallaður Jaðarsbrú. Jaðarsbrú var vegur úr Glaumbæjartorfunni niður á engjarnar og að Djúpavaði, þar sem margir áttu leið um. Sá vegur var á sama stað og Húsbakkavegur er núna, niður fyrir Stóraskurð, en beygði þar til suðausturs og lá suðaustur yfir engjar Jaðars og Hátúns og að vaðinu. Allir bændurnir í Torfunni voru skyldaðir til að leggja vinnu vegna viðhalds þessa vegar, Jaðarsbrúar, og var unnið að viðhaldi árlega“ (Ö, 3).

Nánari lýsing

Punktur var tekinn 10 metra austan við Stóraskurð í vegkantinum sunnanmegin. Það er um það bil þar sem Jaðarsbrú mun hafa beygt til suðausturs.

Heimildaskrá

Hjalti Pálsson. 2001 *Byggðasaga Skagafjarðar II*. bls. 260. Akureyri

Örnefnaskrá fyrir Jaðar, Rósmundur Ingvarsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Jaðar - 146049-114-22- 11



Djúpavað á Glaumbæjarkvísl

Ljósmynd: BZ

sumrin þótt fyrir kæmi að göslað væri þar yfir. En gamli vegurinn lá þarna að vaðinu sem var svo djúpt að stundum varð að sundríða ef mikið var í Kvíslinni,, (HP, 260). Í Örnefnaskrá stendur: „Jaðarsbrú var vegur úr Glaumbæjartorfunni niður á engjarnar og að Djúpavaði, þar sem margir áttu leið um“ (Ö; 3). Vaðið er í landi Glaumbæjar og lýsingu á því má einnig finna sem fornleif nr. 18 í fornleifaskrá nr. 11 frá 2003 / BSk./ ss.

Nánari lýsing

Punktur var tekinn um 200 metra í suður frá brúnni, um 650 metra í austur frá norður-enda nýja prestbústaðarins á Glaumbæ.

Heimildaskrá

Hjalti Pálsson. *Byggðasaga Skagafjarðar II. Bindi*. Akureyri 2001.

Örnefnaskrá fyrir Jaðar, Rósmundur Ingvarsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Sérheiti: Djúpavað

Hlutverk: Vað

Tegund: Vað

Staðsetning: A:

477378 N:

568455

Skekkja: 5

Ástand: Sæmilegt

Staðhættir

„Áður var vað á Kvíslinni um það bil 100 metrum sunnan við brúarstæðið en það var tæplega fært með bíla eða vélar á

Jaðar - 146049-114-22- 12

Hlutverk: Vegur

Tegund: Vegur

Staðsetning: A: 476726 N: 568445

Skekkja: 6

Ástand: Slæmt

Heimildamaður: Páll Jónsson (04120077)

Staðhættir

Samkvæmt Páli Jónssyni fyrrum ábúanda á Jaðri lá Kirkjuvegurinn frá Marbæli til Glaumbæjar ofan við núverandi íbúðarhús og neðan við Gvendarbrunninn á Glaumbæ.

Nánari lýsing

Punktur var tekinn 65-70 metra vestan íbúðarhússins. Þar er nú allt sléttað.

Páfastaðir - 145989-59

Fjöldi minja: 21

Saga

Páfastaða er fyrst getið í stofnskrá Reynisstaðaklausturs 1295 en þeir voru lagðir til klaustursins af Jörundi Þorsteinssyni biskupi við stofnun þess (DI II, 301). Þeir voru seldir ábúanda árið 1907 og fylgdi jörðin þröm með. Búseta var með hléum til 1956 á Þröm Páfastaðir áttu þá land frá Djúpukvísl að Sæmundará. Þröm var seld Einari Gíslasyni á Skörðugili 1995.



*Horft yfir Páfastaði
Ljósmynd: BZ*

Nafngiftin Páfastaðir er einstök og þekkist ekki annarsstaðar á Íslandi, en hugsanlegt er að bærinn sé kenndur við Þorgils Páfa sem bjó í Skagafirði á Sturlungaöld (HP, 198-9). Á árunum 1901-1906 var rekið smjörgerðarhús á Páfastöðum, líklega hið fyrsta á Norðurlandi (HP, 200-201).

Nyrst í landi Páfastaða, vestan þjóðvegjar eru Páfastaðir II en þar var byggt íbúðarhús árið 1990 þegar Edda Skagfield og Baldur Hólm hættu búskap á Páfastöðum I (HP, 202).

Náttúrufar og jarðabætur

Í *Jarðabók* Árna og Páls eru Páfastaðir taldir 30 hundruð að dýrleika og einnig *Sýslu- og sóknarlýsingum* frá 1842 og í Jarðatali Johnsen frá 1847 (JÁM, 96; JJ, 257; SS, 51). Í *Jarðabók* Árna og Páls segir að reiðingsrista sé næg, torfrista og stunga séu góð. Samfelld gróið land er í vestur frá Djúpukvísl, að mestu mýrlendi með þurrum rindum en tún hefur verið ræktað við suðurmörkin. Upp af því til vesturs rís Langholtíð og eru þar nær samfelld tún upp að vegi en dálítill órákt nyrst og vestast. Vestan vegar eru tún að norðan en síðan fremur grýtt holt þvert yfir landið. Vestan þeirra er framræst mýri sem gerð hefur verið að túni. Þar vestan við upp á Langholtsásinn og vestur að landamerkjum Þramar tekur við misvel gróið land og flagmóar. Hlunnindi jarðarinnar eru lax- og silungsveiði í Kvíslinni (HP, 197-8). Kornrækt hefur verið stunduð á Páfastöðum frá 1993, fyrst í landi Páfastaða en árið 1997 var kornræktin flutt í Vallhólma frá Syðra-Vallholti (HP, 201). Skógrækt hefur verið stunduð síðan 2001 og hafa trjáplöntur verið gróðursettar vestan Sauðárkróksbrautar (Munnleg heimild; Sigurður Baldursson)

Landamerki fyrir Páfastaði og Þröm

Í Örnefnaskrá segir: „Fyrir Páfastaðalandi ræður Djúpukvísl að austan. Að sunnan er varða (við drag) skammt frá Djúpukvísl. Úr vörðunni bein lína í gaddavírsgirðingu á vesturbakka Stóraskurðar, svo eftir girðingunni vestur að steiptum hornstólpa á Hæðinni, og er þá komið að austurjaðri Þramarlands. Að norðan liggur slægjustykki meðfram Djúpukvísl (er kallast Páfastaðahólmi og getið verður síðar) norður með

Litlu-Grafarlandi. Takmarkast þetta slægjustykki af kvísl úr Djúpukvísl að austan og mosadragi að vestan, sem er í krókum, en nú er sett bein lína úr vörðu vestast í Páfastaðahólmatánni, sem sker yfir áðurnefnt mosadrag hér og hvar, þar til komið er móts við hornvörðu skammt norðan við Stóraflóðgarð. Þaðan bein lína í girðingu á vesturbakka Stóraskurðar, svo eftir þeirri girðingu vestur að Þramarlandi.

Fyrir Þramarlandi heldur svo þessi síðastnefnda girðing áfram vestur beina stefnu að Sæmundará, rétt sunnan við Stóramelshorni. Ræður svo áin suður að steyptum hornstólpa á árbakkanum, undan Hólsgirðingunni. Frá nýnefndum hornstólpa austur á Nautlágarmel, hvar einnig er steyptur hornstólpi. Frá honum liggur girðingin í suður austan megin við Ásbrúnina í steyptan hornstólpa, sem er suðvesturhorn á þramarlandi. Frá þessum hornstólpa liggur girðingin austur yfir Vatnsflóa í tréstólpa syðst á vesturbakka Meðalheimsvatns. Þróm á svo austur eftir Meðalheimsvatni, þar til komið er í stefnu við beina línu í steinstólpa og girðinguna á norðurbakka Meðalheimsvatns. Frá steinstólpanum á norðurbakka vatnsins liggur girðingin norður í hornstólpann á há-Hæðinni, sem fyrr er nefndur“ (Ö, 1-2).

Heimildaskrá

Hjalti Pálsson. *Byggðasaga Skagafjarðar, II. Bindi*. Akureyri, 2001.


Íslenzkt fornbréfasafn II, 1253-1350. Kaupmannahöfn, 1893.

J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi*. Kmh. 1847.

Örnefnaskrá fyrir Páfastaði, Albert Kristjánsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Sigurður Baldursson; munnleg heimild, 8. október 2004.

Sýslu og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873 II Skagafjarðarsýsla. Akureyri 1954.



Pávastaðir 145989 59 - 1

Hlutverk: Bæjarhóll

Tegund: Heimild

Staðsetning: A: 476081 N: 570678

Ástand: Ómetið

Horfin: Já

Heimildamaður: Edda S Skagfield (0705303929)

Staðhættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Íbúðarhúsið á Páfastöðum stendur örlítið vestar eða ofar en gamli bærinn. Hann var allur byggður árið 1881 af Stefáni Jónassyni organista, sem lést ári síðar. Bærinn var hinn vandaðasti, baðstofan alþiljuð í hólf og gólf, skiptist í Suðurrhús, Miðbaðstofu og Norðurrhús. Athygli vekur að göng, búr og bæjardyr voru einnig alþiljuð, en þó með moldargólfi. Gestastofan frammi var alþiljuð og máluð. Bærinn var rifinn nokkurn veginn jafnhliða byggingu íbúðarhússins 1937-1938 og þegar framhúsið var tekið ofan sumarið 1938 var torfið svo mjúkt í nærpakinu að það var notað á hey á Páfastöðum um haustið, þá orðið 57 ára gamalt“ (HP; 200). Á túnakorti er bærinn sýndur rétt vestan við miðju túnsins (Túnakort, GS).

Nánari lýsing

Gamli bærinn á Páfastöðum stóð örlítið austan við íbúðarhúsið sem nú er. Hann var að sögn Eddu Skagfield rifinn samhliða byggingu nýja hússins sem afi hennar reisti. Framan við húsið var hlaðið. Punktur var tekinn um 5 metra framan við suðausturhorn nýja hússins, þar er nú sléttur garður og engin merki sjást um gamla bæinn.

Heimildaskrá

Hjalti Pálsson, 2001. *Byggðasaga Skagafjarðar II*. Akureyri.

Guðmundur Sveinsson. Túnakort fyrir Páfastaði í Staðarhreppi frá 1917.

Páfastaðir 145989 59 - 2

Hlutverk: Skrúðgarður

Tegund: Skrúðgarður

Staðsetning: A: 476101 N: 570539

Skekkja: 6

Ástand: Gott

Hættumat: Engin hætta

Heimildamaður: Edda S Skagfield (0705303929)

Staðhættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Sunnan við gamla bæinn var skrúðgarður, [...]. Garðurinn var frá því fyrir aldamótin 1900, 42 ferfaðmar að stærð með trégirðingu á tvo vegu en torfveggjum á hina tvo“ (HP; 200).

Nánari lýsing

Skrúðgarður er enn í dag sunnan við íbúðarhúsið á Páfastöðum og sunnan hans matjurtagarður. Edda Skagfield segir að matjurtagarður hafi verið í skrúðgarðinum.

Heimildaskrá

Hjalti Pálsson, 2001. *Byggðasaga Skagafjarðar II*. Akureyri.

Páfastaðir 145989 59 - 3

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 476062

N: 570487

Skekkja: 4

Lengd: 36 m

Breidd: 11 m

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Heimildamaður: Edda S
Skagfield (0705303929)



Leifar fjárhússtöfta, Páfastaðir í baksýn Ljósmynd: BZ

Staðhættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Peningshús teljast góð á jörðinni. Fjárhúsin eru 8 og taka 410 kindur, hesthús aðeins 2 og taka 17 hross en alls eru 50 hross á búinu. Fjárhús eru þó aflögu ef með þarf til að hýsa hross. Fjósið tekur 11 kýr og hlaða við það sem tekur 300 hesta [...] Aðalfjárhúsin eru þreföld samstæðuhús undir einu risi og taka 130 fjár með viðbyggða 300 hesta hlöðu og er hún með járnþaki“ (HP; 200). [Ath, þetta er tekið sem bein heimild úr HP en hann tekur þetta úr Vinnubók Klemenzar Fr.] Á túnakorti eru peningshús um 100 metra í suðsuðvestur frá bænum (Túnakort, GS)

Nánari lýsing

Edda Skagfield segir að suður og upp af bænum hafi verið 2 fjárhús með 12 króm og hlöðu. Í túninu suðvestur af íbúðarhúsi á Páfastöðum eru leifar fjárhúsa.

Lýsing

Tóftirnar eru 11x36 metrar að ummáli. Útveggir standa ekki lengur en tveir veggir eru greinanlegir annar þvert yfir tóftina frá austri til vesturs, hann er um 25 sentímetra hár og 0,5 metri að breidd. Hinn liggur langs yfir tóftina frá norðri til suðurs, hann er 2 metra breiður. Hlaða hefur verið vestan við fjárhúsin. Tóftin er vel gróin en sér þó í grjót.

Heimildaskrá

Guðmundur Sveinsson. Túnakort fyrir Páfastaði í Staðarhreppi frá 1917.

Hjalti Pálsson, 2001. *Byggðasaga Skagafjarðar II*. Akureyri.

Páfastaðir 145989 59 - 4

Hlutverk: Hesthús

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 475980 N: 570541

Skekkja: 47

Lengd: 15 m

Breidd: 14 m

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Heimildamaður: Edda S Skagfield (0705303929)

Staðhættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Peningshús teljast góð á jörðinni. Fjárhúsin eru 8 og taka 410 kindur, hesthús aðeins 2 og taka 17 hross en alls eru 50 hross á búinu. Fjárhús eru þó aflögu ef með þarf til að hýsa hross. Fjósið tekur 11 kýr og hlaða við það sem tekur 300 hesta“ (HP; 200).

Nánari lýsing

Heimreiðin að bænum lá sunnan við heimreiðina sem er í dag. Edda Skagfield segir að sunnan hennar ofarlega í túni hafi hesthúsin og hlaða staðið.

Í brekkunni ofan íbúðarhúss, um 20 metra suður af heimreiðinni og um 70 metrum vestan sknúðgarðs eru tóftir hesthúss.

Lýsing

Ummál tóftar er um 15x14 metrar og austan við er 7x14 metra svæði sem mjókkar til austurs, líklegt er að dyr hafi snúið mót austri. Veggir eru ekki heilir en veggjabrot standa á víð og dreif, um 50 sentímetra háir og 40 – 50 sentímetra breiðir.

Heimildaskrá

Hjalti Pálsson, 2001. *Byggðasaga Skagafjarðar II*. Akureyri.

Páfastaðir 145989 59 - 5

Hlutverk: Fjós

Tegund: Heimild

Staðsetning: A: 476077 N: 570590

Skekkja: 5

Ástand: Ómetið

Horfin: Já

Heimildamaður: Edda S Skagfield (0705303929)

Staðhættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Peningshús teljast góð á jörðinni. Fjárhúsin eru 8 og taka 410 kindur, hesthús aðeins 2 og taka 17 hross en alls eru 50 hross á búinu. Fjárhús eru þó aflögu ef með þarf til að hýsa hross. Fjósið tekur 11 kýr og hlaða við það sem tekur 300 hesta“ (HP; 200).

Á túnakorti eru peningshús sýnd innan við 10 metra norðan við bæinn (Túnakort, GS)

Nánari lýsing

Edda Skagfield segir að norðan íbúðarhússins hafi fjósið og hlaða staðið.

Fjósið hefur staðið þar sem hreimreiðin er í dag, þar er nú allt sléttað. Punktur var tekinn um 10 metra frá norðaustur horni íbúðarhúss.

Heimildaskrá

Guðmundur Sveinsson. Túnakort fyrir Páfastaði í Staðarhreppi frá 1917.

Hjalti Pálsson, 2001. *Byggðasaga Skagafjarðar II*. Akureyri.

Páfastaðir 145989 59 - 6

Hlutverk: Vatnsból

Tegund: Vatnsból

Staðsetning: A: 475936 N: 570613

Skekkja: 4

Ástand: Sæmilegt

Heimildamaður: Edda S Skagfield (0705303929)

Staðhættir

„Vatnsból var í uppsprettu um 30 metrum fyrir ofan íbúðarhúsið. Þar er grunnt á klöpp og spratt upp mjög gott vatn“ (HP; 200).

Nánari lýsing

Samkvæmt Eddu Skagfield var vatnsbólið í uppsprettu ofan núverandi vélageymslu. Þar var grunnt á klöpp og gnógt af vatni, þaðan var vatn flutt beint í fjósið. Vatnsbólið þornaði skyndilega eftir að Edda og Baldur fóru að búa á Páfastöðum. Punktur var tekinn 70 metra vestan norðvestur horns á vélaskemmu um 20 metra norður af hreimreiðinni. Þar eru holur í jörðina og vatn í þeim. Sigurður Baldursson bóndi á Páfastöðum staðfesti að þar hefði vatnsbólið verið.

Heimildaskrá

Hjalti Pálsson, 2001. *Byggðasaga Skagafjarðar II*. Akureyri.

Páfastaðir 145989 59 - 7

Hlutverk: Torfrista

Tegund: Torfrista

Staðsetning: A: 476504 N: 571083

Ástand: Sæmilegt

Heimildamaður: Edda S Skagfield (0705303929)

Staðhættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Torfrista og stunga er sögð góð og reiðingsrista næg. *Jarðabók* frá 1849 getur einnig um að torfrista sé talin góð á Páfastöðum (HP; 198).

Nánari lýsing

Edda segir að torfrista hafi verið góð niður í engi, allsstaðar á Mjóbakka og Þýfðabakka. Edda segir jafnframt frá því að í ágúst hafi þau verið látin skera torf sem sett var á bólstrana, síðan var það sett á sama stað og var gróið að ári. Tveir punktar voru teknir niðri á engi:

Sá fyrri sunnan engjabrúarinnar

A: 476504 N: 571083

Sá síðari er töluvert austar, nær ánni. Tekið á þýfðu svæði 100-150 metra vestan ár. Í austur frá Páfastöðum II.

A: 477082 N: 571177

Heimildaskrá

Hjalti Pálsson, 2001. *Byggðasaga Skagafjarðar II*. Akureyri.

Páfastaðir 145989 59 - 8

Sérheiti: Stekkjarklöpp

Hlutverk: Rétt

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 475701

N: 570575

Lengd: 18 m

Ástand: Slæmt

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Heimildamaður: Edda S Skagfield
(0705303929)



Leifar af réttinni, Páfastaðir II í baksýn

Ljósmynd: BZ

Staðhættir

„Á Stekkjarborginni sem er 200-

300 metrum sunnan við Páfastaði II, er lítil stekkjarrúst (65°37'903/19°31'611) uppi á sjálfri klöppinni en vestan í borginni sjást minjar um fjárrétt sem var heimilisrétt á Páfastöðum, notuð langt fram á 20. öld“ (HP; 202). Í Örnefnaskrá segir: „Helztu örnefni í bithaga eru: Stekkjarklöpp, yngra nafn Réttarklöpp skammt ofan við brautina“ (ÖMJ, 2).

Nánari lýsing

Í vestnorðvestur frá stekkjartóftinni eru leifar réttar. Lítið er eftir af réttinni en samkvæmt Eddu Skagfield var hún grjóthlaðin og mjög stór. Það sem eftir stendur er 18 metra löng grjótröð sem liggur suðaustur/norðvestur. Grjótið er fremur stórt.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Páfastaði, Margeir Jónsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Páfastaðir 145989 59 - 9

Sérheiti: Nautalág
Hlutverk: Mótaka
Tegund: Mótaka
Staðsetning: A: 475338 N: 570074
Ástand: Sæmilegt
Heimildamaður: Edda S Skagfield (0705303929)

Staðhættir

„Fyrir ofan bekkinn er Gildruás, en suður af honum er Nautalág“ segir í Örnefnaskrá (ÖMJ, 2).

Nánari lýsing

Edda Skagfield segir að mór hafi verið tekinn í svonefndri Nautalág, hún telur einnig að þar hafi hugsanlega verið einhverjar tóftir en gras var þar ætíð mikið grænna en grasið í kring.

Lýsing

Ekki fundust neinar tóftir við leit en punktur var tekinn á líklegu mótökusvæði sem milli merkjagirðingar og vatnsleiðslunnar. Á merkjum Páfastaða og Kjartansstaða er klapparhóll. Austan megin á honum í norður frá merkjagirðingu er svæði sem sker sig töluvert úr umhverfi sínu. Þar er gras lágt og grænt meðan gul sina vex annarsstaðar á hólnum. Má vera að þetta sé það svæði sem Edda hefur áður talað um.

Nánari lýsing

Staðsetning græna svæðisins: A: 475469 N: 570105

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Páfastaði, Margeir Jónsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Páfastaðir 145989 59 - 10

Hlutverk: Brú
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið
Horfin: Já
Heimildamaður: Edda S Skagfield (0705303929)

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Áður en Stóriskurður var grafinn, þurfti að brúa með allöngum torfbrúm kviksyndiskíla og foræði, sem lágu meðfram Langholti í landi áður nefndra jarða, til þess að komast með flutning á engjar og af þeim“ (ÖMJ, 3).

Nánari lýsing

Edda Skagfield segir að þessar brýr séu allar fyrir löngu horfnar, búið var að þurrka allt svæðið upp fyrir 1930.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Páfastaði, Margeir Jónsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Páfastaðir 145989 59 - 11

Sérheiti: Stóriflóðgarður
Hlutverk: Flóðvarnagarður
Tegund: Garðlag

Staðsetning: A: 476808 N: 571334

Skekkja: 5

Lengd: 160 m

Ástand: Sæmilegt

Staðhættir

Í örnefnalýsingu segir: „Frá tjörninni norður að Stórflóðgarði er Tjarnarflá“ (ÖMJ, 1).

Nánari lýsing

Um 50 metrum sunnan merkjagirðingar á þurru árbakka Lambhagakvíslar er stór garður, um 160 metrar að lengd, líklega Stórflóðgarður.

Lýsing

Garðurinn er vel greinilegur og algróinn. Hann er rúmlega metra breiður og allt að metri á hæð. Hann er rofinn á tveimur stöðum. Garðurinn liggur úr suðvestri en beygir til austurs og liggur samsíða stórum skurði. Hann er rofinn á einum stað af skurðgrefti en heldur áfram á 20 metra kafla hinum megin skurðar.

Nánari lýsing

Punktur var tekinn við austurenda garðsins:

A: 476968 N: 571416

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Páfastaði, Margeir Jónsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Páfastaðir 145989 59 - 12

Sérheiti: Engjabrú

Hlutverk: Brú

Tegund: Garðlag

Staðsetning: A: 476960 N: 511006

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Heimildamaður: Edda S Skagfield (0705303929)

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Flóinn skiptist í þrjá hluta: Suðurflóa frá merkjum Kjartansstaðakots að Engjabrú vestur að Stóraskurði“ (ÖMJ, 2).

Lýsing

Rúmlega hálfum kílómetra í norðaustur frá íbúðarhúsi á Páfastöðum var tekinn punktur á garði sem liggur austur/vestur yfir engið. Garðurinn er tvöfaldur, hæð hans er um 30-40 sentimetrar og breidd er um 50-100 sentimetrar. Það virðist vera að garðurinn liggi yfir allt engið upp að Langholtinu en sé rofinn á nokkrum stöðum meðal annars með skurðum og kornakri. Austur undir Langholtinu um 500 metra norðaustur af bænum, nyrst í landi Páfastaða liggur garður austur/vestur. Garðurinn gæti verið framhald af Engjabrú en verið rofinn með uppþurrkun og skurðgrefti. Hann er um einn metri á breidd og 40 sentimetrar á hæð. Hann er algróinn, víða rofinn og tekinn að falla. Hnit á garðinum: A: 476154 N: 571062. Í enginu austan kornakursins liggur mjög greinilegur garður sem er líklega einnig framhald af engjabrúnni. Hann liggur nánast austur/vestur. Kornakurinn virðist hafa verið gerður yfir hluta garðsins. Garðurinn er algróinn um metri að breidd og um 40 sentimetrar að hæð. Hnit á garðinum: A: 476486 N: 571138, A: 476544 N: 571133.


Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Páfastaði, Margeir Jónsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Páfastaðir 145989 59 - 13

Hlutverk: Sögustaður
Tegund: Grettistak
Staðsetning:
A: 475593
N: 571000

Skekkja: 8
Ástand: Gott
Hættumat: Engin
hætta
Heimildamaður:
Edda S Skagfield
(0705303929)



Grettir og Illugi, Páfastaðir II eru til hægrí á mynd Ljósmynd: BZ

Staðhættir

Í örnefnalýsingu

segir: „Eldri nöfn á steinum þessum voru Grettir og Illugi, og áttu þeir bræður að hafa lyft þeim frá jörðu, en vitanlega eru munnmælin þarna alltof „flott“, því að þeir munu vera mörg tonn að þyngd hvor fyrir sig. Er þó annar steinninn minni“ (ÖMJ, 3).

Nánari lýsing

Um 200 metra norður og norðvestur af Páfastöðum II eru tveir stórir steinar, sá stærri eða sá sem liggur lengra til vesturs er Grettir en sá minni Illugi. Edda Skagfield segir að þeir hafi ætíð verið kallaðir Stóri- og Litli-bróðir. Hún segir jafnframt að steinarnir séu álfasteinar. Um 20 metrar eru milli steinanna.

Lýsing

Punktur var tekinn við Illuga: A: 475614 N: 570993

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Páfastaði, Margeir Jónsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Páfastaðir 145989 59 - 14

Hlutverk: Varða
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið
Horfin: Já

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Fyrir Páfastaðalandi ræður Djúpakvísl að austan. Að sunnan er varða (við drag) skammt frá Djúpukvísl“ (ÖAK, 1).

Nánari lýsing

Varðan stendur ekki lengur og er stór skurður þar sem hún hefur líklega staðið.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Páfastaði, Albert Kristjánsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Páfastaðir 145989 59 - 15



*Stekkjartóft á Stekkjarborg, Páfastaðir II í baksýn
Ljósmynd: BZ*

Hlutverk: Stekkur
Tegund: Tóft
Staðsetning:
A: 475735
N: 570574
Lengd: 4 m
Breidd: 4 m
Ástand: Sæmilegt
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Ábúð

Staðhættir

Í Byggðasögu
Skagafjarðar segir: „Á
Stekkjarborginni sem
er 200-300 metrum
sunnan við Páfastaði

II, er lítil stekkjarrúst (65°37'903/19°31'611) uppi á sjálfri klöppinni en vestan í borginni sjást minjar um fjárrétt sem var heimilisrétt á Páfastöðum, notuð langt fram á 20. öld“ (HP; 202).

Nánari lýsing

Um 300 metra suður af Páfastöðum II og um 300 metrum vestan Sauðárkróksbrautar er stekkjartóft efst á klapparhól.

Lýsing

Erfitt er að átta sig á lögun tóftarinnar en hún var þakin mjög þykku dökkgrænu grasi og sker sig töluvert úr umhverfi sínu. Tóftin er um 4x4 metrar að ummáli. Hæð veggja er um 40 sentimetrar.

Heimildaskrá

Hjalti Pálsson, 2001. *Byggðasaga Skagafjarðar II*. Akureyri.

Páfastaðir 145989 59 - 16

Hlutverk: Varða
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „þar til komið er móts við hornvörðu skammt norðan við Stóraflóðgarð“ (ÖAK, 1).

Nánari lýsing

Ekki skráð 2004.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Páfastaði, Albert Kristjánsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Páfastaðir 145989 59 - 17

Hlutverk: Heimreið

Tegund: Vegur

Skekkja:

Ástand: Sæmilegt

Heimildamaður: Edda S

Skagfield (0705303929)

Staðhættir

Á túnakorti liggur heimreiðin í vesturátt, sunnan við bæinn (Túnakort, GS)

Nánari lýsing

Gamla heimreiðin lá sunnan við heimreiðina sem nú er. Við girðinguna

efst í túni, austan Skagfirðingabrautar má sjá óljós merki um heimreiðina. En þar mótast fyrir fjögurra metra breiðum vegi á smá kafla, vegurinn lá í austur, niður túnið og kom niður á milli hússins og skrúðgarðsins þar sem nú hefur verið plantað trjám.

Lýsing

Heimreiðin:

A: 475941 vestast við girðingu N: 570541.

A: 475984 50 metra austan við girðinguna N: 570553.

A: 476067 Niður við Skrúðgarð N: 570568.

Heimildaskrá

Guðmundur Sveinsson. Túnakort fyrir Páfastaði í Staðarhreppi frá 1917.



Gamla heimreiðin Ljósmynd: BZ

Páfastaðir 145989 59 - 18

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Matjurtagarður

Staðsetning: A: 476091 N: 570539

Skekkja: 5

Lengd: 10 m

Breidd: 10 m

Ástand: Gott

Hættumat: Engin hætta

Heimildamaður: Edda S Skagfield (0705303929)

Staðhættir

Á túnakorti er matjurtagarður rúmlega 10 metra sunnan við bæinn (Túnakort,GS).Í Byggðasögu Skagafjarðar segir; „Matjurtagarðar gefa af sér 4 tonnur árlega“ (HP; 199).

Nánari lýsing

Edda Skagfield segir matjurtagarða hafa verið í Skrúðgarðinum. Sunnan skrúðgarðsins er 10x10 metra breiður matjurtagarður, punktur var tekinn í honum miðjum.

Heimildaskrá

Hjalti Pálsson, 2001. *Byggðasaga Skagafjarðar II*. Akureyri.

Guðmundur Sveinsson. Túnakort fyrir Páfastaði í Staðarhreppi frá 1917.

Páfastaðir 145989 59 - 19

Hlutverk: Heygarður

Tegund: Heygarður

Staðsetning: A: 476494 N: 570937

Lengd: 10 m

Breidd: 10 m

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Heimildamaður: Sigurður Baldursson (04120069)

Staðhættir

Um 50 metra austur af suðurenda kornakurs og um 700 metra austur af íbúðarhúsi á Páfastöðum í þýfðu engi er hóll og á honum heystæði. Hóllinn er lágur, 10x10 metrar að ummáli og fremur þýfður og erfitt er að greina milli veggja heystæðis og þúfna.

Páfastaðir 145989 59 - 20

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 476203

N: 570542

Skekkja: 6

Lengd: 10 m

Breidd: 10 m

Ástand: Slæmt

Heimildamaður:

Sigurður Baldursson
(04120069)



*Leifar útihúsatófta neðst í Langholti
Ljósmynd: BZ*

Staðhættir

Neðarlega í brekkunni austur af bænum, austast í Langholtinu, um 100 metra suðaustur af bænum eru tóftir útihúsa, um 10x10 metrar að ummáli.

Lýsing

Húsin standa ekki enn en greinileg merki um tóftir eru þarna enn. Sigurður Baldursson bóndi á Páfastöðum telur að þarna hafi staðið útihús.

Samantekt

Minjar og vaðveislugildi

Menningarlandslag er hugtak sem hefur hlotið aukið vægi innan þjóðminjavörslunnar hin seinni ár. Er þá átt við samspil manngerðra minja innbyrðis sem og tengsl þeirra við náttúru og sögu. Slík heild kann að hafa áhrif á vaðveislugildi minjanna auk þess sem hún segir fyllri sögu um búsetu og kjör manna til forna.

Hugtakið menningarlandslag hefur einnig verið í umræðunni í tengslum við svokallaða menningartengda ferðaþjónustu og má segja að þessi árin sé fólk að átta sig á mikilvægi menningararfsins til kynningar á landi og þjóð. Þá er ekki einungis um að ræða söguslóðir eða fornfræga staði heldur einnig staði sem bera vitni um gamalt verklag, byggingahætti og landnotkun. Kynning á fornleifum er þó ekki síður mikilvæg heimamönnum og eykur áhuga og skilning á nánasta umhverfi og sögu jarðar og búskaparhætti, sem lesa má út úr menningarlandslagi.

Fornleifar eru vitaskuld einnig metnar út frá eigin verðleikum, hve sjaldgæfar þær eru og hvert fræðslugildi þeirra er. En það kann enn fremur að skipta máli hvaða þýðingu þær hafa fyrir rannsóknir og að hvaða leyti þær þykja geta fært mönnum nýja vitneskju um mannlíf til forna.

Fjöldi fornleifa á jörðunum

Haustið 2004 voru níu jarðir skráðar á Langholti í Skagafirði. Heildarfjöldi fornleifa á jörðunum eru 232, þar af voru 82 horfnar og 38 óskráðar, flestar landamerki eða vörður. 42 % af skráðum fornleifum á þessum níu jörðum voru horfnar.

Jörð	Fjöldi fornleifa	Horfnar	Óskráð	Horfnar % (af skráðum tóftum)
Brautarholt	19	10	1	56
Elivogar	32	0	6	0
Grófargil	44	10	1	23
Halldórsstaðir	24	17	2	77
Jaðar	12	11	0	92
Páfastaðir	20	4	1	21
Stóra-Seyla	49	15	20	52
Torfgarður	18	9	6	74
Ytra-Skórðugil	14	10	1	77
Alls	232	86	38	44

Fornleifar í landi Grófargils

Í landi Grófargils var heildarfjöldi fornleifa 44, þar af var ein ekki skráð á vettvangi og 10 sem voru horfnar eða 23% af fjölda skráðra fornleifa úr heimildum. Töluvert er um minjar í landi jarðarinnar. Gamla bæjarstaðið á Grófargili var sunnan Grófargilslækjar en það nýja stendur norðan lækjar. Grunnur gömlu bæjarhúsanna er enn á sínum stað auk útihúsa sunnan lækjar en brot af túngarði og útihúsi er norðan lækjar. Nokkuð er horfið af útihúsum þar sem tún hafa verið sléttuð. Myllutóft er gegnt bænum austan Grófargilsár og um 100 metra aðfærsluskurður að henni, við enda skurðarins er tóft einhverskonar dýrheldis, réttar eða útihúsa.

Munnmæli herma að á Slageyri austan Sæmundarár hafi smalar tveir látist í bardaga og verið dysjaðir á staðnum, þar er að finna tvær dysjar og auk þess nokkrar smalakofatóftir.

Melagerði er fornt býli í landi Grófargils þar eru glöggar tóftir útihúsa og heillegur túngarður. Stekkur hefur síðar verið reistur þar sem hæst stendur innan túngarðs, hugsanlega á eldri hústóft. Sandgerði er annað fornbyli sem nefnt er í heimildum, þar er þó einungis ein fornleg tóft og allsendis óvíst hvort þarna hafi nokkurn tímann verið býli. Tvær aðrar fornar tóftir eru í landi Grófargils, stekkur og fjárhús.

Lítil hætta steðjar að tóftunum nema af almennri landnýtingu eða jarðrækt.

Fornleifar í landi Brautarholts (Litlu-Seylu)

Heildarfjöldi fornleifa í landi Brautarholts eru 19, þar af var 1 ekki skráð á vettvangi og 10 eru horfnar eða um 53% skráðum fornleifum. Lítið er því eftir af minjum í landi Brautarholts, búið er að slétta út gamla bæjarhólinn og allar fornleifar í túni eru horfnar. Fornleifar utan túns eru að mestu leyti ósnertar, þar af eru einu hústóftirnar sem eftir eru á jörðinni, beitarhús á Langholtsásnum og húsmannskofi norðan Grófargilsár. Á holti vestan bæjarins má sjá leifar þriggja flóðgarða.

Lítil hætta steðjar að tóftunum nema af almennri landnýtingu og jarðrækt.

Fornleifar í landi Stóru-Seylu

Heildarfjöldi skráðra minja í landi Stóru-Seylu eru 49. Af 29 minja sem skráðar voru upp úr heimildum voru 15 horfnar eða sem samsvarar 52%. Lítið er eftir af tóftum í túni. Á gamla bæjarhólnum má sjá óljósar menjar um gamla bæinn. Norðan gamla bæjarins er fjárhústóft og auk þess leifar túngarðs og tóftar við hann. Tóft á gamla kirkjustæðinu er sunnan við gamla bæinn en þar varð síðar þinghús og að lokum hesthús. Þar mun einnig hafa verið kirkjugarður en engin merki sjást nú lengur um hann. Á Langholtsásnum eru tóftir beitarhúsa og í Reykjaskarði eru tóftir Seylusels. Tvær réttir hafa verið á hæðinni vestan Sauðárkróksbrautar og sér enn til annarrar þeirrar.

Hjáleigan Melkot er vestur undir Sæmundará. Þar er fremur heildstætt menningarlandslag, tóftir bæjarins, fjárhúss þar norðan við auk kofatófta og leifa túngarðs.

Lítil hætta steðjar að minjunum á Stóru-Seylu nema af almennri landnýtingu eða jarðrækt. Ekki hefur verið búið á Melkoti í mörg ár og lítil hætta steðjar að minjum þar.

Fornleifar í landi Torfgarðs

Heildarfjöldi fornminja í landi Torfgarðs eru 18, þar af voru þeirra horfnar eða 74%, landamerkjavörður voru ekki skráðar. Búið er að slétta út gamla bæjarhólinn á Torfgarði með þeim húsum sem þar voru. Lítið er um sjáanlega minjar á jörðinni en

ein útihúsatóft liggur í brekkunni austan hesthússins og vestan þess eru tveir garðar en hlutverk þeirra er með öllu óþekkt.

Mörg áru eru síðan almennur búskapur var stundaður í Torfgarði en jörðin er nú í eigu hestamannafélagsins Stíganda. Lítil hætta steðjar að minjum þar nema ef væri af ágangi og beit hesta.

Um fornminjar í landi Ytra-Skörðugils

Af 14 fornminjum sem skráðar voru úr heimildum fyrir Ytra-Skörðugil eru 10 horfnar eða 77% af skráðum tóftum. Búið er að slétta út bæjarhólinn en þó sér þar í einn grjóthlaðinn vegg. Auk hans sjást í túninu leifar þrískiptra fjárhúsa, byggt hefur verið yfir önnur hús eða sléttað úr þeim. Vestan Sauðárkróksbrautar eru leifar garðs og Stekkjartóft í Grænagerði.

Fornleifar í landi Elivoga

Heildarfjöldi fornleifa í landi Elivoga eru 32 þar af voru 26 skráðar á vettvangi. Í landi Elivoga er heildstætt menningarlandslag. Þar hefur búskapur lítið eða ekkert verið stundaður með nútíma búhátum og eru þar þrjú mjög glögg bæjarstæði með túngörðum og útihúsum frá mismunandi tímum, Skálá, það elsta, er líklega frá þjóðveldistíma, með þremur tóftum og tvöföldum túngarði. Kuml var grafið upp við Ketilhóla af Kristjáni Eldjárn Þjóðminjaverði árið 1956. Hugsanlega er annað kuml á Hauskúpuholti þar sem hauskúpa og önnur mannabein hafa fundist.

Langt er síðan búskapur var hætt í Elivogum og fremur lítil hætta steðjar að tóftum þar. Þó gætu áveituskurðir og garðar í nágrenni Sæmundarár verið í hættu vegna landbrots og uppfoks gætir á hólum þar sem Kumlið er. Rétt er að geta þess að minjum getur stafað hætta af ofbeit.

Fornleifar í landi Halldórsstaða

Lítið er eftir af sjáanlegum minjum í landi Halldórsstaða. Heildarfjöldi fornminja var 24 þar af eru 2 óskráðar, 17 eru horfnar eða 77% af skráðum fornminjum. Sléttað hefur verið úr gamla bæjarhólum og öllum tóftum sem hafa verið í túninu. Stekkjartóft er á Stekkjarholti vestan þjóðveggar og flóðvarna- og áveitugarðar eru enn sjáanlegir á sléttlendinu austan Langholtsins. Nyrst á merkjum Halldórsstaða og Glaumbæjar er hóll sem nefndur er Merkjahóll, samkvæmt heimildum mun aldagamall túngarður hafa verið í kringum hólinn en ekki geta heimildir hvort þar hafi verið afbýli eða beitarhús.

Lítil hætta steðjar að tóftunum nema af almennri landnýtingu og jarðrækt.

Fornleifar í landi Jaðars

Alls voru skráðar 12 minjar úr heimildum fyrir Jaðar, þar af eru 1 þeirra horfnar eða um 92%. Jaðar er fremur landlítil jörð og hefur nánast allt tiltækt land þar verið sléttað þar á meðal gamli bæjarhólinn og nú nýlega síðasta tóftin sem eftir var í túni. Einu

minjarnar sem eftir eru á Jaðri er Djúpavað á Glaumbæjarkvísl og óljós merki um kirkjuleiðina frá Marbæli til Glaumbæjar.

Fornleifar í landi Páfastaða

Í landi Páfastaða er heildarfjöldi minja 20, þar af voru 4 horfnar eða 21% af skráðum minjum. Gamli bærinn var rifinn samhliða því sem að íbúðarhús sem nú stendur var byggt auk þess var gamla fjósið rífið en það stóð þar sem heimkeyrslan er nú. Annars eru leifar þriggja útihúsatófta í túninu kringum bæinn. Sunnan íbúðarhússins er aldargamall skruðgarður og enn sér til gömlu heimkeyrslunnar sem lá milli íbúðarhúss og skruðgarðs. Vestan Sauðárkróksbrautar eru tóftir stekkjar og réttar en á engjunum austan Langholtsins eru minjar flóðvarna- áveitugarða og engjabrúa.

Skógrækt hefur verið á Páfastöðum frá 2001, ábúendur taka þátt í verkefninu Norðurlandsskógar sem er landshlutabundið skógræktarverkefni með þann megintilgang að stuðla að skóg- og skjólbeltarækt á Norðurlandi (<http://www.nls.is/-nordurlandsskogar.htm#1>). Svæðið vestan Sauðárkróksbrautar þar sem ekki eru tún hefur verið skipulagt undir skógrækt.

Lítil hætta steðjar að tóftunum austan Skagfirðingabrautar nema af almennri landnýtingu eða jarðraski, en gæta verður vestan við að trjáplöntum sé ekki plantað of nærri þeim minjum sem þar eru.

Minjar á Langholti

Tóftir á hinu skráða svæði hafa þurft að gjalda þess að búskapur hefur verið á jörðunum allt fram á þennan dag. Fáar tóftir eru í og við heimatún og flestir gömlu bæjarhólanna hafa nú verið sléttaðir. Þær minjar sem enn eru til staðar eru því, líkt og oft vill vera, minjar utan túna s.s. stekkir, beitarhús, landamerkja- og áveitugarðar og aflagðar hjáleigur eða fornbyli.

Minjar um elstu byggð er að finna í Elivogum og Stóru Seylu. Í Elivogum er heildstætt mannvistarlandslag þar sem lesa má sögu bæjarins í gegn um aldirnar. Þar eru þrír bæjarhólar frá mismunandi tímаскеiðum en tilvist kumla í námunda bæjarins bendir til hás aldurs þrátt fyrir að skriflegar heimildir vanti um upphaf byggðar þar.

Við jarðsjárrannsóknir á Stóru-Seylu komu í ljós leifar mikils mannvirkis neðan hæðarinnar sem síðasti torfbærinn stóð. Engin merki eru um þessa tóft á yfirborði en við könnunargróft kom í ljós að þarna er um að ræða mannvistarleifar frá því fyrir gjóskugosið mikla úr Heklu 1104.

Aðrar vel varðveittar minjar fornbylis eru tóftir og garðlög svokallaðs Melagerðis í landi Grófargils. Af þeim jörðum sem skráðar voru var menningarlandslag best varðveitt á Grófargili en þar er enn að finna leifar gamla bæjarhólsins, heillegar myllutóftar auk annarra útihúsa bæði í túni og utan þess.

Niðurlag

Segja má að fornleifar á svæðinu sem skráð var séu dæmigerðar fyrir Íslenskar sveitir. Flestar eru, eins og við er að búast, hefðbundnar búsetuminjar en auk þess er um að

ræða minjar frá elstu Íslandsbyggð auk leifa bygginga og landnýtingar, allt fram á 20. öldina.

Almennt má segja að lítil hætta steðji að þeim minjum sem skráðar voru þó er rétt að taka fram að búið er á öllum jörðunum nema Torfgarði og má því alltaf ætla að hætta kunni að stafa af almennri landnýtingu og jarðrækt. Einnig stafar einhver hætta af ágangi búfænaðar, einkum hesta.

Skógrækt í landinu færir nú mjög í vöxt, ekki síst með tilkomu svokallaðra bændaskóga. Ein jarðanna sem skráð var er nú að hluta til skógræktarjörð. Hyggja þarf að því að gróðursetja ekki í eða við tóftir. Skógrækt og varðveisla fornleifa geta vel farið saman ef lega minja og minjaumhverfið er tekið inn í skipulag skógræktarjarða. *Skráning fornleifa er því mikilvægur þáttur í öllu skipulagi, hvort sem þar er um að ræða verklegar framkvæmdir eða skipulag landssvæða til ræktunar.*

Margar minjar hafa horfið við túnrækt og aðrar verklegar framkvæmdir á síðastliðnum áratugum. Sérstaklega á það við um minjar í heimatúnum jarðanna. Hins vegar ber að gæta að því að minjar geta einnig leynst undir yfirborðinu þótt þeirra sjái ekki stað ofanjarðar. Það er því mikilvægt að fara að öllu með gát þegar ráðist er í framkvæmdir sem kunna að raska fornleifum. Slíkar framkvæmdir ber að tilkynna Fornleifavernd ríkisins sem veitir ráðgjöf og sér, ef þurfa þykir, um eftirlit með framkvæmdunum. Þar sem fornleifar koma óvænt í ljós við framkvæmdir ber að stöðva framkvæmdirnar og tilkynna fundinn til Fornleifaverndar.

Minjar sem hafa sérstakt minjagildi eða eru áhugaverðar til kynningar:

Grófargil

- Fornbýlið Melagerði með tóftum og túngarði.
- Myllutóft og aðfærsluskurður.
- Bæjartóft, minjar í túni og leifar túngarðs.
- Rétt og fjárhústóft á ásnum ofan Grófargilsbæjar.
- Forn fjárhústóft ofan gamla bæjarhólsins.
- Forn útihúsartóft á Sandgerði, hugsanlegu fornþýli.
- Fjárhústóft við Grófargilslæk.
- Forn stekkjartóft á landamerkjum Grófargils, Reykjahóls og Ípishóls.

Elivogar

- Allar tóftir í landi eyðibýlisins Elivoga.

Stóra-Seyla

- Kirkjutóft
- Melkot, bæjarhóll, tóftir umhverfis hann og leifar túngarðs.
- Beitarhús á Langholtsásnum.
- Fornleifar neðan gamla bæjarstæðisins.

Brautarholt

- Beitarhús á Langholtsási.

Halldórsstaðir

- Stekkjaróft á Stekkjarholti.

Páfastaðir

- Stekkur á Stekkjarklöpp.

Ytra-Skörðugil

- Stekkur á Grænagerði.

Heimildaskrá

Heimasíða Norðurlandsskóga. <http://www.nls.is/nordurlandsskogar.htm#1>, skoðað 13. desember 2004.

Hjalti Pálsson. *Byggðasaga Skagafjarðar, II. Bindi*. Akureyri, 2001.

Íslenzkt fornbréfasafn II, 1253-1350. Kaupmannahöfn, 1893. (DI II)

Íslenzkt fornbréfasafn III, 1269-1415. Kaupmannahöfn, 1896. (DI III)

Íslenzkt fornbréfasafn VII, 1170-1505. Reykjavík 1903-1907. (DI VII)

Íslenzkt fornbréfasafn VIII. 1261-1521. Reykjavík, 1906-1913. (DI VIII)

J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi*. Kmh. 1847. (JJ)

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (9. bindi). Hið Íslenska Fræðafjelag í Kaupmannahöfn, 1930. (JÁM)

John M Steinberg, Douglas J Bolender. *The Skagafjörður Archaeological Settlement SurveN: Methodology and results of the first two years*. Framvinduskýrsla.

Skagafjörður Archaeological Settlement Survey. Surface Survey, 2002. Útgefið:

Daniels, Robert D. 2003. (SASS)

Sturlungasaga I. Sturlungaútgáfan. Reykjavík, 1946. Jón Jóhannesson, Magnús Finnbogason og Kristján Eldjárn sáu um útgáfuna. (ST)

Sturlungasaga I. Sturlungaútgáfan. Reykjavík, 1946. Jón Jóhannesson, Magnús Finnbogason og Kristján Eldjárn sáu um útgáfuna.

Sýslu og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873 II Skagafjarðarsýsla. Akureyri 1954. (SS)

Örnefnaskrá fyrir Brautarholt, Rósmundur Ingvarsson skráði. Örnefnastofnun Íslands. (Ö)

Örnefnaskrá fyrir Elivoga, Margeir Jónsson skráði. Örnefnastofnun Íslands. (ÖMJ)

Örnefnaskrá fyrir Grófargil, Kristján Eiríksson skráði (Heimildamaður Birna Jónsdóttir). Örnefnastofnun Íslands. (Ö)

Örnefnaskrá fyrir Jaðar, Rósmundur Ingvarsson skráði. Örnefnastofnun Íslands. (ÖRI)

Örnefnaskrá fyrir Páfastaði, Albert Kristjánsson skráði. Örnefnastofnun Íslands. (ÖAK)

Örnefnaskrá fyrir Páfastaði, Margeir Jónsson skráði. Örnefnastofnun Íslands. (ÖMJ)

Örnefnaskrá fyrir Stóru-Seylu, Rósmundur Ingvarsson skráði. Örnefnastofnun Íslands. (Ö)

Örnefnaskrá fyrir Torfgarð, Rósmundur Ingvarsson skráði. Örnefnastofnun Íslands. (Ö)

Örnefnaskrá fyrir Ytra-Skörðugil, Guðrún Magnúsdóttir skráði (Heimildamaður Björn Jónsson). Örnefnastofnun Íslands. (ÖGM)

Örnefnaskrá fyrir Ytra-Skörðugil, Margeir Jónsson skráði. Örnefnastofnun Íslands. (ÖMJ)

Örnefnaskrá Halldórsstaða, Kristján Eiríksson skráði (Heimildamaður Halldór Gíslason). Örnefnastofnun Íslands. (Ö)

Hnitaskrá fyrir jarðir á Langholti

ISN93

Grófargil

		A	N
1	Bústaður	477950	562858
2	Fjós	477950	562858
3	Brunnur	477976	562889
4	Leið	477976	562889
5	Hesthús	477951	563013
6	Fjánhús	477964	563013
7	Útihús	477887	562951
8	Túngarður	477873	562920
9	Fjánhús		
10	Mógröf	477948	562579
11	Varða, Litlavarða	477858	562518
13	Dys, Slageyri	475094	561952
14	Leið	478130	562887
16	Mylla	478105	562950
17	Leið	478065	562857
18	Vað	478053	562857
19	Bústaður, útihús, Melagerði	479027	562788
20	Túngarður	479052	562757
21	Bústaður, Útihús, Sandgerði	478621	563379
22	Áveita	478196	563135
26	Rétt, Beitarhús	476690	562527
27	Fjánhús	476716	562496
28	Stekkur	477419	562211
29	Garður	477910	562703
30	Fjánhús	477783	562828
31	Útihús	477886	562920
32	Útihús	477899	562920
33	Dys, Slageyri	475082	562014
34	Kofi	475743	562751
35	Stekkur	479027	562788
36	Útihús	479040	562757
37	Útihús	479040	562757
38	Áveita	479027	562788
39	Óþekkt	479040	562757
40	Útihús	479040	562757
41	Kofi	477835	562890
42	Útihús	477848	562921
43	Fjánhús	477577	562675
44	Óþekkt	477680	562829

Brautarholt

1	Bústaður	477942	563539
2	Fjós, hesthús, fjánhús	477917	563539
3	Heimreið	477827	563540
4	Hesthús	477814	563571
5	Brunnur	477955	563570
6	Útihús	478020	563694
7	Varnargarður	478161	563600
8	Áveita	478376	563257
10	Beitarhús	476911	562897
11	Mógröf	474918	562356
12	Útihús	478532	563473
13	Kartöflugarður	478545	563473
14	Torfrísta	478314	563505
15	Útihús	477970	563756
16	Garður	478339	563474
17	Matjurtagarður	477968	563570

18	Matjurtagarður	477955	563570
		A	N

Stóra-Seyla

1	Bústaður	477719	564288
2	Skemma	477720	564313
3	Brunnur	477712	564338
4	Fjánhús, Mundahús	477691	564325
5	Fjós	477739	564283
7	Fjánhús, Gíslahús	477648	564091
9	Fjánhús, Mýrarhús	477682	563993
12	Fjánhús, Kirkjuvallarhús	477794	564119
13	Fjánhús, Langhús	477791	564067
15	Fjánhús, Syðstikofi	477807	564044
16	Túngarður	477746	564371
17	Heimreið, Kerruvegur	477583	564113
19	Kirkja/þinghús/hesthús	477730	564246
21	Kirkjugarður	477749	564243
24	Mylla	477704	564303
26	Heygarður	477756	564021
31	Rétt, Seylurétt	477604	564414
32	Rétt	477824	564009
43	Bústaður	474974	563084
48	Landamerki	474983	563144
49	Landamerki	474987	563075

Torfgarður

1	Bæjarhóll	477578	564471
2	Fjós	477578	564471
3	Óskuhaugur	477578	564471
4	Brunnur	477564	564440
5	Heimreið	477488	564441
6	Fjánhús	477513	564441
7	Fjánhús	477578	564533
9	Brú	477642	564533
10	Útihús	477694	564594
17	Hesthús, Útihús	477680	564470
18	Garður	477667	564409

Ytra-Skórðugil

1	Bæjarhóll	476936	565922
2	Stekkur, Grænagerði	476062	565914
5	Brunnur	476945	565938
8	Landamerki, Garður	477518	565826
9	Útihús	565928	476939
10	Útihús	476913	565946
11	Útihús	476892	566028
12	Skemma, brunnur	476965	565911
13	Heimreið	476917	565923
14	Útihús	476768	565950

Elivogar

1	Bæjarhóll		
2	Hús	474684	566106
3	Útihús	474707	566105
4	Túngarður	474699	566143
5	Stekkur	474708	566108
6	Nátthagi	474729	566115
7	Bæjarhóll	474285	566470
8	Hús	474276	566454
9	Útihús	474285	566470
12	Bústaður, Útihús	474396	566346

13	Fjánhús	474378	566325
----	---------	--------	--------

Elivogar

		A	N
14	Útihús	474371	566358
15	Túngarður	474370	566375
16	Fjánhús	474367	566419
18	Reiðgata	474316	566096
19	Varða, kofi	474267	566196
20	Stekkur	474260	566328
25	Skurður	474182	566131
26	Áveita	474215	566169
27	Útihús	474245	566051
28	Garður	474258	566047
29	Stekkur	474627	565525
30	Kuml	474625	565508
31	Reiðgata	474502	565567

Halldórsstaðir

1	Bústaður	476937	567355
2	Fjós, hlaða	476937	567355
3	Heimreið	476942	567339
5	Brunnur	476927	567347
6	Reykhús, skemma, smiðja	476910	567307
7	Fjánhús, Neðstuhús	476892	567346
8	Hesthús, rétt, Efstuhús	476765	567306
9	Rista	477499	566664
11	Garðlag	477376	567157
12	Túngarður, Merkjahóll	476902	567902
13	Álagablettur, Merkjahóll	476902	567902
14	Leikvöllur, Jarðfallið	476804	567341
15	Kvía, Leikvöllur, Skessuhóll	476902	567252
16	Stekkur, Stekkjarholt	476755	566860
17	Útihús	474914	567914
19	Heygarður, Holtskotsheygarðar	477756	567187
20	Varnargarður	477292	567110
22	Hesthús, Miðhús	476858	567331
24	Mógröf	476450	566784

Jaðar

1	Bústaður	476817	568460
2	Fjós, fjánhús	476819	568462
3	Vegur	476816	568489
4	Brunnur	476834	568471
5	Vatnsból	476921	568632
6	Útihús	476855	568487
7	Hesthús	476783	568499
8	Ferja	477407	586616
9	Brú	477407	586616
10	Vegur, Jaðarsbrú	476977	568593
11	Vað, Djúpavað	477378	568455
12	Vegur, heimild	476726	568445

Páfastaðir

1	Bæjarhóll	476081	570678
2	Skrúðgarður	476101	570539
3	Fjánhús	476062	570487
4	Hesthús	475980	570541
5	Fjós	476077	570590
6	Vatnsból	475936	570613
7	Torfrista	476504	571083
8	Rétt, Stekkjarklöpp	475701	570575

9	Mótaka, Nautalág	475338	570074
11	Flóðvarnargarður, Stóriflóðgarður	476808	571334
12	Brú, Engjabrú	476960	511006
Páfastaðir		A	N
13	Sögustaður	475593	571000
15	Stekkur	475735	570574
17	Heimreið	475941	570541
18	Matjurtagarður	476091	570539
19	Heygarður	476494	570937
20	Útihús	476203	570542

Fornleifar í landi Grófargils
Loftmynd: Landmælingar Íslands
Kort: Bryndís Zoëga



43

44

30

29

10

40

12

4

8

42

31

32

7

6

5

18

17

39

16

14

15

Lestahvammur

22

38

21




Grófargilsrétt

100 m

Fornleifar í landi Brautarholts
Loftmynd: Landmælingar Íslands
Kort: Bryndís Zoëga

Stóra-Seyla



3

4

18

2

5

1

17

15

6

8


7

14

16

12

Laxaker



Fornleifar í landi Stóru-Seylu

Loftmynd: Landmælingar Íslands

Teikning: Guðný Zoëga



6 7 8

9

16

21

4

2 3

17/18

5 1

15

11

49

12

14

100 m



Fornleifar í landi Torfgarðs
Loftmynd: Landmælingar Íslands
Kort: Bryndís Zoëga



2

Grænagerði

Z→

Fornleifar í landi Ytra-Skörðugils
Loftmynd: Landmælingar Íslands
Kort: Bryndís Zoëga

7

14

13

10

11


1

12

5 9

150 m

Holtstjörn



7. Bæjarhóll

11. Gerði

1. Gamla bæjarstæði

160 m

Fornminjar í landi Elivoga
Loftmynd: Landmælingar Íslands
Kort; Bryndís Zoëga

Fornleifaskráning í landi Halldórsstaða
Loftmynd: Landmælingar Íslands
Kort: Bryndís Zoëga



N →

22

16

8

14

22

15

17

7

6

5

3

12

20

11

9

175 m

Fornleifar í landi Jaðars
Loflmynd: Landmællngar Íslands
Kort: Bryndís Zoëga



12

7

1

2

3

4

6

5

10

Húsbakkavegur



11

8 og 9

Glaumbæjarkvísl



9
Nautalág

13

8
15 Stekkjarklöpp

17

4

6

3

1

5

18

2

20

Stóriskurður

12

19

7

11

Fornleifar í landi Páfastaða
Loftmynd: Landmælingar Íslands
Kort: Bryndís Zoëga

225 m

Fornleifar á Langholti
Loftmynd: Landmælingar Íslands
Kort: Bryndís Zoëga

● Beitarhús frá Stóru-Seylu
146071-104 - 35

● Rétt og Beitarhús frá Grófargili
146035-89 - 26

● Beitarhús frá Brautarholti
181772-105-50 - 10

● Stekkjartóft frá Grófargili
146035-89 - 28

● Stóra-Seyla

Grófargil

Brautarholt

Rannsóknaskýrslur

Byggðasafns Skagfirðinga:

- 1 **Villinganesvirkjun** – Mat á umhverfisáhrifum. Fornleifaskráning í hluta lands Tyringsstaða, Keldulands, Stekkjarflata og Villinganess. Katrín Gunnarsdóttir september 1999.
- 2 **Hof í Hjaltadal** – Fornleifaskráning. Katrín Gunnarsdóttir apríl 2000.
- 3 **Hólar í Hjaltadal** – Fornleifaskráning. Katrín Gunnarsdóttir apríl 2000.
- 4 **Steinsstaðir í Tungusveit** – Fornleifaskráning. Katrín Gunnarsdóttir júní 2000.
- 5 **Grafarós og Hofsós** – Fornleifaskráning. Katrín Gunnarsdóttir febrúar 2001.
- 6 **Víðimelur í Skagafirði** – Fornleifaskráning. Katrín Gunnarsdóttir júní 2001.
- 7 **Reykjarhóll í Skagafirði**. Fornleifaskráning vegna fristundabyggðar. Katrín Gunnarsdóttir mars 2002.
- 8 **Fornleifaskráning vegna vegagerðar í landi Hnausa, Bjarnastaða, Músstaða og Hjallalands í Vatnsdal**. Ragnheiður Traustadóttir, Rúna Knútsdóttir Tetzschner, Sigríður Sigurðardóttir maí 2002.
- 9 **Fornleifaskráning á Hveravöllum** vegna deiliskipulags. Guðný Zoëga ágúst 2002.
- 10 **Fyrri hluti fornleifaskráningar fyrir Vestmanneyjar**. Katrín Gunnarsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir desember 2002.
- 11 **Glaumbær**. Fornleifaskráning vegna deiliskipulags fyrir umhverfi prestsbústaðar, kirkju og safns auk aðalskipulagsskýldra minja utan þess svæðis í Glaumbæ I og II. Sigríður Sigurðardóttir febrúar 2003.
- 12 **Rannsókn á torf- og grjóthleðsluleifum í Skagafirði**. Anna Björg Bjarnadóttir og Sigríður Sigurðardóttir, 2002.
- 13 **Höfði á Höfðaströnd**. Fornleifaskráning fyrir skipulagsvinnu vegna sumarbústaðar í Höfðagerðislandi og fyrir aðalskipulag. Katrín Gunnarsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir júlí 2003.
- 14 **Hátún og Mikligarður**. Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Sigríður Sigurðardóttir júlí 2003.
- 15 **Syðra-Skörðugil**. Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Sigríður Sigurðardóttir júlí 2003.
- 16 **Fornleifaskráning vegna umhverfismats snjóflóðavarna í Neskaupstað**. Guðný Zoëga júlí 2003.
- 17 **Fornleifaskráning vegna vegagerðar í landi Hvamms, Eyjófsstaða, Bakka og Hofs í Vatnsdal**. Katrín Gunnarsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir ágúst 2003.
- 18 **Kirkjugarður í Keldudal Hegranesi**. Drög að skýrslu. Guðný Zoëga, Þór Hjaltalín september 2003.
- 19 **Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Varmahlíð, Reykjarhóll með Barði, Brún og Laugarbrekku. Einnig Hof, Fagrihvoll og Reykjarhólssel í Brekkulandi**. Katrín Gunnarsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir nóvember 2003.
- 20 **Fornleifakönnun vegna vegagerðar í Reyðarfirði og Fáskrúðfirði**. Guðný Zoëga október 2003.
- 21 **Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Áshildarholt**. Sigríður Sigurðardóttir nóvember 2003.
- 22 **Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Kimbastaðir, Messuhólt og Lyngholt**. Sigríður Sigurðardóttir desember 2003.
- 23 **Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Sjávarborg, Tjarnir, Lambagerði, Skógarbakki, Grænhóll**. Sigríður Sigurðardóttir desember 2003.
- 24 **Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Borgargerði**. Sigríður Sigurðardóttir desember 2003.
- 25 **Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Brennigerði**. Sigríður Sigurðardóttir desember 2003.
- 26 **Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Gil, Tröð og Bergsstaði**. Sigríður Sigurðardóttir desember 2003.
- 27 **Fornleifaskráning vegna aðal- og deiliskipulags í Fjarðabyggð**. Guðný Zoëga, Ragnheiður Traustadóttir, Anna Rut Guðmundsdóttir og Bryndís Zoëga janúar 2004.

- 28 **Fornleifaskráning vegna aðalskipulags í Fjarðabyggð**. Svæðisskráning. Guðný Zoëga, Ragnheiður Traustadóttir janúar 2004.
- 29 **Fornleifaskráning vegna aðalskipulags Breiðdalsvíkur**. Guðný Zoëga, Bryndís Zoëga, Anna Rut Guðmundsdóttir, janúar 2004.
- 30 **Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Þingeyrum**. Guðný Zoëga, mars 2004.
- 31 **Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í Skálmarbæ**. Ragnheiður Traustadóttir, Anna Rut Guðmundsdóttir, maí 2004.
- 32 **Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í Arnarneslandi**. Ragnheiður Traustadóttir og Anna Rut Guðmundsdóttir, maí 2004.
- 33 **Greining mannabeina úr kirkjugarðinum í Keldudal, Hegranesi**. Framvinduskýrsla. Guðný Zoëga, september 2004.
- 34 **Hallormsstaður og nágrenni**. Fornleifaskráning. Guðný Zoëga, nóvember 2004.
- 35 **Hálsþorp í Djúpavogshreppi**. Fornleifaskráning. Guðný Zoëga, nóvember 2004.
- 36 **Neðri-Ás í Hjaltadal**. Fornleifaskráning vegna deiliskipulags. Bryndís Zoëga, Guðný Zoëga desember 2004.
- 37 **Vopnafjörður**. Heimildaskráning vegna væntanlegra vegaframkvæmda. Bryndís Zoëga, Guðný Zoëga desember 2004.
- 38 **Fornleifaskráning vegna aðalskipulags á Langholti Skagafirði**. Grófargil, Brautarholt, Stóra-Seyla, Torfgarður, Ytra-Skörðugil I og II, Halldórsstaðir, Jaðar og Páfastaðir. Bryndís Zoëga, Guðný Zoëga desember 2004.

Heimasíða Byggðasafns Skagfirðinga er:
www.bokur.is/glaumb/